

Halldór
skoðun 18

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
POPP
Íþróttaskór




Lærdómsríkt ferli
*Ragnhildur Anna Jónsdóttir hannar ungbarnafatnað úr lífrænni bómull.*
**allt** 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
27. október 2011
251. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Minnisvarði á Holtinu**
*Hallgrímskirkja fagnar 25 ára vígsluafmæli.*
**tímamót** 26

**Forvitnilegur efniviður**
*Ný skáldsaga Hallgríms Helgasonar er byggð á ævi barnabarns Sveins Björnssonar forseta.*
**fólk** 42



**Flottur sigur í Belfast**
*Stelpurnar okkar sóttu þrjú stig til Norður-Írlands í gær.*
**sport** 46

**veðrið í dag**




**HÆGUR VINDUR** í dag má búast við norðlægum eða breytilegum áttum, víða 2-6 m/s. Rigning í fyrstu austantil og horfur á lítilsháttar vætu í flestum landshlutum en þurrt að mestu SV-til.
**VEÐUR 4**

# Nýtanleg orka líklega virkjuð næstu fimmtán til tuttugu ár

**Forstjóri Landsvirkjunar segir síðasta framkvæmdaskeið í virkjanagerð að renna upp. Tryggja verði að arðsemisáhrif virkjana verði sem mest. Skortur á hæfu starfsfólki gæti orðið hamlandi þáttur í virkjunum.**

**VIRKJANIR** Síðasta stóra framkvæmdaskeiðið í virkjanagerð er að renna upp og því er sérstaklega mikilvægt að vel sé vandað til verka. Þetta segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sem hélt erindi á formannafundi ASÍ í gær. Hörður segir líklegt að á næstu 15 til 20 árum verði nýtt meira eða minna allt vatnsafl og jarðvarmi sem nýtanlegur sé á landinu. Margir kostir séu, í Rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúru, settir í verndarflokk.

„Það verður ekki svona stórt framkvæmdatímabil aftur. Það verður ekki hægt að fara í virkjanaframkvæmdir aftur til að knýja hagvöxt, þó að vissulega verði einhver smærri virkjanaverkefni,“ segir Hörður.

**Ekki mikil orka**

Hörður segir sérstöðu Íslendinga í orkumálum ekki felast í því að hér sé mikil orka. Fámennið sé sérstaðan. Sé stóriðja tekin út úr jöfnunni sé hægt að framleiða orku hér á landi sem dugi tíföldum íbúafjölda. Það þýði að hægt sé að sjá helmingi Dana fyrir orku.

Alls eru framleiddar 17 teravattstundir af raforku á landinu í dag. Hörður segir að samkvæmt 15 ára áætlun verði virkjaðar 11 teravattstundir í viðbót, fáist til þess tilskilin leyfi. Gæta verði þó að því að hagkerfið ofhitni ekki, en þar sem um margar smærri framkvæmdir er að ræða er auðveldara að stýra því.



HÖRÐUR ARNARSON

Væntanleg uppsöfnuð hagvaxtaráhrif af þessum framkvæmdum yrðu um 13 prósent, samkvæmt mati Landsvirkjunar. Er þar tekið til framkvæmda-, rekstrar- og arðsemisáhrifa. Áhrif framkvæmdanna eru tímabundin og Hörður bendir á að þær hafi jafnmikil neikvæð áhrif á hagkerfið þegar þeim ljúki og þær hafi jákvæð þegar þær hefjist.

Mikilvægast sé að tryggja að arðsemisáhrif séu sem mest og það sé fyrst og fremst gert í gegnum verð. Aðgengi að fjármagni muni algjörlega ráðast af viðeigandi raforkuverði. Ekkert raforkufyrirtæki muni fjármagna sig á því verði sem tíðkast hafi hér áður fyrr.

Gert er ráð fyrir að 9 til 11 þúsund störf gætu skapast af framkvæmdunum. Hörður segir hins vegar að um sérhæfð störf sé að ræða og það gæti orðið hamlandi við ráðningar. Þess vegna verði að auka starfsgetu þeirra sem séu á atvinnuleysisskrá. **- kóp**



**HLEYPT AF Í EYJUM** Þór, nýtt varðskip Íslendinga, kom í gær til Íslands frá Síle og lagði að bryggju í Vestmannaeyjum þar sem áhöfninni og hinu glæsilega fleyi var fagnað með fallsbyssuskoti. Í dag klukkan tvö er áætlað að Þór leggi að bryggju í Reykjavíkurhöfn þar sem almenningi gefst tækifæri til að stíga um borð um helgina. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Einn í haldi vegna úraráns:

## Úrin voru vel falin víða í bíl

**LÖGREGLUMÁL Búið var að fela þýfið úr vopnuðu ráni í versluninni Michelsen vandlega í bíl á breskum númerum þegar lögreglan fann það í gær. Öll 49 úrin sem stolið var eru því komin í vörslu lögreglunnar, sem og maður sem grunaður er um að hafa átt að koma þýfinu úr landi.**

**Maðurinn sem er í haldi kom hingað með Norrænu og er talið að hann hafi ætlað sömu leið til baka með úrin. Mennirnir þrír sem rændu verslunina mánudaginn 17. október komust úr landi morguninn eftir ránið. Þeir flugu til Kaupmannahafnar, en lögregla veit hverjir þeir eru og hefur verið lýst eftir þeim.**

**Talið er að mennirnir hafi komið hingað til lands í þeim tilgangi einum að fremja ránið. Þeir hafa engin tengsl við Ísland svo vitað sé, en þeir eru allir pólskir ríkisborgarar.**

**- þeb / sjá síðu 4**

Alcan fær leyfi Persónuverndar vegna tilkynningarlínu um meint brot starfsfólks:

## Uppljóstrarakerfi í Straumsvík

**PERSÓNUVERND** Alcan á Íslandi hefur fengið heimild Persónuverndar til miðlunar persónuupplýsinga vegna „tilkynningarlínu“ fyrir uppljóstranir frá starfsmönnum.

Alcan á Íslandi, sem á álverið í Straumsvík, er hluti alþjóðlegu risasamsteypunnar Rio Tinto sem rekur tilkynningarlínuna SPEAK-OUT fyrir uppljóstrara meðal starfsmanna.

„Með henni er starfsmönnum gert kleift að gera viðvart um ýmiss konar brot á lögum og reglum sem þeir treysta sér ekki til að bera upp við yfirmenn á sínum vinnustað,“ segir í umsókn til Persónuverndar.

Starfsmenn á Íslandi eiga að geta hringt og rætt við fulltrúa sérstaks fyrirtækis sem annast umsýslu uppljóstrana. Tveimur stjórnendum Rio Tinto, öðrum í Frakklandi og hinum í Kanada, er síðan ætlað að fjalla um erindin frá Íslandi.

„Í ljósi þess að ekki er unnt að tryggja tafarlausa þjónustu íslenskumælandi túlks verður einnig boðið upp á að starfsmenn á Íslandi hringi í símsvara, hlusti á hljóðupptöku með leiðbeiningum á íslensku og lesi síðan inn erindi sitt á íslensku,“ segir Alcan sem kveður tilkynningarhæf brot meðal annars varða peningaþvætti, innherjaviðskipti, mútuþægni og spillingu. **- gar**




Báru- og trapisu ál, margir litir
ÁLTAK
Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

2 frábærir smurostar
Paprikuostur
Sveppaostur
ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ STOFNAÐ 1992
með íslensku grænmeti
íslenskt grænmeti



ostahusid.is

Einádag
D-VÍTAMÍN
EIN TAFLA Á DAG : EKKERT GELATÍN



Icepharma
Íslensk framleiðsla
Fæst í apótekum um land allt

## SPURNING DAGSINS



*Fjalar, ætlarðu ekki bara að fara út í spádómgæslu?*

„Nei. Markverðir eru allt of markverðir til þess."

Fjalar Þorgeirsson knattspyrnumarkvörður fékk eitt sinn þá spá frá Þórhalli miðli að atvinnumennska lægi fyrir honum. Spádómurinn hefur ekki enn ræst, en hver veit hvað gerist næsta tímabil?

Martin Wolf, ritstjóri efnahagsmála í Financial Times, fjallar um Ísland:

# Ísland hefur gríðarleg tækifæri

**EFNAHAGSMÁL** Ísland hefur sloppið mun betur út úr alþjóðlegu efnahagskreppunni en önnur Evrópuríki sem urðu illa úti. Það getur Ísland orðið gríðarlega ríkt land haldi það rétt á sínum spilum á næstu árum og áratugum.

Þetta segir Martin Wolf, aðstoðarritstjóri breska viðskiptablaðsins Financial Times. Wolf er staddur hér á landi í tilefni af ráðstefnu íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þá lærdóma sem draga má af reynslu Íslands síðustu ár. Wolf er talinn í hópi áhrifamestu álitsgjafa heims um



MARTIN WOLF

efnahagsmál en hann mun taka þátt í ráðstefnunni í Hörpu í dag.

Wolf lét orðin falla á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, í gær þar sem hann ræddi um efnahagslega stöðu Íslands ásamt Vilhjálmi Egilssyni, framkvæmdastjóra SA, Katrínu Ólafsdóttur, lektor við HR, og Heiðari Má Guðjónssyni fjárfesti.

Wolf lagði áherslu á að Íslendingar skilgreindu styrkleika hagkerfisins og benti sérstaklega á auðlindir landsins, menntað vinnuafl og hagstætt skattaumhverfi fyrir fyrirtæki. Þá sagði hann mikilvægt að auðlindir landsins yrðu nýttar skynsamlega og þannig að auðlindaarðurinn rynni að sem stærstum hluta til Íslendinga. Loks varaði Wolf Íslendinga við því að ganga í ESB og sagði krónuna hafa reynst ágætlega, ekki síst í kjölfar bankahrunsins. Ísland myndi hafa lítil áhrif innan sambandsins og gæti misst fulla stjórn á auðlindum sínum. -mþl

Slys á Skálholtsvegi í gær:

## Slasaðist eftir harðan árekstur

**LÖGREGLUMÁL** Mjög harður árekstur varð á Skálholtsvegi skammt austan við Biskupstungnabraut um klukkan þrjú í gær. Tveir bílar skullu þá saman.

Ökumaður annars bílsins missti bílinn út í vegkant og reyndi að kippa bílnum aftur inn á veginn. Þá missti hann stjórn á honum svo hann fór yfir á öfugan vegarhelming og framan á annan bíl. Farþegi í öðrum bílnum var fluttur á heilsugæslustöðina á Selfossi. Hvorugur bíllinn var ökufær eftir áreksturinn. -jhh

Sprengingar á sólinni:

## Einstaklega sterk norðurljós

**NÁTTÚRA** Einstaklega sterk norðurljós sáust í Noregi í fyrrinótt, og voru þau bæði rauð og græn.

Margir norskir fréttamiðlar hafa greint frá norðurljósadýrðinni, og leitast við að útskýra hvers vegna þau voru jafn sterk og marglit og raun bar vitni.

Sérfræðingar segja að rauði liturinn stafi af sérstaklega miklum sólstormi og sprengingum á sólinni. Rauðleit norðurljós verða til ofar í himinhvolfinu en græn, og sjást sjaldnar með berum augum.

Þá eru norskir sérfræðingar á þeirri skoðun að næstu árin muni norðurljós verða sýnilegri en síðustu ár. Norðurljósin eiga að vera sterk næstu daga og geta Íslendingar því einnig notið þeirra ef heiðskírt verður. -þeb



**AF SÝNINGUNNI** Vík Prjónsdóttir var meðal þeirra sem tóku þátt í sýningunni.

Aðsóknarmet á tískutvíæringi:

## Nærri 5 þúsund fyrstu vikuna

**TÍSKA** Sýningin Looking Back to Find our Future á Norræna sögusafninu í Seattle hefur slegið aðsóknarmet. „Fyrstu vikuna borguðu 4.626 einstaklingar sig inn á hana og er það 200 prósenta fjölgun á heimsóknum í safnið vegna sýninga," segir Ilmur Dögg Gísladóttir hjá Norræna húsinu, en það heldur utan um norræna tískutvíæringinn í ár.

Sýningin hefur vakið athygli ytra og hlotið umfjöllun á alþjóðlegum vefsíðum helguðum listum og hönnun. - sg / sjá Allt í miðju blaðsins





**SAMRÁÐ OLÍUFÉLAGANNA** Olíufélögunum þremur var gert að greiða 1,5 milljarða króna í sekt fyrir níu ára langt verðsamráð árið 2005.

### Nær ógerlegt að fá upplýsingar

Hvorki Einar Benediktsson, forstjóri Olís, né Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís, vildu tjá sig um málið. Það vildu Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers hf., og Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, heldur ekki. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin bíða eftir endanlegum gögnum í málinu og á meðan þau séu ekki komin vilji hann ekki tjá sig um málið.

Ekki hefur náðst í Steinar Þór Guðgeirsson, lögmann hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, sem fer með umboð fyrir mál einstaklinganna, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

# Fá tæpar 4 milljónir í bætur frá olíufélögum

**Hátt í hundrað einstaklingar munu bráðlega fá greiddar bætur frá þremur olíufélögum vegna samráðs félaganna. Félögin greiða samtals tæpar 4 milljónir króna sem skiptast á milli fólks. Hlutaðeigendur verjast allra fregna af málinu.**

**SAMKEPPNISMÁL** Búið er að ganga frá samkomulagi á milli þriggja olíufélaga og hátt í hundrað einstaklinga sem lögðu fram kvartanir til Neytendasamtakanna (NS) þegar samkeppnisyfirvöld afhjúpuðu níu ára langt verðsamráð fyrirtækjanna árið 2005. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er upphæðin tæpar fjórar milljónir króna og skiptist jafnt á milli olíufélaganna Olís, Skeljungs og gamla Esso.

NS ákváðu í janúar árið 2005 að höfða mál fyrir hönd neytenda sem skiluðu inn nótum sem sönnuðu viðskipti þeirra við olíufélögin þrjú. Á þeim tíma voru ekki komin fram lög um hópmálsóknir og því hefur málið verið látið liggja í sex ár.

Hvert og eitt mál er metið stakt, en sé bótunum skipt jafnt á alla má gera ráð fyrir að hver og einn fái um 42.000 krónur. Bæturnar verða metnar eftir umfangi þeirra sannanna sem hver og einn lagði fram. Einstaklingarnir munu fá greiddar bæturnar með dráttarvöxtum sem reiknast frá því tímabili sem nóturnar segja til um.

Eina fordæmið í málinu er frá árinu 2007, þegar Ker hf., sem áður átti Esso, var dæmt til að greiða Sigurði Hreinssyni, trésmið frá Húsavík, 15 þúsund krónur í bætur með vöxtum. Málið byggði hann á bensínnótum frá árunum 1995 til 2001. Hann krafði Ker um 180 þúsund krónur vegna bensíns sem hann hafði keypt hjá Esso á því tímabili, þar sem sannað var að olíufélögin höfðu með sér samráð.

sunna@frettabladid.is

Ráðgáta í sundlaug á Dalvík:

## Skært stórt ljós í Svarfaðardal

**NÁTTÚRA „Við vitum ekki hvað þetta var, en þetta var mjög skært ljós og hvítt á litinn," hefur Vísir eftir Elínu Björk Unnarsdóttur veðurfræðingi sem ásamt öðrum gestum sundlaugarinnar í Dalvík sáu í gærkvöld óútskýrt ljós yfir Svarfaðardal.**

**Elín segir ljósið hafa enst í um fimm sekúndur og verið „eins og tannþráðabox í laginu" og hafa haldið þeirri lögun þar til það hvarf. Hún hafi séð stjörnuhröp áður en þau hafi ekki verið neitt í líkingu við þetta.** - gar



**SVANURINN KYNNTUR** Ráðherra færði nýbökuðum foreldrum umhverfisvottaðar vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umhverfisvottun fyrir börn:

## Ágætis byrjun fyrir sex vikna

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra mætti í gær á heilsugæsluna í Miðbæ í Reykjavík til að kynna norræna umhverfismerkið Svaninn fyrir nýbökuðum foreldrum sem þangað komu með börn sín í sex vikna skoðun. Ráðherrann færði foreldrunum poka með vörum vottuðum með Svansmerkinu og bæklingi um „mikilvægi þess að að velja umhverfisvottað fyrir ungabörn," eins og segir í tilkynningu frá Umhverfisstofnun sem nú gengst fyrir átakinu Ágætis byrjun til að kynna Svaninn. Ætlunin er að öll börn sem fædd eru á þessu ári og 2012 fái poka eins og þá sem ráðherrann færði skjólstæðingum Miðbæjar í gær. - gar





Íbúar á Bíldudal ósáttir vegna svimandi hárra uppgjörsreikninga:

# 120.000 króna rafmagnsreikningur

**VESTFIRÐIR** Íbúar á Bíldudal eru ósáttir vegna svimandi hárra rafmagnsreikninga sem þeim er gert að greiða um næstu mánaðamót. Jón Hákon Ágústsson, íbúi á Bíldudal, er vanur að borga um 55 þúsund krónur mánaðarlega fyrir hita og rafmagn en fékk aflestrarreikning upp á 120 þúsund krónur fyrir næstu mánaðamót.

„Síðustu fimm ár hefur þetta farið úr svona 39 þúsund krónum í 55 þúsund. Þeir virðast geta hækkað endalaust, þetta er alveg skelfilegt," segir Jón Hákon.

Védís Thoroddsen, annar íbúi á Bíldudal, borgar venjulega um 20 þúsund krónur en fékk nú aflestrarreikning upp á 67 þúsund.

„Ég geri mér grein fyrir því að það var verið að mæla og þá koma þessir miklu bakreikningar," segir hún. „En mér finnst rosalegt að maður fái svona reikninga því nógu hátt er þetta fyrir."

Sigurjón Sigurjónsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Orkubús Vestfjarða, segir ástæðuna vera árlegan aflestur á mælum. Ef íbúar hafa notað meira rafmagn en áætlað var koma bakreikningar.

„Árið 2010 var óvenju hlýtt ár, en þetta byggist á áætlun frá því ári," segir hann. „Svo kemur raunveruleg notkun árið á undan." Sigurjón bendir á að um uppgjör sé að ræða og nýverið hafi verið að lesa af hjá þeim íbúum Bíldudals sem séu með rafmagnskyndingu. „Ef það eru reikningar sem voru margfalt hærri en venjulegir mánaðarreikningar mega íbúar vissulega deila þeim niður til að minnka sjokkið," segir hann. - sv



**BÍLDUDALUR** Orkubú Vestfjarða sendir nú út bakreikninga til íbúa á Bíldudal eftir árlegan lestur af rafmagnsmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

kemi
GÚMMÍVINNSLAN

## GENGIÐ 26.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,88 | 114,42 |
| Sterlingspund | 182,12 | 183 |
| Evra | 158,57 | 159,45 |
| Dönsk króna | 21,297 | 21,421 |
| Norsk króna | 20,616 | 20,738 |
| Sænsk króna | 17,426 | 17,528 |
| Japanskt jen | 1,4987 | 1,5075 |
| SDR | 180,51 | 181,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,7106

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sparifélagið reynir að losna undan leigusamningi á Iðuhúsinu:

# Iðuhúsið auglýst til útleigu á ný

**VIÐSKIPTI** Iðuhúsið við Lækjargötu í Reykjavík var auglýst til útleigu á mánudag. Sparifélagið, sem hyggst hefja rekstur hins svokallaða Sparibanka á næsta ári, hefur húsið á leigu en reynir nú að losna undan samningnum.

„Sparifélagið leigði húsið af okkur frá 1. september. Þeim samningi hefur ekki verið sagt upp og það eru auðvitað bara ákvæði í þeim leigusamningi sem segja til um hvernig með þau mál skuli farið,“ segir Georg Auðunsson, forstjóri Reita sem eiga Iðuhúsið, og bætir við: „Við höfum hins vegar fallist á að kanna möguleikann á því, í ljósi stöðu Sparifélagsins, að hjálpa þeim við að finna nýjan leigutaka að húsinu sem mundi þá ganga inn í eða taka yfir leigusamninginn.“

Sparifélagið hefur átt í vandræðum með að ljúka fjármögnun nýja bankans og sagði Ingólfur H. Ingólfsson, stjórnarformaður félagsins, í samtali við Markaðinn í gær að félagið þorði ekki öðru en að gefa eftir húsið. Ýmis starfsemi fer nú fram í Iðuhúsinu og má þar nefna bókabúð og veitingastaði. Að sögn Guðjóns eru þeir aðilar framleigutakar Sparifélagsins.

Guðjón segir leigusamning Sparifélagsins vera til nokkurra ára en innihaldi ákvæði sem geri félaginu kleift að losna undan samningnum á næsta ári fái bankinn ekki viðskiptabankaleyfi. Þá segir hann viðbrögðin við auglýsingunni á mánudag hafa verið þannig að hann væri bjartsýnn á að þetta mál leystist. **- mþl**



**IÐUHÚSIÐ** Sparifélagið tók húsið nýverið á leigu og framleigir það til þeirrar starfsemi sem nú er í því.

Skopmyndamálið lifir enn:

## Axarárás fer fyrir hæstarétt

**DANMÖRK Mál mannsins sem réðst inn á heimili skopteiknarans Kurt Westergaard á nýársdag í fyrra fer fyrir hæstarétt eftir úrskurð áfrýjunarnefndar í gær.**

**Muhudiin Mohamed Geele hefur þegar verið fundinn sekur um hryðjuverk og morðtilraun í neðri dómsstigum og var dæmdur í tíu ára fangelsi í sumar.**

**Hann vill hins vegar ekki meina að um hryðjuverk hafi verið að ræða þar sem ætlunin með því að brjótast inn vopnaður öxi hafi verið að hræða Westergaard, sem vakti mikla úlfúð með skopteikningum sínum af spámanninum Múhameð. - þj**

Bæjarstjórn Kópavogs:

## Harmar umtal um bæjarritara

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Kópavogs kveðst harma umræðu í kjölfar ráðningar Páls Magnússonar bæjarritara í starf forstjóra Bankasýslu ríkisins.



PÁLL MAGNÚSSON

Eins og kunnugt er sagði stjórn Bankasýslunnar af sér í kjölfar gagnrýni á ráðninguna. Páll sjálfur afþakkaði síðan stöðuna og óskaði eftir því að draga uppsögn sína sem bæjarritari í Kópavogi til baka.

Einróma bæjarráð sem varð við ósk Páls segir persónu hans og störf hafa verið dregin fram og snúið á versta veg. „Bæjarstjórn ber traust til starfsmanns sín og veit að hann mun starfa fyrir bæjarfélagið af heilindum hér eftir sem hingað til.“ **- gar**





**VIRÐI ÚRANNA 50 TIL 70 MILLJÓNIR KRÓNA** Hörður Jóhannesson og Jón H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjórar greindu frá því á blaðamannafundi í gær að maður hefði verið handtekinn og úrin fundist í bíl sem hann hafði flutt hingað með Norrænu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bíll á breskum númerum tilbúinn til smygls á úrum

**Búið var að fela 49 dýr úr, sem stolið var í vopnuðu ráni í síðustu viku, víðs vegar í bíl sem flytja átti þýfið úr landi. Lögregla fann þýfið og handtók einn mann í gær, en ræningjarnir þrír komust úr landi.**

**LÖGREGLUMÁL** Allt þýfið úr vopnuðu ráni í Michelsen úrsmiðum 17. október síðastliðinn fannst í bíl á breskum númeraplötum í gær. Búið var að búa bílinn undir að smygla þýfinu úr landi, en það var vel falið víðs vegar um bílinn. 49 úrum var stolið og er virði þeirra talið á bilinu 50 til 70 milljónir króna.

Fjórir pólskir menn eru taldir hafa komið gagngert hingað til lands til að fremja ránið. Einn mannanna var handtekinn á gistiheimili í borginni á sama tíma og bíllinn var tekinn í gær. Hinir þrír mennirnir fóru úr landi með flugi að morgni þriðjudagsins 18., innan við sólarhring eftir að þeir frömdu ránið. Þeir komu sömu leið um það bil viku fyrir ránið. Maðurinn sem var handtekinn í gær tók ekki beinan þátt í ráninu en hafði það hlutverk að koma þýfinu úr landi. Hann kom hingað til lands með Norrænu einum til tveimur dögum seinna en hinir mennirnir og virðist hafa ætlað með þýfið úr landi sömu leið.

### Reiðir milljónina glaður af hendi

Frank Michelsen úrsmiður var afskaplega ánægður þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Ég er afskaplega sæll og glaður. Það er þvílíkt vel að þessu staðið og þetta eru fagmenn fram í fingurgóma, íslenska lögreglan.“ Frank er staddur í Sviss að ræða við fulltrúa Rolex. Hann hafði lofað hverjum þeim sem gæti veitt upplýsingar sem leiddu til þess að ránið yrði upplýst einni milljón króna í verðlaun. „Þegar ég fæ að vita meira um rannsóknina og ef einhver hefur haft þau áhrif að þetta komst upp, þá mun ég glaður reiða þessa milljón af hendi.“

Mennirnir notuðu því fjóra bíla til verksins, þrjá sem var stolið hér á landi og svo þann á bresku númerunum. Bíll á breskum númerum var valinn til þess að hylja slóð mannanna.

Allir eru mennirnir pólskir og á fertugsaldri. Lögregla upplýsti á blaðamannafundi í gær að rökstuddur grunur hefði verið kominn upp um hverjir hefðu verið að verki innan við tveimur sólarhringum frá ráninu. Ræningjarnir þrír sem komust úr landi eru nú eftirlýstir um Evrópu, en þeir flugu héðan til Kaupmannahafnar. Náist þeir verður farið fram á að þeir verði framseldir hingað til lands. Lögreglunni er ekki kunnugt um að mennirnir hafi nokkur tengsl við Ísland né hafi nokkurn tímann komið hingað áður. Verið er að kanna hvort mennirnir séu á sakaskrá eða hafi verið viðriðnir svipuð rán í öðrum löndum.

Lögregla lýsti í síðustu viku eftir manni sem sást á öryggismyndavélum fyrir utan verslunina. Sá maður var einn þeirra sem fóru úr landi, en ábendingar sem bárust lögreglu um hann skiptu ekki sköpum. Það mun hafa vakið athygli lögreglu að fólk skyldi ekki þekkja manninn, og þótti það til vitnis um að hann hefði ekki dvalið hér lengi.

Greint var frá því á blaðamannafundi lögreglu að krafist yrði gæsluvarðhalds yfir manninum sem er í haldi, en það hafði ekki verið gert í gærkvöldi.

**thorunn@frettabladid.is**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**FREMUR MILT**
Í dag og næstu daga verður heldur þungbúið á landinu en fremur milt í veðri og vindur yfirleitt hægur. Að mestu norðlægar áttir og því úrkomulítið S-til en él eða súld norðanlands. Á laugardaginn hvessir á Vestfjörðum og Snæfellsnesi.



**Á MORGUN**
3-8 m/s, hvessir um kvöldið.

**LAUGARDAGUR**
Stíf NA-átt V-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 13° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 13° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 10° |
| París | 15° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# SUZUKI

SUZUKI Way of Life!

# Skynsamlegur kostur

## NÝR SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús. Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km




## SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**

**Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél**

Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km

FULL FRAME 4x4







## SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur




**Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki**

**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**

2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**

Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.

**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.




FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**

Verð frá kr. 3.250 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, Okt 2011

**KJÖRKASSINN**



*Var rétt af Páli Magnússyni að þiggja ekki stöðu forstjóra Bankasýslunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 81,1% |
| Nei | 18,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er þörf á nýju félagi í áætlunarflugi til og frá Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Lögregla handtók móður, dóttur hennar og tengdason vegna rannsóknar á stórþjófnaðarmáli:

# Milljónaverðmæti í þýfi fannst hjá mæðgum

**LÖGREGLUMÁL** Tvær konur voru úrskurðaðar í vikulangt gæsluvarðhald í gær á grundvelli rannsóknarhagsmuna og karlmaður sætir nú yfirheyrslum hjá lögreglu eftir að konurnar höfðu orðið uppvísar að þjófnuðum úr verslunum.

Í gær var ekki fullljóst hve miklu þær höfðu stolið en þótti þó nokkuð ljóst að verðmætið næmi tíu til tuttugu milljónum króna.

Það var í fyrradag sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fólkið. Um er að ræða konu, dóttur hennar og kærasta dótturinnar. Konurnar voru að hnupla vörum úr verslun í Smáralind og var lögreglu gert viðvart.

Grunur vaknaði um að þar með væri ekki öll sagan sögð, svo að lögregla fór í húsleitir í íbúðum mæðgnanna í kjölfarið.

Þar reyndist þá vera óhemjumagn af varningi, yfirleitt dýrum merkjavörum, sem margar hverjar voru enn með verðmiðum á. Mest bar á fatnaði, en einnig var umtalsvert magn af skóm, veskjum og öðrum fylgihlutum, auk snyrtivara, sem komið hafði verið fyrir í skápnum og geymslum. Að auki haldlagði lögreglan nokkur hundruð þúsund krónur í húsleitunum. Móðirin er rúmlega fertug en dóttirin innan við tvítugt.

Rannsókn lögreglunnar snýr meðal annars að því hvort fólkið hafi komið einhverju af þýfinu í verð og þá með hvaða hætti. - jss



**ÞÝFIÐ** Hluti af þýfinu sem lögregla fann við húsleit heima hjá mæðgunum.




RICOH

**Aficio MP C300 með skáp.**
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.

**Sértilboð** Takmarkað magn
**kr. 499.900.- með vsk.**
eða
borgaðu pr. eintak: Svart 4 kr og litur 12 kr
m.v. 4.000 eintök í 60 mánuði (75% svart / 25% litur)

STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
www.optima.is

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar


# Íhugar meiðyrðamál vegna lögbannskröfu

**Lögmaður Matthíasar Imsland segir lögbannskröfu Iceland Express á hendur honum fráleita og innihalda róg og tilhæfulausar ásakanir. Markmið hennar sé að sverta mannorð Matthíasar. Sýslumaður tekur kröfuna fyrir á næstu dögum.**

**VIÐSKIPTI** Matthías Imsland hyggst skoða gaumgæfilega hvort ástæða sé til að höfða meiðyrðamál á hendur Iceland Express og Pálma Haraldssyni „vegna rógs og tilhæfulausra ásakana“ sem hann segir koma fram í lögbannskröfu Iceland Express á hendur honum. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá lögmanni Matthíasar.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Iceland Express hefði krafist lögbanns á að Matthías nýtti sér trúnaðarupplýsingar sem hann hefði öðlast í starfi sínu sem forstjóri Iceland Express til að vinna að stofnun nýs félags í flugrekstri.

Hann hefði með þessu brotið gegn ákvæði í ráðningarsamningi um að hann mætti ekki stofna til samkeppni við félagið í tvö ár frá lokum uppsagnarfrests.

Þá er honum í lögbannskröfunni borið á brýn að hafa „fegrað“ uppgjör Iceland Express á þessu ári til að sýna betri afkomu en raunin var og stjórn félagsins hafi því verið nauðugur einn kostur að segja honum upp störfum.

Enn fremur er þess krafist að Matthíasi verði gert að skila síma og tölvu í eigu Iceland Express.

Í yfirlýsingu Jóhannesar Árnasonar, lögmanns Matthíasar, segir að lögbannskrafan eigi sér enga stoð í lögum eða skriflegum samningum. „Ráðningarsamningur Matthíasar Imsland, og ákvæði um takmarkanir á atvinnufrelsi hans, féllu úr gildi um leið og Pálmi kaus að segja honum upp,“ segir í yfirlýsingunni.

„Öllum má jafnframt vera ljóst hvert sé raunverulegt markmið þessarar dæmalausu kröfugerðar – það er að sverta skjólstæðing minn og gera tilraun til að kasta rýrð á störf hans á nýjum vettvangi,“ segir Jóhannes.

Í yfirlýsingunni eru starfslok eftirmanns Matthíasar hjá Iceland Express, Birgis Jónssonar, rifjuð upp. Hann hætti eftir fáa daga í starfi og ágreining við Pálma. „Mátti hann í kjölfarið þola atlögu í fjölmiðlum þar sem dylgjað var um störf hans. Nú er það skjólstæðingur minn sem er skotmarkið.“

Matthías er staddur erlendis en er væntanlegur til landsins í dag. Búast má við að sýslumaður taki ákvörðun í málinu á allra næstu dögum. stigur@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR VIÐ PÁLMA** Matthías Imsland segist vera nýtt skotmark Pálma Haraldssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hefur flug til Evrópu í vor

Flugfélagið sem Matthías á hlut í er að stofni til í eigu fjárfestisins Skúla Mogensen í gegnum félagið Títan. Í fréttatilkynningu frá Títan segir að félagið hafi um hríð skoðað kosti þess að hefja flugrekstur til og frá Íslandi. Verið sé að klára samninga við stóran kanadískan flugrekanda um langtímaleigu á Boeing-þotum og hyggist það hefja flug til Evrópu í vor. Höfuðstöðvar þess verði á Íslandi.

Auk Títans og Matthíasar er Baldur Baldursson hluthafi í félaginu og jafnframt framkvæmdastjóri þess. Stjórn þess skipa Skúli, Baldur, Davíð Másson, forstjóri Avian Aircraft Trading, og Björn Ingi Knútsson, fyrrverandi forstjóri Keflavíkurflugvallar.



**SKÚLI MOGENSEN**




KIRSUBERJATRÉÐ
Vesturgötu 4 101 Reykjavík sími 5628990


## Álitamál hvort skoða má símreikning

Fram kemur í lögbannskröfu Iceland Express að starfsmenn félagsins hafi komist á snoðir um fyrirætlanir Matthíasar með því að skoða yfirlit yfir notkun hans á farsíma sem hann fékk að taka með sér frá félaginu en það greiddi fyrir út sex mánaða uppsagnarfrestinn. Þar hafi komið í ljós að hann hafi átt í samskiptum við viðskiptavini og starfsmenn Iceland Express eftir starfslok sín og reynt að lokka þá til liðs við nýtt flugfélag.

Í fjarskiptalögum eru ákvæði um sundurliðaða símreikninga og þar segir að áskrifandi að fjarskiptaþjónustu eigi rétt á að skoða slíkan sundurliðaðan reikning. Björn Geirsson, forstöðumaður lögfræðideildar Póst- og fjarskiptastofnunar, segir hins vegar álitamál hvernig skuli túlka þetta ákvæði.

„Greinarmunurinn á áskrifanda og notanda í þessu sambandi er ekki skýr í fjarskiptalögum. Það má hugsanlega leiða út frá ákvæðum persónuverndarlaga að persónuvernd einstaklingsins eigi ekki að miðast við hvort hann er greiðandi að reikningnum eða ekki. Þarna er um persónulega notkun að ræða, nema það hafi verið einhverjir sérstakir skilmálar um að símtækið yrði bara notað í starfstengd símtöl. En þetta eru bara almennar vangaveltur og við tökum enga afstöðu til svona máls nema það komi inn á okkar borð sem kvörtun,“ segir Björn.



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON**

Sigurður G. Guðjónsson, lögfræðingur Iceland Express, segir fráleitt að það standist ekki lög og reglur að skoða sundurliðaðan símreikning sem Iceland Express greiði fyrir. Slíkt tíðkist þó ekki hjá félaginu. „En allt í einu koma starfsmenn til okkar og segja: Matthías er stöðugt að hringja í okkur og bjóða okkur störf. Svo er verið að tala við erlenda birgja og þá segja þeir: Matthías er alltaf að hringja í okkur og bjóða okkur eitthvað nýtt. Auðvitað vilja menn þá ganga úr skugga um að það sé rétt og þá blasir það bara við.“


**Ísland í ESB - hver eru tækifærin?**



**Gísli Hjálmtýsson** fjárfestir og fyrrverandi deildarstjóri tölvunarfræðideildar hjá Háskólanum í Reykjavík ætlar að fjalla um tækifærin sem felast í aðild að ESB.

**Opinn fundur í Skipholti 50a, fimmtudaginn 27. október kl. 12.00.**

**Umfjöllunarefni fundarins:** Hvar stöndum við eftir hrunið, hvernig skilgreinir þróun hagvaxtar og vinnumarkaðar á Íslandi framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og hvernig skapar aðild að Evrópusambandinu aukin tækifæri fyrir Íslendinga?

**Allir velkomnir**

Nánari upplýsingar á **www.jaisland.is**

Já! ÍSLAND




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 27. OKTÓBER – 2. NÓVEMBER

**NÝTT: Re-PLASTY LASERIST dropar**

**Allt fyrir augun er kaupaukinn þinn***
**þegar þú kaupir 2 HR vörur:**

~ Prodigy Powercell augnkrem 3 ml

~ HR augnblýantur svartur með gullkornum

~ HR augnskuggabursti

~ ALL MASCARAS augnfarðahreinsir 50 ml

~ Sexy Blacks maskarinn ferðastærð

~ HR farði eftir húðgerð 15 ml

**Verðmæti kaupaukans**
**allt að 16.560 kr.**

**Vertu velkomin**




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum, deodorant eða blýöntum. Einn kaupauki á viðskiptavin

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað heitir eigandi hins nýja fyrirtækis Iceland Jet ehf.?*
**2.** *Hvar á landinu voru samtök áhugamanna um hreindýr nýlega stofnuð?*
**3.** *Hvaða fyrirtæki á og rekur Kristján Berg?*

**SVÖR:**
1. Skúli Mogensen. 2. Á Vestfjörðum. 3. Fiskikóngurinn.

Frumgerð trolls, þar sem laserljós kemur í stað nets, er tilbúið til reynsluveiða:

# Veiðar með ljósvörpu að hefjast

**NÝSKÖPUN** Frumgerð togvörpu þar sem laserljós kemur í stað áþreifanlegs garns er tilbúin. Tilraunaveiðar hefjast áður en langt um líður og lofi þær góðu verður athugað hvort hægt verði að fara í framleiðslu, eða hvort frekari tilraunaveiðar séu nauðsynlegar.

Um þróunarverkefni í samstarfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Gunnvarar og Fjarðarnets er að ræða. Ljósvarpan vann Svifölduna – verðlaun fyrir bestu framúrstefnuhugmyndina – á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 sem lauk nýlega.

Hugmyndin felur í sér gagngera endurhugsun á togveiðum. Í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi sem sér um smölunina. Hugmyndin byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðarfærum og telja aðstandendur að þróun í þessa átt muni stuðla að umhverfisvænum veiðum og lágmarka röskun á sjávarbotni.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 var það samdóma álit manna að hugmyndin væri ekki bara framúrstefnuleg heldur væri hún líkleg til árangurs. - shá



**Á TROLLI** Grunnhugmynd ljósvörpunnar er að gera togveiðar umhverfisvænni.

Sænskur þingmaður:

# Sjálfræðissviptur í meðferð

**SVÍÞJÓÐ Sænski þingmaðurinn William Petzäll, 23 ára, hefur verið sviptur sjálfræði vegna lyfjamisnotkunar. Hann var fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús fyrir rúmri viku, illa haldinn af neyslu valíums og meþadons. Ættingjar hans töldu að ella myndi hann halda áfram neyslunni. Petzäll, sem var kjörinn á þing fyrir flokk Svíþjóðardemókrata en er nú óháður, hafði lýst því yfir að hann væri meðvitaður um misnotkun sína og að hann ætlaði að ná stjórn á henni. Hann hefur áður farið í meðferð.** - ibs

Lögregla fann fíkniefni:

# Efni og pokar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi fann kannabisefni og leifar af hvítum efnum við húsleit í vikunni.

Lögregla lagði hald á fíkniefnin ásamt vog, umbúðum og peningaseðlum.

Rannsókn miðast að því hvort í þessu tilviki hafi farið fram sala á fíkniefnum eða hvort einungis hafi verið um eigin neyslu að ræða eins og húsráðandi hefur haldið fram. - jss

**DÓMSMÁL**

### Kýldi lögreglumann

Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir að ráðast á lögreglumann sem var að færa hann inn á lögreglustöð.

### Áfram í gæsluvarðhaldi

Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir tveimur pólskum mönnum sem grunaðir eru um að hafa nauðgað konu í bíl fyrr í þessum mánuði. Þeir skulu sitja inni til 18. nóvember vegna almannahagsmuna.

# Bönkum gert að tryggja sig betur

**Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna sátu stíft á fundum í gær við að finna leiðir til að létta skuldum af Grikkjum, styrkja bankana og stækka neyðarsjóð evruríkjanna. Berlusconi tókst á síðustu stundu að forða falli stjórnar sinnar.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** „Heimurinn fylgist með Þýskalandi og Evrópu,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari á þýska þinginu í gær, áður en hún hélt til Brussel þar sem hún reyndi ásamt hinum leiðtogum Evrópusambandsríkjanna að finna lausnir á skuldakreppunni.

Framan af degi var beðið kosningar á þýska þinginu, þar sem líkleg niðurstaða leiðtogafundarins var fyrir fram borin undir atkvæði þýskra þingmanna, og samþykkt með miklum meirihluta.

Spenna ríkti einnig á Ítalíu, þar sem Silvio Berlusconi tókst á síðustu stundu að forða falli stjórnar sinnar með því að semja við Norðurbandalagið, einn þriggja flokka samsteypustjórnar hans, um að eftirlaunaaldur yrði smátt og smátt hækkaður úr 65 árum í 67 ár fram til ársins 2025.

Óljósar fréttir bárust af því að Berlusconi hefði lofað Norðurbandalaginu í staðinn að segja af sér í byrjun næsta árs.

Um leið tryggði Berlusconi að leiðtogafundurinn í Brussel gæti gengið út frá því að Ítalía stæði við að minnsta kosti eitthvað af þeim sparnaðaráformum sem nauðsynleg þykja til að koma ríkisrekstri Ítalíu smám saman í betra horf.

Leiðtogafundirnir í Brussel voru reyndar tveir í gær. Fyrst hittust leiðtogar allra ESB-ríkjanna, samtals 27, en síðar um kvöldið settust sautján þeirra aftur að fundarhöldum, nefnilega leiðtogar evruríkjanna sautján.

Á fyrri fundinum voru afgreiddar þær kröfur sem Evrópusambandið hyggst gera til banka og fjármálafyrirtækja. Bankarnir eiga fyrir mitt næsta ár að hafa hækkað eiginfjárhlutfall sitt upp í níu prósent.

Þetta fé, sem talið er þurfa að vera yfir hundrað milljarðar evra, eiga bankarnir að útvega sér sjálfir og verða að halda aftur af sér með greiðslu kaupauka eða arðs þangað til sú fjármögnun hefur tekist. Dugi það ekki til mega þeir leita á náðir ríkissjóðs, hver í sínu landi, en einungis ef allt um þrýtur geta þeir leitað til neyðarsjóðs Evrópusambandsins.

Á leiðtogafundi evruríkjanna, sem hófst strax að hinum loknum, var síðan rætt um að fá bankana til þess að fella niður meira af skuldum Grikklands og annarra evruríkja en þau 21 prósent, eða 37 milljarða evra, sem þeir samþykktu að fella niður síðasta sumar.

Loks var rætt um að styrkja mjög neyðarsjóð Evrópusambandsins, sem áður hafði verið stækkaður úr 250 milljörðum evra í 440 milljarða.

Þær málamiðlanir sem voru að fæðast í gærkvöld voru þó strax gagnrýndar, eins og reyndar var búist við fyrir fram, fyrir að vera hvorki nógu afgerandi né ótvíræðar. gudsteinn@frettabladid.is



**ENN EINN NEYÐARFUNDURINN** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta var greinilega mikið niðri fyrir þegar hann ræddi við José Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar. NORDICPHOTOS/AFP


## Mannréttindi í þrengingum.
## Málstofa 28. október 2011.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur, í samvinnu við Háskólann á Akureyri, gefið út bókina Mannréttindi í þrengingum. Af því tilefni hyggst Mannréttindaskrifstofan halda málstofu þann 28. október nk.

Á málstofunni verða flutt erindi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi í efnahagsþrengingum út frá þverfaglegu sjónarhorni. Erindin flytja höfundar bókarinnar Rachael Lorna Johnstone, dósent við lagadeild Háskólans á Akureyri, og Aðalheiður Ámundadóttir, meistaranemi í lögfræði við HA og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Málstofan verður í fyrirlestrarsal CenterHotel Plaza við Ingólfstorg í Reykjavík frá 14 - 16. Boðið verður upp á léttar veitingar í kaffihléi.

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



## Framtíðin er skýr



**...stækkunarlampar,** útiljós, breytiklær, flúrljós, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, fjöltengi, framlengingarsnúrur, símavörur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is


Sjúkrahúsið á Akureyri þarf að skera niður um 169 milljónir á komandi ári:

# Fækkað um allt að 25 störfum

**HEILBRIGÐISMÁL** Störfum við Sjúkrahúsið á Akureyri mun fækka um 20 til 25 á komandi ári sökum niðurskurðar.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er gerð 69 milljóna króna niðurskurðarkrafa, eða um 1,7 prósent, og við þá tölu bætist sá halli sem er á rekstri ársins 2011, sem stefnir í 100 milljónir. Kemur þetta fram í tilkynningu frá Þorvaldi Ingvarssyni, forstjóra sjúkrahússins. Því þarf að skera niður um 169 milljónir á næsta ári.

Gera má ráð fyrir að niðurskurðurinn hafi áhrif á starfshagi 30 til 40 starfsmanna, en reynt verður eins og unnt er að nýta starfsmannaveltu við breytingarnar.

Kapp verður lagt á að bráðaþjónusta sé tryggð en búast má við því að bið eftir annarri þjónustu lengist. Aðgerðirnar verða útfærðar nánar á næstu vikum og verður starfsemisáætlun sjúkrahússins fyrir árið 2012 endanlega kynnt í desember. - sv

### Helstu aðgerðir í niðurskurði FSA

- Samdráttur í skurðstarfsemi
- Fækkun rýma á hand- og bæklunarlækningadeild
- Endurhæfingardeild verði breytt í 5 daga deild
- Barnadeild verði breytt í 5 daga deild yfir sumartímann
- Breytingar á vinnufyrirkomulagi og mönnun stoðdeilda svo sem á rannsókn og myndgreiningu
- Dregið úr trúarlegri þjónustu
- Breytingar á rekstri bókasafns
- Dregið úr lyfjakostnaði og hagrætt í innkaupum og aðkeyptri þjónustu
- Endurskoðun á starfsemi augn-, HNE- og barna- og unglingageðdeilda
- Fækkun starfsmanna á skrifstofu og í eldhúsi
- Breytingar á stjórnskipulagi

*Aðgerðirnar spara um 700 milljónir í rekstrarkostnað á næstu 4 árum.*



**SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI** Gert er ráð fyrir að niðurskurður næsta árs hafi áhrif á 30 til 40 störf.



Opið 11-21
Bláa
bomban
VERÐSPRENGJA!
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI





Dauður arnarungi datt líklega úr hreiðri sínu:

# Arnarhræ fannst í fjöru

**NÁTTÚRA** Arnarhræ fannst á dögunum í fjörunni í Krossavík við Hellissand á Snæfellsnesi.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, segir í samtali við Skessuhorn að hræið sé af unga úr hreiðri við innanverðan Breiðafjörð. Unginn hafi sennilega dottið úr hreiðri sínu í sjóinn og rekið upp í fjöruna þar sem hræið fannst.

Róbert segir íslenska arnarstofninn í góðu jafnvægi. Arnarhreiður séu færri en undanfarið en ungar fleiri í hverju hreiðri. - sv



**ARNARHRÆ Á HELLISSANDI** Ekkert bendir til þess að örninn hafi drepist með óeðlilegum hætti segir forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.



**FORSETINN** Gylfi Arnbjörnsson sagði líkur á að kaupmáttarforsendur kjarasamninga myndu standa, en reyna myndi á gengis- og verðlagsforsendur. Endurskoðun kjarasamninga fer fram í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bein tenging krónu og evru verði skoðuð

**ASÍ vill milliliðalausar viðræður við forystumenn Evrópuríkja um beintengingu krónu við evru. Stöðugleiki í efnahagsmálum lykilatriði atvinnuuppbyggingar.**

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir stefnu í peninga- og verðlagsmálum vera lykilatriði í uppbyggingu atvinnulífs og endurheimt fyrri lífskjara. Hann vill skoða hvort fara eigi í milliliðalausar viðræður við forystumenn helstu ríkja Evrópu um styrkingu gjaldmiðilsins, jafnvel að tengja krónuna beint við evru.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Skoða þarf hvort stuðningur fæst frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og norrænu ríkjunum við slíka tengingu. „Þannig gæti almenningur og fyrirtæki fyrr notið þeirra vaxtalækkana og stöðugleika sem við þurfum á að halda,“ segir Gylfi.

Gylfi hélt ræðu á formannafundi ASÍ í gær. Þar sagði hann ýmislegt hafa áunnist eftir hrun. Tekist hefði að verja kaupmátt þeirra tekjulægstu og með kjarasamningum í vor hefði uppbygging kaupmáttar almennra launamanna hafist. Mikilvægar réttarbætur hefðu náðst fyrir fólk í miklum greiðsluerfiðleikum og tekist hefði að verja viðkvæmustu hluta heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfisins, þótt óhjákvæmilegur niðurskurður hefði komið við alla landsmenn. Þá hefði, öfugt við þróun í öðrum löndum, tekist að lengja réttinn til atvinnuleysisbóta tímabundið í fjögur ár.

> Það sem ekki hefur tekist á þessari vegferð er að koma gangverki atvinnulífsins í gang, að skapa störf og auka tekjur okkar félagsmanna.
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON** FORSETI ASÍ

„Það sem ekki hefur tekist á þessari vegferð er að koma gangverki atvinnulífsins í gang, að skapa störf og auka tekjur okkar félagsmanna.“

Gylfi sagði allar líkur á því að kaupmáttarákvæði kjarasamninga næðust, en reyna myndi á gengis- og verðlagsforsendur.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hélt erindi á fundinum. Hún sagði fjölmargt hafa áunnist frá hruni og þar bæri hæst viðsnúning á ríkisfjármálum. Árið 2008 hefði verið 222 milljarða króna halli á ríkissjóði en á næsta ári yrði 40 milljarða króna afgangur. Þetta væri viðsnúningur upp á 260 milljarða sem hefði að mestu, eða 54 prósentum, náðst með samdrætti í útgjöldum.

Forsætisráðherra sagði risavaxin verkefni blasa við. Stærsta umbótaverkefnið fram undan væri umsókn að Evrópusambandinu. Þá væri mikilvægt að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og tryggja það að þjóðin nyti arðs af auðlindum sínum.

kolbeinn@frettabladid.is







Einróma bæjarstjórn:

## Ríkið borgi göng í Kópavogi

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórn Kópavogs skorar á þingmenn Suðvesturkjördæmis og innanríkisráðherra að setja göng sem þegar hafa verið byggð undir Reykjanesbraut inn á vegaáætlun 2012. Þá geti Vegagerðin greitt skuld við Kópavogsbæ frá árunum 2007 og 2008.

„Ef það verður ekki gert þá samþykkir bæjarstjórn Kópavogs jafnframt að vísa málinu til umboðsmanns Alþingis,“ segir einróma bæjarstjórn í Kópavogi. Umrædd göng tengja saman Digranesveg og Lindaveg. - gar

Húsgagnasalar segja fullyrðingar Arion banka um Pennann í besta falli villandi:

# Íhuga að kæra vegna Pennans

**SAMKEPPNISMÁL** Svokallaður „aðgerðarhópur húsgagnasala“ segir fullyrðingar Arion banka um að bankinn hafi aðeins lagt nýja Pennanum til 100 milljónir króna og að rekstur og afkoma fyrirtækisins sé í lagi ekki standast skoðun. Ársreikningar Pennans árin 2009 og 2010 gefi allt aðra mynd.

Afkoma Pennans fyrir fjármagnsliði og afskriftir var að sögn aðgerðarhópsins neikvæð um tæpar 25 milljónir króna árin 2009 og 2010. Þá hafi Arion banki lagt Pennanum til 1.366 milljónir í hlutafé sem hafi verið nýtt í reksturin.

„Fyrir utan þessi framlög til Pennans, sem við eigum í óvæginni samkeppni við, hefur Arion banki lánað félaginu umtalsverðar upphæðir á síðustu misserum. Þær upphæðir liggja ekki ljósar fyrir en viðurkennt er að Penninn fékk 500 milljónir króna lánaðar í febrúar 2011,“ segir í yfirlýsingu húsgagnasalanna í gær. Tap Pennans hafi verið samtals 1.035 milljónir árin 2009 og 2010. „Slíkt tap þarf að fjármagna – hvaða nöfnum sem menn nefna þá fjármögnun,“ segir aðgerðarhópurinn, sem kveður yfirlýsingu bankans ranga „eða í besta falli mjög villandi enda virðist tilgangur hennar vera sá að leiða umræðuna frá kjarna málsins“.

Að sögn þessara keppinauta Pennans er kjarni gagnrýni þeirra sá að endurskipulagning á fjárhag „í raun gjaldþrota fyrirtækis“ hafi tekið allt of langan tíma. - gar



**ARION BANKI** Keppinautar Pennans á húsgagnamarkaði gagnrýna Arion banka harðlega fyrir vinnubrögð hans við fjárhagslega endurskipulagningu á Pennanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**LÖGREGLAN** Rúmlega 80 prósent fólks treysta lögreglu best.

Viðhorf til stofnana kannað:

## Flestir treysta lögreglunni

**SAMFÉLAGSMÁL** **Lögreglan nýtur yfirgnæfandi trausts, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar MMR á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins. Könnunin var gerð var dagana 6. til 10. október.**

**Samkvæmt niðurstöðum könnunar MMR nýtur lögreglan trausts 81,3 prósenta fólks, Háskólinn nýtur trausts 68,6 prósenta, Ríkisútvarpið nýtur trausts 59,7 prósenta og Háskólinn í Reykjavík 52,9 prósenta svarenda.**

**Þær þrjár stofnanir sem svarendur treysta síst eru Alþingi, Fjármálaeftirlitið og bankakerfið.** - jss



**VIÐ HVALFJARÐARGÖNG** Umferðin hefur vaxið nánast stöðugt frá opnun árið 1998.

Skorað á innanríkisráðherra:

## Vilja tvöföldun á göngunum undir Hvalfjörð

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórn Akraness skorar á innanríkisráðherra og Alþingi að hefjast strax handa við tvöföldun Hvalfjarðarganga. „Þrátt fyrir eilitla minnkun á yfirstandandi ári er umferðin orðin það mikil að öryggi vegfarenda verður best tryggt með tvöföldun ganganna,“ segir bæjarstjórnin. „Um þessar mundir er mun hagkvæmara að leita tilboða í verkefnið í stað þess að bíða þar til tvöföldun verður vegna aukinnar umferðar. Öll nauðsynleg undirbúningsgögn liggja fyrir varðandi verkefnið og því einfalt og fljótlegt að koma verkefninu í framkvæmd.“ - gar


Ertu með viðskiptahugmynd?



ÍSLANDSBANKI KYNNIR NÁMSKEIÐ FYRIR KONUR Í GERÐ VIÐSKIPTAÁÆTLANA.

5 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFST 1. NÓVEMBER

Íslandsbanki og Félag kvenna í atvinnurekstri standa fyrir námskeiði í gerð viðskiptaáætlana í samstarfi við Opna háskólann í HR. Skólinn býr að mikilli reynslu í námskeiðshaldi af þessu tagi og kennarar eru þeir bestu sem völ er á í faginu.

Námskeiðið er 27 klst. og stendur frá 1. til 29. nóvember. Kennt verður þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.15–20.15.

Í framhaldinu verður efnt til samkeppni um bestu viðskiptaáætlunina. Sigurvegarinn hlýtur 2 milljónir króna í verðlaun frá Íslandsbanka.

Skráning og nánari upplýsingar á islandsbanki.is



FKA Félag kvenna í atvinnurekstri

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

50% afsláttur í boði Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 11-2363

# neytendur
hagur heimilanna

**20%** **KÍLÓVERÐ** á haframjöli hefur hækkað um 20 prósent síðan árið 2008.

## GÓÐ HÚSRÁÐ – hnyklar í poka

*Pokinn hlífir garninu*



Til að koma í veg fyrir að garnið verði skítugt eða flækist er gott að setja hnykilinn í plastpoka og binda fyrir, en láta endann standa upp úr. Þá geturðu látið pokann með garninu vera á gólfinu án þess að garnið safni í sig óhreinindum. Þetta er líka sérstaklega hentugt þegar unnið er með nokkra hnykla, hver hnykill er þá settur sér í poka og minni líkur eru á að garnið flækist.

■ **Leifsstöð**

## Snjallsími sparar farþegum sporin

Fjöldi flugvalla nýtir sér snjallsímatæknina til þess að auðvelda farþegum að sækja upplýsingar um komu- og brottfarartíma með símanum sínum. Á vefsíðunni Túrist segir að stefnt sé að því að taka snjallsímaforrit í notkun á næsta ári í Leifsstöð. Farþegar þurfa þá ekki lengur að leita uppi sjónvarpsskjái til að fá nýjustu upplýsingar um flugáætlunina.

■ **Matvæli**

## Kæla á matarafganga áður en þeir eru settir í ísskáp



Ef matur sem geyma á er enn heitur þegar hann er settur inn í ísskáp breytist hitastigið í skápnum. Danski næringarfræðingurinn Preben Vestergaard Hansen segir mikilvægt að kæla matarafganga hratt og þess vegna sé tilvalið að setja þá út í lokuðu íláti, sé hitastigið ekki hærra en fimm til átta gráður. Þar sem pottur getur verið heitur lengi er best að setja matinn í annað ílát á meðan hann er að kólna.

Ef maturinn er lengi að kólna er hætta á að örverur valdi matareitrun.

Hansen segir jafnframt nauðsynlegt að kæla matvæli áður en þau séu sett í frysti.

■ **Matvæli**

## KEA skyr undir uppgefinni þyngd




Í kjölfar ábendinga frá neytendum kannaði Neytendastofa þyngd á forpökkuðu skyri. Á vef Neytendastofu segir að kannað hafi verið hvort raunveruleg þyngd væri í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Sýni voru tekin af KEA skyri með bláberjum og jarðarberjum sem er merkt 200 g að þyngd. Öll sýni sem tekin voru af þessu skyri reyndust léttari en sú þyngd sem tilgreind er á umbúðum.

Sýni sem tekin voru af MS skyr.is með bláberjum, merkt 170 g, reyndust öll vera í lagi.

Vakin er athygli á því að mismunur á hæstu og lægstu frávikum hafi ekki verið mikill og dreifing því fremur jöfn í þeim sýnum sem tekin voru til skoðunar á báðum vörutegundum.



**HÁLKA** Öruggast er að aka um á negldum dekkjum að vetrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nagladekk talin öruggust

**Nagladekk veita mest öryggi þegar ísing er á götum og vegum. Það er ekki nóg að vera eingöngu með skriðvörn í bílnum. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar á vegum stofnunarinnar Statens Väg- och transportforskningsinstitut í Svíþjóð.**

Sá sem ekur um á negldum dekkjum að vetrinum er ólíklegri til að lenda í umferðarslysi en sá sem ekur um á ónegldum vetrardekkjum, að því er kemur fram í nýjasta tölublaði tímaritsins Motor í Svíþjóð.

Vitnað er í nýja rannsókn á vegum stofnunarinnar VTI, Statens Väg- och transportforskningsinstitut.

Niklas Stavegård, sem starfar hjá félagi bifreiðaeigenda í Svíþjóð, segir niðurstöðurnar staðfesta það sem félagið hafi alltaf haldið fram. Til þess að fækka slysum í vetrarfærð sé dekkjavalið afgerandi. Þetta sé staðreynd sem taka verði alvarlega þegar stjórnmálamenn ræða bann við nagladekkjum.

Á vefsíðu félagsins, www.motormannen.se, segir að hætta á slysum minnki um 42 prósent í vetrarfærð sé skriðvörn í bílnum. Séu þar að auki nagladekk undir bílnum minnkar hættan á slysum enn frekar. Greint er frá því að um 65 prósent Svía aki um á nagladekkjum að vetrinum. Minnki notkun nagladekkja um 20 prósent deyi og slasist nær 40 fleiri í umferðarslysum á hverju ári.

Í fyrrgreindri rannsókn er vísað til rannsókna á vegum Scandinavian Tire & Rim Organizations sem sýni að nagladekk séu einnig öruggust þar sem bleyta er yfir ísingu á vegum, blautu malbiki og þurru malbiki auk þess sem nagladekkin veiti besta jafnvægið þegar vetrarfærð er.

Stavegård segir stjórnmálamenn ekki taka tillit til mikilvægis nagladekkja varðandi umferðaröryggi þegar þeir setji á bönn og takmarkanir við notkun þeirra. Með nýjum og árangursríkari hreinsunaraðferðum sé hægt að draga úr svifryksmengun og bæta umhverfið samtímis því sem öryggi sé tryggt með áframhaldandi möguleikum á notkun nagladekkja. ibs@frettabladid.is


# Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2011

Álagningu opinberra gjalda er lokið á lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla, og 4. mgr. 71. gr. af fjármagnstekjum, og aðra þá sem lagt skal á vegna tekjuársins 2010 skv. VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

**Álagningarseðlar** eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á www.rsk.is og www. skattur.is.

**Álagningarskrár**, sem sýna álagða skatta á lögaðila í viðkomandi sveitarfélagi, liggja frammi á skattstofum eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 27. október til 10. nóvember að báðum dögum meðtöldum.

**Kærufresti** vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur mánudaginn 28. nóvember 2011.

Auglýsing þessi er birt, sbr. 98. gr. framgreindra laga.

*27. október 2011*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI


Dönsk rannsókn á getnaðarvarnarpillum:

# Nýja pillan tvöfalt hættulegri en gamla

Nýjustu getnaðarvarnarpillurnar eru tvöfalt hættulegri en þær gömlu og eru þar með enn hættulegri en aðrar rannsóknir hafa sýnt, samkvæmt niðurstöðum stórrar danskrar rannsóknar. Greint er frá niðurstöðunum í British Medical Journal.

Á vef danska blaðsins Information er greint frá því að hættan á blóðtappa sé meiri ef teknar eru getnaðarvarnarpillur af svokallaðri þriðju og fjórðu kynslóð, heldur en ef teknar eru pillur af annarri kynslóð.



**P-PILLA** Hætta á blóðtappa er meiri af nýjum getnaðarvarnarpillum en gömlum.

Öjvind Lidegaard, prófessor á Rigshospitalet, sem stýrði rannsókninni segir að þegar sterkt sé til orða tekið megi halda því fram að nýju pillurnar séu tvöfalt dýrari og tvöfalt hættulegri en þær gömlu.

Rannsókn hans náði til allra danskra kvenna á aldrinum 15 til 49 ára sem taka getnaðarvarnarpillur. Hættan á blóðtappa af völdum eldri pilla var einn á móti 1.000. Hættan af nýju pillunum er einn á móti 500.

Tegundirnar Yasmin, Yasminelle og Yaz eru sagðar vera allsráðandi á markaðnum í Danmörku.

Alls noti 84 prósent kvenna sem eru á pillunni þriðju og fjórðu kynslóðar getnaðarvarnarpillur. Aðeins 16 prósent nota pillur af annarri kynslóð.

Á hverju ári deyja að meðaltali fimm danskar konur á aldrinum 15 til 49 ára af völdum blóðtappa. Þrjú til fjögur þessara dauðsfalla eru sögð vera vegna notkunar á getnaðarvarnarpillum. - ibs




# HEFUR ÞÚ WOW air FAKTOR?

## Við leitum að kraftmiklum, skapgóðum og brosmildum einstaklingum með kappnóg af ævintýraþrá og þjónustulund í spennandi störf hjá nýrri ferðaþjónustu, WOW air. Hinir heppnu eru þessir:

*Þessir sem vilja fljúga*

### Flugliðar

Óskum við eftir að ráða flugliða í sumarstörf. Áhugasamir þurfa að vera fæddir eigi síðar en 1992 og þurfa að hafa lokið stúdentsprófi. Íslensku-, ensku- og dönskukunnáttu er krafist, ásamt viðunandi valds á þýskri eða franskri tungu.

Þjónustulund, ævintýraþrá og lipurð í samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar, auk hæfileikans til að njóta lífsins.

*Þessi sem kann að skipuleggja*

### Forstöðumaður flugumsjónar

Draumastarfið fyrir þann sem bókstaflega lifir fyrir samskipti við flugrekstraraðila, flugvelli og þjónustuaðila. Viðkomandi fær einnig yfirumsjón með þjónustumarkmiðum og ferlum félagsins.

Kröfurnar eru tiltölulega sanngjarnar, háskólamenntun, reynsla af flugrekstri úr sambærilegu starfi, óþrjótandi þjónustulund og samviskusemi.

*Þessi sem kann að brosa*

### Þjónustustjóri

Starfið felur í sér skipulag þjónustuvers og samskipti við viðskiptavini. Það þýðir að við leitum að einhverjum sem er bókstaflega að springa úr þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Háskólamenntun, skipulagsgáfu og afgerandi leiðtogahæfileika þarf til að hreppa starfið, svo þarf viðkomandi vitanlega að tala reiprennandi allavega útlensku.

*Þessi sem kann á tölvu*

### Forstöðumaður tölvudeildar

Starfið felur í sér utanumhald á tölvukerfi, þróun þess og daglega umhirðu. Starfið krefst náinnar og innilegrar samvinnu við önnur svið innan félagsins.

Viðkomandi starfsmaður verður að hafa næmt auga fyrir tækifærum í tæknifrumskóginum, góð tök á HTML/CSS, Microsoft.NET, Microsoft SQL og helling af fleiri skammstöfunum sem enginn annar skilur. Frambærileg gráða í tölvunarfræði er æskileg, eða bara áratuga reynsla af nördaskap.

*Þessi sem kann að telja*

### Forstöðumaður tekjustýringar

Sérlega spennandi starf fyrir talnaglöggann snilling. Starfið felur í sér yfirumsjón með tekjustýringu og áætlanagerð félagsins.

Starfið krefst háskólamenntunar á sviði viðskipta, framúrskarandi skipulagshæfileika og agaðra vinnubragða. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku, ensku og má vera partífær í fleiri málum. Reynsla telur líka.

**Senda umsókn:**
**starf@wowair.is**

Vertu með okkur á facebook


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSKT UNGNAUTASNITSEL
500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG
300 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG
400 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
200 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1298 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAHAKK
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
100% UNGNAUTA-KJÖT
ÍSLANDS NAUT
4 stk. hamborgarar
698 KR.PAKKINN
ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR 80 GR - 4 STK. MEÐ BRAUÐI
ÍSLANDSNAUT
100%
2998 KR. KG
FERSK UNGNAUTA MÍNÚTUSTEIK
FERSKUR KJÖRFUGL
695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur
Vængir
298 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1395 KR. KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
Veldu gæði veldu Kjarnafæði
KJARNAFÆÐI
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
598 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
FRÁ AKURSELI
1/2 KG. LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR
359 KR.
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
798 KR. 12 STK
NICKY SALERNISPAPPÍR
3 RÚLLUR Í KAUPAUKA
SAMTALS 12 WC RÚLLUR
698 KR. 620G
KJARNAFÆÐI
FROSIÐ NAUTAHAKK
620 GRÖMM
398 KR. KG
FRÁ NÝJA SJÁLANDI
LÍFRÆNT RÆKTUÐ EPLI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS







## Neutral STORVASK

**2498 kr. 8 kg.**

HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR

*MEIRA KJÖT, MINNA BEIN* MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA !

## DANSKUR FROSINN 1.6 KG. HOLDA KJÚKLINGUR




**1298 KR.STK**

## EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR






**1498 KR.** 900 GRÖMM

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**8,4%** **LAUNAVÍSITALA HEFUR HÆKKAÐ** um 8,4% undanfarna 12 mánuði. Launavísitala í september 2011 er 412,8 stig og hækkaði um 0,8% frá fyrri mánuði samkvæmt Hagstofu Íslands.

### Lýsi hf. kaupir norskt lýsisframleiðslufyrirtæki:

# Þarf meira hráefni

**VIÐSKIPTI** Lýsi hf. hefur komist að samkomulagi um kaup á norska lýsisframleiðslufyrirtækinu Maritex. Seljandi er norska mjólkurframleiðslufyrirtækið Tine en kaupverð er ekki gefið upp. Kaupin ganga formlega í gegn í nóvember.

„Tine hefur átt Maritex í nokkurn tíma en ákvað nýverið að selja sig úr þessum rekstri. Og við keyptum,“ segir Arnar Halldórsson, rannsókna- og þróunarstjóri Lýsis hf.

Arnar segir að starfsemi Maritex verði óbreytt fyrst um sinn, lýsi verði áfram framleitt fyrir Tine. Það sem vaki þó fyrst og fremst fyrir Lýsi hf. sé bætt nýting á hráefni. Hráefnið sem Maritex hafi og verksmiðju fyrirtækisins sé hægt að nýta betur.

„Lýsi hf. er að stækka, við erum núna að tvöfalda verksmiðju okkar þannig að það gefur augaleið að við þurfum meira hráefni,“ segir Arnar.

Samkvæmt ársreikningi Tine frá árinu 2009 var Maritex með veltu upp á 27,4 milljónir norskra króna það árið. Það jafngildir um 570 milljónum íslenskra króna á núverandi gengi. Það ár var Maritex þó erfitt, því tap þess jafngilti um 385 milljónum íslenskra kóna.

Arnar segir að Lýsi hf. geti nýtt hráefni Maritex á annan hátt en verið hafi. „Við teljum okkur geta komið lýsinu í betri farveg en Tine var að gera. Tine keypti Maritex á sínum tíma til að framleiða lýsi í sínar mjólkurvörur. Við erum hins vegar að framleiða lýsi í ýmsar heilsuvörur fyrir marga kúnna.“

- mþl




# Verktakarisar halda sínu

**Þrír stórir aðilar á verktakamarkaði hafa lokið eða eru við það að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu. Þeir eru allir enn í höndum, að minnsta kosti að hluta, þeirra eigenda sem ráku fyrirtækin fyrir bankahrun. Þetta eru Eykt, Bygg og ÍAV. Mikillar óánægju gætir á meðal annarra verktaka vegna stöðu þessara aðila, sérstaklega þar sem þeir hafa undirboðið þá í opinberum útboðum. Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um samkeppnismarkaði eftir bankahrun.**



**HÖFÐATORG** Félagið sem stofnað var utan um bygginguna skuldaði tæpa 22 milljarða króna í árslok 2009.

Eyktarsamstæðan skuldar samtals um 43 milljarða króna samkvæmt ársreikningum og er með neikvætt eigið fé upp á tæpa 22 milljarða króna. Skuldirnar eru að mestu leyti við Íslandsbanka. Til viðbótar er þegar búið að afskrifa 1,8 milljarða króna af skuldum eins félaganna hennar.

Eykt ehf. er eina félagið í samstæðunni sem er með jákvætt eigið fé, upp á 303 milljónir króna. Félagið eignfærir hins vegar 509 milljóna króna kröfu á systurfélagið Höfðatorg, sem stofnað var utan um Höfðatorgsbygginguna við Borgartún. Það félag skuldaði 21,6 milljarða króna í lok árs 2009 og var með neikvætt eigið fé upp á 10,3 milljarða króna. Ef Eykt þyrfti að afskrifa kröfuna á Höfðatorg væri eigið fé þess neikvætt um 206 milljónir króna.

**Eykt í útboðum**

Eykt hefur á árunum eftir hrun tekið þátt í fjölmörgum opinberum útboðum. Það bauð til dæmis lægst í endurbætur á húsnæði Háskóla Íslands í janúar 2010, byggði Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit og vann að endurbyggingu á byggingareitnum á horni Lækjargötu og Austurstrætis fyrir Reykjavíkurborg. Þá undirritaði Eykt verksamning við Íbúðalánasjóð í byrjun október um frágang á tveimur íbúðablokkum í eigu sjóðsins.

Að sögn Íslandsbanka mun endurskipulagningu samstæðunnar ljúka á næstunni. Pétur Guðmundsson, eigandi Holtasels og dótturfélaga þess, staðfesti þann skilning en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um hvað fælist í uppgjörinu.

**Skuldauppgjör Byggs búið**

Byggingafélag Gunnars og Gylfa ehf. (Bygg) gekk frá skuldauppgjöri við stærsta lánardrottin sinn, Landsbankann, fyrr í þessum mánuði. Þetta staðfesti Gylfi Héðinsson, annar eigenda félagsins. Gylfi og meðeigandi hans, Gunnar Þorláksson, munu halda Bygg, nokkrum stórum fasteignum sem eru í útleigu, byggingarrétti á 2.000 manna byggð í Sjálandshverfinu í Garðabæ og 20% hlut í Þróunarfélaginu BRB ehf. Það félag heldur á rétti á uppbyggingu á lóðum fyrir 392 íbúðareiningar á Kársnesi í Kópavogi og 55 íbúðareiningum í Garðabæ. Stefnt er að því að sala lóða og byggingarréttar á þessum stöðum fari fram á árunum 2013 til 2015. Því er ljóst að Bygg fer með umtalsverð verðmæti út úr skuldauppgjöri sínu. Virði þeirra hleypur á milljörðum króna. Eftir sitja gífurlegar skuldir.

Á uppgangsárum íslensks viðskiptalífs hóf Bygg þátttöku í hlutabréfaviðskiptum í gegnum Bygg Invest og Saxbygg Invest. Bæði þessi félög eru í dag gjaldþrota. Kröfur í bú Bygg Invest, sem hafði þá verið endurnefnt CDG, voru 16 milljarðar króna. 1,4% fengust upp í kröfurnar. Kröfur í bú Saxbygg Invest, sem var endurnefnt Icarus Invest, námu 42 milljörðum króna. 0,07% fengust upp í kröfur. Bygg ehf. var í sjálfskuldarábyrgð fyrir Saxbygg ehf., Bygg Invest og þrjú önnur tengd félög. Ábyrgðirnar voru samtals upp á 9,9 milljarða króna í lok árs 2009. Þá skuldaði Bygg ehf. Landsbankanum hátt á annan tug milljarða króna.

**ÍAV til fyrri eigenda**

Drög ehf., gamla móðurfélag Íslenskra aðalverktaka (ÍAV), skuldaði Arion banka 27,4 milljarða króna í lok árs 2009. Vegna þessarar skuldastöðu leysti bankinn Drög til sín. Fyrrverandi eigendur höfðu meðal annars verið forstjórar ÍAV, þeir Karl Þráinsson og Gunnar Sverrisson. Í mars 2010 seldi Arion síðan verktakahluta ÍAV og þau verkefni sem félagið vann þegar að til svissneska fyrirtækisins Marti Holding AG, samstarfsaðila ÍAV á Íslandi um árabil, á um 400 milljónir króna. Á meðal þeirra verkefna sem fylgdu með í kaupunum var bygging Hörpu. Það verkefni var kostað af ríkinu og Reykjavíkurborg. Eftir sátu skuldir sem voru rúmlega 20 milljörðum króna umfram eignir. Í ágúst 2010 veitti Marti síðan Karli og Gunnari kúlulán upp á samtals um 200 milljónir króna til að þeir gætu keypt helminginn í fyrirtækinu. Lánin eru á gjalddaga 2040.

**Nóg að gera frá hruni**

Nóg hefur verið að gera hjá ÍAV frá hruni. Fyrirtækið hefur meðal annars unnið að byggingu metanólverksmiðju í Svartsengi, byggt kerskála fyrir álver í Helguvík, klárað Bolungarvíkurgöng, byggt snjóflóðavarnir í Bolungarvík og unnið að stækkun álversins í Straumsvík og byggingu Búðarhálsvirkjunar fyrir Landsvirkjun. Þá átti félagið lægsta tilboðið í gerð Vaðlaheiðarganga í lok september síðastliðins. Tilboðið var undir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



## Afskrifað en ekki tekið

Um mitt ár 2011 var búið að afskrifa 26,6 milljarða króna, eða 59%, af 44,7 milljarða króna heildarskuldum fjögurra fyrirtækja í verktaka- og byggingastarfsemi. Einungis tæpum 1,1 milljarði króna af skuldum hafði verið breytt í hlutafé, um 2% af heildarskuldum þeirra. Þetta kemur fram í þriðju skýrslu eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun sem skilað var inn til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í lok september síðastliðins. Sú upphæð sem bankarnir þurfa að afskrifa mun væntanlega hækka töluvert þegar endurskipulagning þeirra fyrirtækja sem fjallað er hér um lýkur að fullu.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um samkeppni eftir hrun kemur fram að arðsemi eiginfjár hjá fyrirtækjum í verktakageira var neikvæð um 14% í fyrra. Hún var jákvæð um 37% árið 2007.



*25 ára*

# AFMÆLISRÁÐSTEFNA STJÓRNVÍSI

## Í DAG

**KL. 16:00 TIL 19:00**

ÞINGSÖLUM

**ICELANDAIR HÓTEL REYKJAVÍK NATURA**

gamla Loftleiðahótelinu

**BLANDA AF FRÆÐUM OG FÖGNUÐI**

STJÓRNVÍSI FAGNAR Í DAG 25 ÁRA AFMÆLI SÍNU MEÐ GLÆSILEGRI AFMÆLISRÁÐSTEFNU

**ÞEMA HÁTÍÐARINNAR:**

*Ísland 2015 – forgangsverkefni stjórnandans*

FYRIRLESARAR


Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi og formaður Viðskiptaráðs


Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris og stjórnarformaður Marels


Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis


Brynja Guðmundsdóttir, forstjóri Gagnavörslunnar

RÁÐSTEFNUSTJÓRI


Jón G. Hauksson, formaður Stjórnvísi og ritstjóri Frjálsrar verslunar

HÁTÍÐARÁVARP


Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna

**LÉTTAR VEITINGAR**

Allir félagsmenn og velunnarar félagsins hvattir til að mæta

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Stjórnvísi hét áður Gæðastjórnunarfélag Íslands

Stjórnvísi er stærsta stjórnunarfélag á Íslandi með yfir 1.200 félagsmenn og innan raða þess eru um 240 fyrirtæki

**TIL HAMINGJU**

EFTIRTALDIR STYRKJA AFMÆLISRÁÐSTEFNU STJÓRNVÍSI OG ÞAKKAR FÉLAGIÐ ÞEIM SÝNDAN HLÝHUG Á ÞESSUM MERKU TÍMAMÓTUM Í SÖGU ÞESS:

Ölgerðin · Samskip · Arion banki · Rio Tinto Alcan · Vínbúðin · Sýni · Icelandair Hotels · Creditinfo · Vörður · Eimskip · Landsvirkjun · Félag atvinnurekenda · Gagnavarslan · Nasdaq OMX · SI · Íslenska gámafélagið · Síminn · Capacent · Pósturinn · Marel · Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ómöguleg staða Bankasýslunnar að óbreyttu:

## Stjórnsýsluafrek

Staðan sem búið er að koma Bankasýslunni í er ekta íslenzkt stjórnsýsluafrek. Stofnunin hefur enga stjórn, engan forstjóra (nema þennan sem sagði upp í sumar og er á förum), nýtur einskis trúverðugleika lengur og virðist ekki í stakk búin að sinna sínum lögbundnu verkefnum.

Hvernig gerðist þetta? Hugmyndin að baki stofnun Bankasýslunnar var góð; að óháð stofnun héldi utan um eignir ríkisins í bönkum, undirbyggi sölu þeirra og legði síðan sjálfa sig niður eftir fimm ár. Verkefnin væru þannig í „armslengd“ frá stjórnmálamönnum. Það var skynsamleg ráðstöfun í ljósi ömurlegra afleiðinga pólitískra afskipta af gömlu ríkisbönkunum og einkavæðingu þeirra.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Steingrímur Sigfússon fjármálaráðherra gerði hins vegar (að minnsta kosti) tvennt sem spillti fyrir trúverðugleika nýrrar stofnunar. Annars vegar ákvað hann að fara sjálfur beint með eignarhald ríkisins í sparisjóðunum Byr og SpKef. Hins vegar vildi hann ekki búa þannig að stofnuninni að hún gæti staðið faglega að undirbúningi einkavæðingar hluta ríkisins í bönkunum. Þessar ákvarðanir lágu klárlega að baki þegar Elín Jónsdóttir sagði upp forstjórastarfinu.

Þegar þarna var komið sögu var búið að minnka verulega líkurnar á að afburðafólk sækti um forstjórastarfið. Enda voru umsóknirnar sem stjórn Bankasýslunnar hafði úr að velja fáar. Stjórnarmennirnir hefðu átt að segja við fjármálaráðherrann að þeir hefðu ekki fengið rétta fólkið og hugsa þyrfti málið upp á nýtt. Þess í stað réðu þeir mann sem strax frá upphafi blasti við að var ekki sá rétti í starfið, þótt hann sé mörgum kostum gæddur.

Það er óttalega aumt þegar stjórn Bankasýslunnar kennir „utanaðkomandi afskiptum“ um að henni sé ekki sætt og beinir spjótum sérstaklega að alþingismönnum sem gagnrýndu ráðninguna. Stjórnin sýndi dómgreindarbrest þegar hún sleppti því að hugsa nokkra leiki fram í tímann og velta fyrir sér hvernig ráðningin myndi mælast fyrir. Hún hefði átt að axla ábyrgð á þeim mistökum í stað þess að vísa henni á aðra. Almenningur var einfaldlega upp til hópa á þeirri skoðun að ákvörðunin væri röng og þingmenn hafa fullt leyfi til að tjá sig um slík mál án þess að það teljist pólitísk afskipti.

Þótt fjármálaráðherrann eigi sinn þátt í klúðrinu eins og að framan segir hlýtur hann líka að mega tala við stjórnarformann Bankasýslunnar um stöðu hennar án þess að menn smíði strax samsæriskenningu um að hann hafi hrakið stjórnina og nýja forstjórann burt – ekki sízt þegar það er augljóst að stjórnin bjó til tilefnið til alveg sjálf.

Það er pínulítið fyndið, að minnsta kosti fyrir þá sem muna fáein ár aftur í tímann, þegar formaður Sjálfstæðisflokksins hneykslast á „pólitískum fingraförum“ á ákvörðunum um málefni ríkisbanka. Hans tillaga í málinu er að leggja Bankasýsluna niður – og færa verkefnin beint undir fjármálaráðherrann sem hann sakar um pólitísk afskipti! Það er rétt hjá Bjarna Benediktssyni að trúverðugleiki Bankasýslunnar er fyrir bí, en það gerðist um leið og nýr forstjóri var ráðinn.

Reyndar er vandséð hvernig nokkur maður á að fást til að setjast í stjórn Bankasýslunnar eftir það sem á undan er gengið, hvað þá að sækja um forstjórastarfið. Það þarf einhverjar róttækar breytingar ef á að koma í veg fyrir að verkefnin; utanumhald um miklar eignir ríkissjóðs og skikkanleg einkavæðing þeirra; eiga ekki að klúðrast líka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Lyf & heilsa Apótekarinn A.Vogel

c-vítamín sólhattur

30% afsláttur*

Bragðgóð vörn
sólhattur
sólber
acerola ber




Brostu í gegnum flensutímabilið.
Frískandi hálsbrjóstsykur með gæðasólhatti og sólberjum.

heilsa –hafðu það gott

*gildir til 11.11.2011

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Go to hell

„Ferskeytlan er frónbúans, fyrsta barnaglingur, en verður seinna í höndum hans, hvöss sem byssustingur.“ Ekki er laust við að þessari kunnu vísu hafi skotið upp í hugann þegar fregnir bárust af skemmtikvöldi Samfylkingarinnar um helgina. Þar fór Ómar Ragnarsson með vísu til heiðurs Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands: „Öllum við því hugur hrýs, hvernig þú til ills ert vís, Ólafur Ragnar Grímsson grís: Go to hell and stay there please.“ Vísan er líklega birtingarmynd á því kalda andrúmslofti sem ríkt hefur á milli forsetans og stjórnarflokkanna.



### Fána sviptur rauðum

Þeir sem eru eldri en tvævetur í pólitískum kveðskap þekkja kannski ákveðna þætti í vísu Ómars. Án efa er hún vísun í eldri kviðling, sem ortur var þegar Ólafur Ragnar hafði sigur í formannskjöri í Alþýðubandalaginu: „Úti í kulda flokkur frýs, fána sviptur rauðum, Ólafur Ragnar Grímsson grís, gekk af honum dauðum.“



### Engin pólitík

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, hélt erindi hjá ASÍ í gær. Hann sló þar á þær mýtur að þau erlendu fyrirtæki sem hygðu á starfsemi hér hefðu þau markmið að auka hagvöxt og skapa störf. Hjá þeim réðu einfaldar viðskiptahugmyndir um gróða, líkt og vera bæri. Eins kom hann inn á umræðu um pólitísk afskipti af fyrirtækinu. „Það er ekki pólitík sem er að þvælast fyrir okkur,“ sagði hann og að afskiptin væru í raun engin. Nú er spurning hvort gagnrýnendur, þar með talið margir þingmenn, taki gagnrýni sína til baka, eða segi Hörð ósannindamann.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Eygló og óvinurinn

Fjármál



Ingimundur Gíslason
augnlæknir

Fimmtudaginn 20. október sl. birtist grein eftir Eygló Harðardóttur alþingismann undir heitinu „Plan B á verðtrygginguna“. Greinin ber ríkan keim af þeirri óljósu og þokukenndu notkun á orðum og hugtökum sem tröllríður allri umræðu á Íslandi.

Eygló er tíðrætt um skuldara og fjármagnseigendur og rekur svo endahnútinn með áskorun að við (væntanlega við Íslendingar) hættum að koðna frammi fyrir óvininum.

Hver er svo óvinurinn? Við lestur greinarinnar er erfitt að finna svar við þeirri spurningu. Er það húsbóndinn í neðra? Er verðtryggingin sem slík óvinurinn eða svo kallaðir fjármagnseigendur?

Á meðal hugsanlegra fjármagnseigenda er gamla fólkið í landi okkar, gamla fólkið sem á innstæður í lífeyrissjóðum sem allir vilja hrifsa til sín. Innstæður sem það hefur safnað saman á langri ævi og tekist bærilega, þökk sé meðal annars verðtryggingunni. Án hennar hefði það aldrei tekist. Verðtryggingu var komið á vegna þess að Íslendingar búa við gjaldmiðil sem enginn treystir og enginn í framtíð mun taka mark á og allra síst nú eftir hrun. En við skulum endilega kalla þetta fólk fjármagnseigendur. Það hljómar svo vel þegar við mundum vígapennann.

> En svarið við fyrstu spurningunni hér fyrir ofan er þetta: Óvinurinn er handónýt íslensk króna.

Án verðtryggingar mun enginn fá lán í íslenskum krónum nema með mjög háum vöxtum. Eða þá með skömmtun eins og tíðkaðist fyrr á árum. Þá var lán í banka gjöf í óðaverðbólgunni enda langar biðraðir á hverjum morgni til geta betlað nokkrar krónur. Viljum við svona ástand aftur? Viljum við láta klíkuskap eða flokksskírteini ráða því hverjir fái ókeypis lán?

En svarið við fyrstu spurningunni hér fyrir ofan er þetta: Óvinurinn er handónýt íslensk króna.

Er nú ekki kominn tími til að við hættum að stilla þegnum Íslands upp í meira og minna ímyndaða hópa og egna þeim síðan til átaka? Eða eigum við sem erum að komast eða erum komin á aldur að skunda niður á Austurvöll með skiltin hátt á lofti?

Ellilífeyrisþegar Íslands sameinumst! Og myndum nýtt stjórnmálaafl?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Það geta ekki allir lesið þetta

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Sú staðreynd að 23% drengja og 9% stúlkna geti ekki lesið sér til gagns 15 ára sýnir svo ekki verður um villst að aðgerða er þörf í lestrarkennslu á Íslandi. Sá sem getur ekki lesið sér til gagns stendur illa að vígi í langflestum námsgreinum.

Skýrsla um námsárangur drengja sem starfshópur Reykjavíkurborgar vann leiddi í ljós grafalvarlega stöðu í lestrarkunnáttu íslenskra barna og unglinga. Tölurnar eru sláandi, sérstaklega þær sem sýna þann fjölda drengja sem getur ekki lesið sér til gagns. Þótt undarlegt megi virðast eru þessar niðurstöður ekki nýjar af nálinni. Þessi mikli munur hefur verið til staðar frá fyrstu PISAkönnuninni árið 2000. Það gengur því ekki lengur að skýra út stöðuna með afsökunum á borð við að árgangar séu ólíkir eða að skólakerfið hafi verið í breytingaferli. Það er kominn tími til að bretta upp ermar og hækka hlutfall unglinga sem geta lesið sér til gagns og ánægju, eins og aðalnámskrá kveður á um.

**Verkefni yfirvalda**

Ráðuneyti menntamála er æðsta stjórn menntamála. Í 10 ár hafa legið fyrir greiningar um lestrarvandann, sem er vafalítið undirrót mikils brottfalls í framhaldsskólum og ýmissa félagslegra vandamála. Svandís Svavarsdóttir, sitjandi menntamálaráðherra, sagði í umræðum um skýrsluna á Alþingi að ráðuneytið hefði „óskað eftir því við Námsmatsstofnun að fá sambærilega greiningu unna fyrir alla grunnskóla í landinu“. Þetta er óþarfi enda tími greininga löngu liðinn. Staðan liggur fyrir. Ráðuneytið verður að setja af stað markvissar aðgerðir til að fjölga verulega unglingum sem lesa sér til gagns, aðgerðir sem eru mælanlegar, vel skilgreindar og auðframkvæmanlegar í stað fleiri umræðufunda eða óskýrra skilaboða. Slíkar aðgerðir eru til og hafa skilað árangri.

Við verðum öll að skilja betur þann síbreytilega heim sem börnin okkar búa við og sækja fast í. Um 60-70% kennara telja sig þurfa mikla starfsþróun í færni í upplýsingatækni við kennslu en of lítil þekking á síbreytilegum tölvuheimi hefur áhrif á hugmyndir okkar um áhuga barna. Bókasöfn og bókakostur eru svo lykilþáttur í auknum árangri og ber að varast niðurskurð þar. Heldur ætti að hvetja börn til að heimsækja bókasöfnin, en 33% drengja og 67% stúlkna 18 ára og yngri eiga bókasafnsskírteini í Reykjavík.

> Lestrarkunnátta er algjört grundvallaratriði, illa læs einstaklingur á erfitt uppdráttar í námi og möguleikar hans á vinnumarkaði takmarkast.

Næst skal nefna sveitarfélögin. Reykjavíkurborg hefur samþykkt allar tíu tillögur starfshópsins. Tillögurnar miða m.a. að markvissari eftirfylgni barna sem sem glíma við lestrarerfiðleika. Í dag eru mælingar í 2., 4., 7., og 10. bekk ekki nýttar til að tryggja að börn sem mælast slök í lestri nái sér upp úr hjólförunum. Hægt er að sjá strax í öðrum bekk hverjir þurfa aðstoð, en með inngripum þarf að tryggja að þeir hafi bætt sig í fjórða bekk og geti í síðasta lagi lesið sér til gagns í sjöunda bekk. Einnig var samþykkt að búa til fyrirlestra fyrir kennara á tölvutæku formi sem fjalla um tölvuheim ungmenna.

**Verkefni skóla og foreldra**

Allir skólar í Reykjavík fá sérstaka kynjagreiningu á stöðu sinni út frá árangri. Þeir skólar sem dragast aftur úr geta með þessum upplýsingum breytt vinnubrögðum, fengið stuðning og bætt stöðu nemenda sinna út frá sinni stefnu. Skólar geta t.d. sett fleiri klukkustundir í lestur, unnið meira með hljóðfræði og aukið þjálfun líkt og Hermundur Sigmundsson, prófessor í sálfræði, bendir á. Að auki þarf skólafólk að ræða niðurstöður í samhengi við breytingar sl. ára frá stýrðum kennsluháttum í aukið uppgötvunarnám.

Foreldrar eru mikilvægasti hlekkurinn í lífi og árangri barna sinna. Best er að lesa fyrir börnin, lesa með þeim, ræða um hvað þau lesa og vera góð fyrirmynd. Setja þarf markmið í lestri með börnunum og fá stuðning hjá kennurum um hvað sé raunhæft. Foreldrar verða að fá ítarlegri upplýsingar um stöðu barna sinna. Mikilvægt er að gagnrýna ekki hvaða efni börn velja því ánægja af lestri er einn mikilvægasti áhrifaþátturinn í árangri. Andrés Önd, Skúli skelfir, íþróttasíður eða texti á netinu, allt dugar ef það vekur áhuga og hjálpar barni að kynnast töfraheimi bóka. Hafa þarf í huga að börn sem eiga erfitt með lestur bóka eiga erfitt með lestur alls texta, líka texta í tölvu.

**Ráðherra grípi boltann**

Sem formaður starfshópsins skora ég á menntamálaráðherra að grípa boltann. Menntamálaráðherra verður að leiða sókn gegn lélegri lestrarkunnáttu. Lestrarkunnátta er algjört grundvallaratriði, illa læs einstaklingur á erfitt uppdráttar í námi og möguleikar hans á vinnumarkaði takmarkast. Við verðum að ráðast í skýrar aðgerðir með mælanlegum markmiðum sem fjölgar þeim sem lesa sér til gagns og ánægju. Mikilvægast af öllu er að umræðan sofni ekki, eina ferðina enn, og að við vöknum ekki við næstu skýrslu sem sýnir óbreytta eða versnandi stöðu. Sýnum í verki að við viljum áfram vera í fremstu röð sem bókmenntaþjóð þar sem slagorð um læsi Íslendinga eru ekki einungis orðin tóm.

## AF NETINU

### Forysta ASÍ svíkur, aftur.

Ef forystu ASÍ væri í raun umhugað um félagsmenn sína, þá væri hún að berjast fyrir betri kjörum þeirra lægst launuðu.

Leiðin til að bæta þau er ekki að tala upp hagvöxt, allra síst með því að sífra um framkvæmdir sem löngu er vitað að eru jafn ómögulegar og að flytja út lambakjöt til Mars.

Leiðin sem forysta ASÍ færi ef hún hefði minnsta áhuga á að bæta kjör verkafólks er að krefjast þess að undið verði ofan af þeirri misskiptingu sem tröllriðið hefur þjóðfélaginu. En á því virðist hún hafa lítinn áhuga, enda mun forseti ASÍ hafa lagst eindregið gegn því að verðtrygging yrði afnumin í kjölfar hrunsins.

Greinilega var honum meira í mun að vernda hagsmuni fjármagnseigenda en þess fjölda ASÍ-félaga sem nú eru að kikna undir stökkbreyttum húsnæðislánum.

Eina ráðgátan í þessu sambandi er af hverju félagsmenn ASÍ eru ekki löngu búnir að senda Gylfa í ævilangt frí.

http://blog.eyjan.is/einar/
**Einar Steingrímsson**

### Þýska og engilsaxneska aðferðin

John Kampfner skrifar áhugaverða grein í Guardian þar sem hann ber saman ensku og þýsku aðferðina við að stjórna efnahagsmálum.

Á Englandi, segir hann, byggir kerfið á fjármagnsmörkuðum, skjótum gróða, efnahagsbólum, en í Þýskalandi er lögð áhersla á hægan og öruggan vöxt, menntun og samráð.

Fyrra kerfið var mjög vinsælt fyrir hrun, þá þótti Þýskaland sérlega silalegt, en nú er varla spurning hvort módelið hefur vinninginn.

http://silfuregils.eyjan
**Egill Helgason**

SIMPLY CLEVER
ŠKODA






**Skoda** Yeti 4x4
Staðalbúnaður: Utanvegastilling fyrir erfiðar akstursaðstæður, dráttarkúla, skriðstillir, ESP stöðugleikastýring, hiti í sætum og speglum, loftkæling, aksturstölva ofl.
**Fæst með fjórhjóladrifi og sjálfskiptingu.**
**Yeti 2.0 TDI 140 hestöfl verð frá 4.690.000 kr.**



**Skoda** Superb 4x4
Einstaklega rúmgóður og mikið farangursrými – 633 lítrar. Superb fæst með fjórhjóladrifi og DSG sjálfskiptingu. Superb býður upp á þægindi sem gera langferðir að gleðiefni og einstakt rými fyrir farþega.
**Superb 4x4 sjálfskiptur kostar frá 6.190.000 kr.**

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# NÝ, STÆRRI VERSLUN – Á S

## *Komdu á Tæknikvöld í Hátækni:*






**Yamaha Restio hátalarar**

Á fimmtudagskvöldið höfum við opið til kl. 22.00. **Jón Ólafsson** tónlistarmaður kemur í heimsókn kl. 20.30, rabbar við viðskiptavini um „gott hljóð“ og spilar uppáhaldstónlistina sína úr nýju **Restio** og **Soavo hátölurunum**. Sérfræðingar frá Hátækni svara spurningum um hátalarana og aðrar spennandi nýjungar.



**Jón Ólafsson**



**Yamaha Soavo hátalarar**




42SL833DG

Verð áður 249.995
**Opnunartilboð: 179.995**

### 42” Toshiba LED100Hz Full HD

42" Full HD 1920x1080 100Hz LED sjónvarp frá Toshiba. 4 HDMI tengi, USB DivXHD afspilun. DLNA tenging við tölvu og SmartTv möguleikar.




**Ný vara**

**Verð: 69.995**

75000030785

### TDK Boombox Cube 360

TDK Sound Cube fyllir hvaða herbergi sem er með hljóm. Einstök 360° hönnun og frábær gæði frá TDK gera þetta box að einstakri tónleikahöll.

# OG BETRI
# AMA STAÐ

**Hátækni**

*Framtíðin er hjá okkur*

## „Gott hljóð“ með Jóni Ólafs kl. 20.30.




M5652MX

Verð áður 149.995
**Opnunartilboð:**
**109.995**

**Lenovo IdeaPad Z370 13,3”**
Glæsileg fartölva frá Lenovo með 13,3"LED skjá (1366x768), 500 GB harður diskur. 4 GB vinnsluminni, 2 MP myndavél og margt fleira.

**0%**
**VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM**

Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.




42LV550W

Verð áður 299.995
**Opnunartilboð:**
**249.995**

**42” LG LED FHD 100 HZ SmartTv**
Glæsilegt SmartTV LED sjónvarp frá LG. Full HD 1920x1080p með TruMotion 100 Hz. DivX HD afspilun. Fjögur HDMI tengi.

**Full búð af frábærum tilboðum**



PIPAR\TBWA • SÍA • 112917

Verð áður 219.995
**Opnunartilboð:**
**199.995**




QA954EA

**HP Pavilion dv6-6141eo 15,6”**
Flott fartölva frá HP með 15,6" LED-skjá, 750 GB hörðum disk, 8GB vinnsluminni, flottu skjárkorti og hljóðkorti, flottri vefmyndavél og margt fleira.

**Tæknikvöld í Hátækni**

Opið til kl. 22 í kvöld







KDL32BX420BAEP

Verð áður 129.995
**Opnunartilboð:**
**99.995**

**32” Sony LCD Full HD**
42" Full HD 1920x1080 LCD sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 2 HDMI-tengi. USB 2.0. Spilar jpeg og AVI-skrár.



**Hátækni**




# Eldum saman

**Íslensk matreiðslubók handa krökkum**

eftir *Guðmund Finnbogason heimilisfræðikennara*

Útgáfuhóf í Eymundsson, Skólavörðustíg, í dag, fimmtudag, kl. 17:00

Í þessari matreiðslubók ráða börnin ferðinni. Börn eru yfirleitt flinkari í eldhúsinu en fullorðna fólkið gerir sér grein fyrir og þau geta eldað alvöru mat, ekki síst ef foreldrarnir eru þeim innan handar.
Eldamennska er frábært tækifæri fyrir fjölskylduna að vera saman – og elda saman!

Skemmtileg matreiðslubók með fjölbreyttum og girnilegum uppskriftum sem börn og foreldrar geta spreytt sig á.

Í bókinni er mikill fróðleikur um mat og uppruna hans, skýringarmyndir og ítarefni um borðsiði og matreiðslu.

Bókafélagið Ugla

ODDI - P11.06.423


# Bældar minningar á brauðfótum?


Minningar



**Kristinn Jens Sigurþórsson**
sóknarprestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd


Í bókinni „Ekki líta undan“ þar sem Elín Hirst segir sögu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur Skúlasonar biskups er minnst á sjálfshjálparbók fyrir þolendur kynferðisofbeldis, sem út kom í Bandaríkjunum fyrir nær aldarfjórðungi. Sú heitir „The Courage to Heal“ og hefur verið æði umdeild, svo ekki sé meira sagt. Guðrún Ebba talar um þessa bók í minningum sínum og segir hana hafa verið sér sem uppljómun og eins og skrifaða fyrir sig. Jafnframt lýsir hún því hvernig bókin gaf henni aukna trú á sjálfa sig og kveðst hafa lesið suma kaflana aftur og aftur. (bls. 175)

Um þessa sjálfshjálparbók hafa fjölmargir fræðimenn fjallað og verður ekki betur séð en það sé samdóma álit þeirra, að þarna sé á ferðinni mjög varhugavert rit og þá einkum vegna þess með hvaða hætti fjallað er um bældar minningar.

Bókin hefur einnig sætt harðri gagnrýni fyrir að hafa valdið ómældum skaða í lífi einstaklinga og fjölskyldna. Í Ástralíu hefur t.d. verið á það bent, að tengja megi bókina við nærri helming allra mála þar sem fram hafa komið rangar sakargiftir um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þá hefur bandaríski geðlæknirinn og prófessorinn Paul R. McHugh við Johns Hopkins-háskólann í Bandaríkjunum lýst henni sem „biblíu vankunnandi þerapista.“ Í þessu sambandi má svo nefna, að þær Ellen Bass og Laura Davis, sem eru höfundar bókarinnar, eru hvorugar menntaðar á sviði sálfræði eða lækninga og hefur þeim satt að segja gengið brösuglega að verja framsetningu sína og forsendur.

Það hlýtur að vekja spurningar með öllum þeim sem lesa um minningar Guðrúnar Ebbu hvernig hægt sé að gleyma áratugslangri kynferðisofbeldi jafn rækilega og hún segist hafa gert. Er í rauninni óskiljanlegt að hún hafi komist hjá að minnast slíkrar reynslu allt til ársins 2003, en þá hafði meint kynferðisáreiti föður hennar gagnvart öðrum konum þegar verið í sviðsljósi fjölmiðla frá árinu 1996.

Að auki má svo spyrja hvort minningar um misnotkun á æsku- og unglingsárum hefðu ekki átt að brjóta sér leið fram í vitundina árið 1999 þegar faðir hennar á að hafa misnotað hana 43 ára gamla úti í Winnipeg.

Þessum athugasemdum kynnu einhverjir að svara sem svo, að svona séu þessi mál og varnarhættir manneskjunnar stundum með þeim hætti að best sé að bæla allar minningar til að komast af. En hvað segja fræðimenn um bældar minningar?

Eins og við má búast eru skoðanir skiptar í þeim hópi. Þó virðast þær raddir orðnar áberandi í fræðaumræðunni, að fátt sé til sem verðskuldi heitið bældar minningar og vandamálið hið gagnstæða: fólk muni of vel eftir áföllum og upplifi aftur og aftur þá skelfilegu atburði, sem þeim búa að baki. Er það t.d. mat prófessorsins Richards McNally við Harvard að kenningin um bældar minningar sé einhver sú skaðlegasta sem fram hafi komið innan sálarfræði og geðlækninga. Hann fer ekki heldur dult með þá skoðun sína að fákunnandi fagfólk geti auðveldlega komið inn fölskum minningum hjá skjólstæðingum sínum.

Í sama streng tekur Richard Ofshe, prófessor í Berkeley, en hann hefur talað um gervivísindi og skottulækningar þegar bældar minningar koma við sögu. Einnig hefur bandaríski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Mark Pendergrast, sem skrifað hefur ítarlega um efnið, bent á að þrátt fyrir rækilega athugun hafi sér ekki tekist að finna nein sannfærandi tilfelli sem styðji það viðhorf að hægt sé að verða fyrir áralangri alvarlegri kynferðismisnotkun og láta minningar þar um falla í gleymskunnar dá. Það hefur komið fram í viðtali við dr. Berglindi Guðmundsdóttur sálfræðing að hún þekki til vinnubragða sálfræðings Guðrúnar Ebbu og gefur hún þeim þá einkunn, að „þau séu bæði fagleg og í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í svona málum“.

Við lestur bókarinnar Ekki líta undan er hins vegar auðvelt að draga þá ályktun að hugmyndir um bældar minningar hafi þar verið lagðar til grundvallar. Virðist Guðrún Ebba t.d. ekki hafa verið lengi í viðtölum þegar sálfræðingurinn segir að sér finnist hún „bera svo augljós merki þess, að hafa orðið fyrir alvarlegu áfalli“. Því neitar Guðrún Ebba alfarið, en með áframhaldandi meðferð fara „minningarnar“ að streyma fram. Sálfræðingnum er verulega brugðið en lætur það samt ekki slá sig út af laginu, því hann „vissi hvað þarna var á ferðinni“. (bls. 153-154)

Eftir að hafa sem leikmaður kynnt mér umræðuna um bældar og falskar minningar, sem og reynslusögur margra sem telja sig hafa orðið fórnarlamb þessarar umdeildu hugmyndafræði, er erfitt að verjast þeirri hugsun að Guðrún Ebba sé eitt fórnarlambið í viðbót.

JPV-útgáfan sér ástæðu til að birta ítarefni um kynferðisofbeldi í lok bókarinnar – og er það vel. Með réttu hefði þó einnig mátt fjalla þar um falskar minningar, sem og brauðfæturna sem þær bældu virðast standa á, því hér er um að ræða umdeilt og vandmeðfarið málefni sem fjalla þarf um af yfirvegun og þekkingu. Væri ekki úr vegi að háskóla- og fræðasamfélagið á Íslandi fjallaði um það opinberlega, svo reisa mætti rönd við röngum sakargiftum í þessum efnum, sem og þeim sársauka sem þeim óhjákvæmilega fylgir.

> Það hlýtur að vekja spurningar með öllum þeim, sem lesa um minningar Guðrúnar Ebbu, hvernig hægt sé að gleyma áratugslangri kynferðismisnotkun og ofbeldi jafn rækilega og hún segist hafa gert.

# Til þingmanna Samfylkingar


Fjármál



**Heimir Eyvindarson**
félagi í Samfylkingunni. Enn um sinn að minnsta kosti.


Einn fræknasti útrásarvíkingur Íslands keypti þyrlu, glæsivillu og Elton John í eigin persónu árið 2007. Ég keypti mér sparneytinn fjölskyldubíl, raðhús og geisladisk með Gunna Þórðar.

Téður víkingur hefur nú fengið afskrifaðar upphæðir sem nema andvirði rúmlega 2.000 raðhúsa í Hveragerði, ef marka má fréttir í fjölmiðlum. Ég hef ekki fengið afskrifaða/leiðrétta eina einustu krónu og á þó ekki nema eitt lítið raðhús í blómabænum.

Ég tek þetta fáránlega dæmi til þess að undirstrika hversu illa ykkur gengur að byggja upp réttlátt þjóðfélag, eftir hrunið sem sum ykkar áttuð umtalsverðan þátt í. Þótt sök ykkar sé vissulega minni en ýmissa annarra stjórnmálamanna.

Ég verð að segja að ég er allt annað en sáttur við ykkar frammistöðu við að rétta við hag heimilanna. Það eru mér mikil vonbrigði að horfa upp á dugleysið sem virðist einkenna flokkinn sem ég hef stutt með ráðum og dáð. Hingað til.

Ég ætla ekki að rekja hér nákvæmlega hvernig fyrir sjálfum mér er komið, en í stuttu máli sagt er ég svo „heppinn“ að hafa staðið undir stökkbreytta húsnæðisláninu mínu fram til þessa.

Það er fyrst og fremst vegna þess að ég eyddi ekki um efni fram fyrir hrun. Keypti ekki 50 milljóna króna húsið sem bankinn sagði mér að ég hefði bolmagn til að kaupa og tók ekki heldur erlenda lánið sem mér var ráðlagt að taka.

Og ekki datt mér í hug að kaupa Elton John í afmælið mitt. Enda bæði smekkmaður á tónlist og sparsamur. Ég staðgreiddi bílinn sem ég hafði sparað mér fyrir og keypti mér 30 milljóna króna raðhús.

Ég var sem sagt á haustmánuðum 2007 í nýlegu raðhúsi, á nýlegum bíl og skuldaði ekkert nema íslenskt, verðtryggt lán á 4,25 % vöxtum. Óskastaða?

Afborgun af láninu var í kringum hundrað þúsund á mánuði. Ári síðar kom hrunið og fljótlega eftir það var afborgunin komin í 150 þúsund og er núna rúmar 160 þúsund krónur á mánuði.

Ég borga því u.þ.b. 700 þúsund krónum meira á ári hverju af húsinu mínu eftir hrun. Þar við bætast auðvitað allar aðrar verðlagshækkanir.

Ég stend ekki undir þessu mikið lengur. Meðan fólk allt í kringum mig, sem margt hagaði sér ógætilega í aðdraganda hrunsins, fær afskrifaðar fleiri milljónir get ég ekki verið sáttur við ykkar frammistöðu.

Jú, víst keypti ég mér flatskjá 2007, en ég staðgreiddi hann. Ég eyddi sem sagt ekki um efni fram fyrir hrun. En ég hef eytt um efni fram eftir hrun. Af illri nauðsyn.

Ég skora á ykkur öll að leita allra leiða til þess að koma til móts við mig – og margt annað fólk sem er í svipaðri stöðu. Það er skylda ykkar sem kennið ykkur við jöfnuð að gæta sanngirni í aðgerðum.

Með von um jákvæð og dugandi viðbrögð.

# MacBook Pro




## MacBook Pro 13”

2,3GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB DDR3 vinnsluminni
320GB harður diskur
Intel HD Graphics 3000 384MB
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

**Verð: 169.990.-**

**Verð áður: 209.990.-**

## Ævisaga Steve Jobs

eftir Walter Isaacson



er komin í verslanir okkar að
**Laugavegi 182** & **Smáralind.**

Tryggðu þér eintak af sögu þessa
einstaka frumkvöðuls.

**Verð: 4.690.-**

epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
SSími 512 1300 | www.epli.is

# Jafnvægi í náttúruvernd

Náttúruvernd

Elvar Árni Lund
sjávarútvegsfræðingur og formaður SKOTVÍS



Ari Trausti Guðmundsson skrifar áhugaverða grein í Fréttablaðið 12. október sl. um meðferð dýra á Íslandi, Við og dýrin. Flest af því sem Ari segir þar tek ég heilshugar undir, sér í lagi hvað varðar meðferð og flutning sláturdýra á Íslandi en víst er að líf margra dýra áður en þeim er slátrað til kjötvinnslu er bágborið samanborið við líf villtra dýra og fugla. Lög á Íslandi um dýravernd eru samt að flestra mati góð, en eins og oft vill verða, þá er það eftirfylgnin sem ekki er í lagi og er fjárskorti kennt um.

Í grein Ara Trausta segir að nú sé tími til kominn að láta af harðri samkeppni við rándýr í náttúrulegu umhverfi sínu en þarna vil ég staldra við.

Lífríkið er í stöðugri þróun og mannanna verk hafa áhrif þar á. Það sem við teljum vera „náttúrulegt umhverfi“ dýra er kannski ekki svo náttúrlegt þegar betur er að gáð. Hvað er t.d. náttúrulegt við það að sílamávar og hrafnar hafi frjálst aðgengi að úrgangi fiskeldisstöðva og sorpurðunarsvæða nokkra daga í viku en þurfi þess á milli að leita sér ætis annars staðar, svo dæmi séu nefnd?

Þegar svo varptími mófugla gengur í garð, sækir „vargurinn“ að sjálfsögðu í egg og unga annarra tegunda til að fóðra eigin afkvæmi. Hvað með að láta af refaveiðum þegar slíkt hefur verið stundað frá landnámi og ákveðið „jafnvægi“ hefur komist á? „Jafnvægið“ einkennist af fáum refum en fjölda fugla sem auðga umhverfið með söng sínum og látbragði. Hægt er að nýta suma fuglastofnana til veiða, enda eru þeir sterkir og heilbrigðir þegar afrán er takmarkað.

Sé refaveiðum hætt mun eflaust komast á einhvers konar „jafnvægi“ aftur en hvers konar jafnvægi yrði það? Til að byrja með myndi ref fjölga hratt og þar sem mikið er af æti mun byggðin vera þétt enda takmarkast stærð refaóðala m.a. af æti innan þeirra, þ.e.a.s. þar sem mikið er af æti er þéttleikinn mikill. Þegar líður á mun hinsvegar framboð af æti minnka, fuglalífið mun taka breytingum. Refir gætu jafnvel soltið áður en „jafnvægi“ kæmist á aftur. Og hvaða jafnvægi væri það? Færri fuglar og fleiri refir sem myndu halda niðri fjölda fugla nema gripið væri inn í. Er það eðlileg þróun? Er það eftirsóknarvert, og þá fyrir hvern?

Hvernig lífríkið á Íslandi var fyrir landnám er erfitt að fullyrða um. Sennilega hefur verið meira um ref á láglendi en eftir að landnám hófst og þar með veiðar. Menn vissu í þá daga að samkeppnin um matinn er hörð og dýr eins og refur er vissulega í samkeppni við manninn um æti. Því hafa refaveiðar verið stundaðar frá upphafi. Hugmyndir sumra um að hægt sé að hafa mikið af rjúpu öðru megin á fjallinu og marga refi hinum megin ganga einfaldlega ekki upp, sbr. refafriðlandið á Hornströndum. Þar sem mikið er af fuglum vill svo til að veiðar á ref og mink eru stundaðar af kappi en því miður fer þessum svæðum fækkandi.

Allt sem mannskepnan gerir hefur áhrif á náttúruna enda er það svo að maðurinn er hluti af náttúrunni hvað sem hann gerir. Þannig getur aðgerðarleysi verið í raun jafnmikið inngrip í náttúruna og bein aðgerð. Nú á dögum má oft heyra frasann „að láta náttúruna njóta vafans“. Ekkert er samt rætt um hver þessi vafi er enda er þessi frasi oft notaður þegar grípa á til skipulegs aðgerðarleysis sem er eins og áður segir í rauninni heilmikið inngrip.

Maðurinn hefur stundað einhverskonar veiðar frá upphafi sem tegund og jafnvel áður en tegundin varð til sem slík. Margar veiðiaðferðir sem notast var við eru óásættanlegar í dag og hafa nýjar og mannúðlegri aðferðir litið dagsins ljós. Nægjusemi við veiðar, hófleg umgengni við nytjastofna og margt annað sem lítur að veiðisiðferði hefur aukist til muna undanfarna áratugi á Íslandi. Síðan Skotveiðifélag Íslands tók til starfa hefur mikið áunnist og siðareglur félagsins sem samþykktar voru fyrir rúmum 30 árum sýna að SKOTVÍS eru samtök náttúruunnenda og veiðimanna. Veiðar á ref, mink og sílamáf er náttúruvernd í verki. Uppgjöf og aðgerðarleysi er það ekki.

# Allir vinna (sumir meira en aðrir)

Skattamál

Ágúst Karl Guðmundsson
skattalögfræðingur



Átakið „Allir vinna“ hefur sjálfsagt ekki farið framhjá neinum. Um er að ræða sameiginlegt hvatningarátak stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Það felur í sér endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattfrádrátt vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús þegar unnið er að viðhaldi eða endurbótum á húsnæðinu á byggingarstað. Ljóst er að átakið er vel heppnað átak enda hafa a.m.k 19.000 manns nýtt sér það samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra.

Bankar og aðrar lánastofnanir hafa viljað leggja sitt af mörkum í tengslum við átakið og hafa boðið viðskiptavinum sínum framkvæmdalán til endurbóta á húsnæði sínu.

Aftur á móti er ekki jafnræði á milli lánastofnana og lánþegum er mismunað. Þeir aðilar sem taka endurbótalán hjá Íbúðalánasjóði virðast vera í hvað bestri aðstöðu. Ástæðan er sú að samkvæmt b-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, mynda lán til verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota stofn til greiðslu vaxtabóta nema lánið sé tekið hjá Íbúðalánasjóði.

Lántakendum og þátttakendum í átakinu „Allir vinna“ er því mismunað samkvæmt skattalögum eftir því hvar þeir taka lán. Einungis þeir sem taka lán hjá Íbúðalánasjóði eiga möguleika á því að fá vaxtabætur vegna slíkra lána. Ríkisvaldið hefur haldið uppi þeim röksemdum að ef réttur til vaxtabóta vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði yrði rýmkaður þannig að hann tæki einnig til annarra lánveitanda en Íbúðalánasjóðs yrði aukið á vanda skattyfirvalda við eftirlit. Ástæðan er sú að endurbótalán sæta sérstöku eftirliti hjá Íbúðalánasjóði. Slíkar röksemdir eru varla haldbærar þar sem hægt er að leggja sömu kröfur á hendur öðrum lánveitendum. Þá verður að telja að hugsanlega aukin vinna skattyfirvalda vegna eftirlits með fleiri aðilum vegna endurbótalánanna sé heldur léttvæg ástæða samanborið við þá mismunun sem fólk verður fyrir eftir því hjá hvaða lánveitanda það tók lán.

> Lántakendum og þátttakendum í átakinu „Allir vinna“ er því mismunað samkvæmt skattalögum eftir því hvar þeir taka lán.

Velta má því fyrir sér hvort það sé ekki til hagsbóta fyrir fólkið í landinu að það geti valið hvar það sækir sér lán til endurbóta á húsnæði sínu. Skattalegar ívilnanir eiga ekki að ráða för við ákvörðun á því hvar lán eru tekin.

Það er sanngirnismál að jafna stöðu lántakenda og breyta ákvæði tekjuskattslaga um vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði til eigin nota.

HVERS VEGNA FITNUM VIÐ?

UMTÖLUÐ BÓK SEM NÚ ER KOMIN ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU




Hvernig á fólk að bregðast við ef það fer að fitna?

Hvaða máli skipta erfðir og hvaða hlutverki gegna sykrur í offitu?

Af hverju misheppnast flestir megrunarkúrar?

AF HVERJU HERJAR FITUFARALDUR Á VESTURLÖND?

Hvað er það í mataræði Vesturlandabúa sem veldur vestrænum sjúkdómum eins og sykursýki, hjartasjúkdómum og krabbameini? Í bókinni eru raunhæf ráð þar sem er ekki ætlast til hins ómögulega.

Eymundsson.is

Eymundsson Bóksali frá 1872

# KJARADAGAR

**Notaðir bílar á góðu verði.**
Sérstök kjör á völdum bílum og frábærir lánamöguleikar.

**Komdu í dag eða á morgun – opið til kl. 20.**




## ▸ Dæmi um kjarabíla

| Tegund | Gerð | Árgerð | Kjaraverð | Lengd láns | Afborgun pr. mánuð* |
|---|---|---|---|---|---|
| Toyota | Yaris | 05/10 | 1.790.000 | 72 mán | ▸ 22.490 |
| Toyota | Yaris | 05/08 | 1.390.000 | 60 mán | ▸ 20.290 |
| Nissan | X-Trail | 07/08 | 2.990.000 | 72 mán | ▸ 37.590 |
| Volkswagen | Tiguan | 06/08 | 3.990.000 | 72 mán | ▸ 49.990 |
| Kia | Sorento | 09/06 | 3.090.000 | 60 mán | ▸ 44.900 |
| Kia | Sorento | 05/08 | 3.490.000 | 60 mán | ▸ 50.690 |
| Volkswagen | Polo | 06/08 | 1.290.000 | 60 mán | ▸ 19.190 |
| Mitsubishi | Pajero V6 | 03/07 | 4.390.000 | 60 mán | ▸ 63.690 |
| Mitsubishi | Lancer | 06/09 | 2.290.000 | 72 mán | ▸ 28.756 |
| Mitsubishi | Lancer | 06/05 | 990.000 | 36 mán | ▸ 22.390 |
| Volkswagen | Golf Plus | 01/08 | 1.490.000 | 60 mán | ▸ 21.690 |
| Hyundai | Getz | 06/08 | 1.090.000 | 60 mán | ▸ 15.890 |
| Ford | Escape | 12/05 | 1.090.000 | 48 mán | ▸ 19.390 |
| Toyota | Corolla | 05/08 | 1.790.000 | 72 mán | ▸ 22.490 |
| Kia | cee´d | 07/10 | 2.090.000 | 72 mán | ▸ 26.590 |
| Citroen | Picasso | 07/06 | 1.090.000 | 48 mán | ▸ 19.390 |
| Subaru | Legacy | 12/05 | 1.690.000 | 48 mán | ▸ 29.990 |
| Peugeot | 307 | 07/06 | 1.190.000 | 48 mán | ▸ 21.090 |
| Peugeot | 206 | 06/06 | 990.000 | 60 mán | ▸ 17.590 |

*Afborgun miðast við 30% útborgun og óverðtryggðan bílasamning á 8,95% föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Nánari upplýsingar á www.landsbankinn.is.

## ▸ Dæmi um frábær kaup

**Kia cee'd 2010**
Verð 1.990.000 kr.
Útborgun 597.000 kr.

**24.990 kr.**
**m.v. 72 mán.**

6 ára ábyrgð eftir frá framleiðanda

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans býður einnig verðtryggða eða óverðtryggða bílasamninga með breytilegum vöxtum. Kynntu þér fjármögnunarleiðirnar á www.landsbankinn.is eða í síma 569 2000.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0865

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

ASKJA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



53 **SIMON LE BON** tónlistarmaður er 53 ára í dag.

*„Ég er alls ekki snobbaður. Spyrjið bara hvern sem er, það er að segja einhvern sem skiptir máli.“*

---

†



**Kristrún Matthíasdóttir**

á Fossi í Hrunamannahreppi

lést að heimili sínu 24. október. Jarðarför hennar verður gerð frá Hrunakirkju laugardaginn 29. október kl. 13.00. Jarðsett verður í Tungufelli.

**Aðstandendur**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi*

**Haraldur Magnússon,**

Dalseli 35, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 15. október. Útför hefur farið fram. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun.

**Hjördís Hannesdóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðrún Edda Haraldsdóttir** | **Guðbrandur Jónsson** |
| **Hannes Haraldsson** | **María Correa Fong** |
| **Magnús Már Haraldsson** | **Fríða Guðlaugsdóttir** |
| **Bjarki Þór Haraldsson** | **Hildur Elfarsdóttir** |

**og barnabörn**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,*

**Hólmsteinn Valdimarsson**

frá Blönduósi,

lést á sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 17. október síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Blessuð sé minning hans.

**Jóhanna Hrefna Hólmsteinsdóttir**
**Margrét Kristín Hólmsteinsdóttir**
**Valdimar Stefán Hólmsteinsson**
**Baldur Helgi Hólmsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Valgerður Jónsdóttir**

Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Skipagötu 15, Ísafirði,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 20. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 28. október kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Sigrún Viggósdóttir** | **Páll Gunnar Loftsson** |
| **Kristján Viggósson** | **Erna Guðmundsdóttir** |
| **Vilberg Viggósson** | **Ágota Joó** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

HALLGRÍMSKIRKJA: HALDIÐ UPP Á 25 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI

# Kirkjan minnir stöðugt á sig

Hallgrímskirkja átti 25 ára vígsluafmæli í gær. „Það var mikill áfangi þegar Pétur Sigurgeirsson biskup vígði kirkjuna hinn 26. október árið 1986 á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar,“ segir Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju. Hann lýsir því að afar langur aðdragandi hafi verið að vígslu kirkjunnar. „Þarna hafði kirkjan verið í byggingu í 41 ár, en þegar á fyrri hluta síðustu aldar var byrjað að tala um byggingu kirkju á Skólavörðuholtinu,“ segir séra Jón. Það var fyrir um sjötíu árum, árið 1940, sem Alþingi gerði lagabreytingu þannig að til urðu fjórar sóknir í Reykjavík, þar á meðal Hallgrímssókn. „Þá varð Hallgrímssöfnuður til, stofnuð var sóknarnefnd og tveir prestar kosnir, þeir dr. Sigurbjörn Einarsson og dr. Jakob Jónsson. Kvenfélagið varð strax öflugt og stóð fyrir ýmsum söfnunum fyrir kirkjubyggingunni,“ lýsir séra Jón.

Kirkjan var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsasmíðameistara en teikningin var umdeild. „Til eru heimildir um mótmæli borgarbúa sem fannst teikningin ljót og vildu losna við þetta ferlíki af hæðinni,“ segir séra Jón. Hugur manna virðist þó hafa breyst síðan. „Það er skemmtilegt að segja frá því að í vor gerði vefurinn Budget Travel könnun meðal sinna notenda um tíu fallegustu kirkjur veraldar og þar er Hallgrímskirkja á lista,“ segir hann glaðlega.

Þó að kirkjan hafi ekki verið vígð fyrr en 1986 var þó byrjað að nota hluta hennar mun fyrr. „Fyrsta rýmið, kórkjallarinn, var vígt árið 1948 og þá var byrjað að messa þar,“ segir séra Jón, en rými kirkjunnar voru tekin smám saman í notkun þó að byggingin væri ókláruð.



**VIÐ ALTARIÐ** Hallgrímsmessa verður haldin í kvöld og auk þess verða tvær messur á sunnudaginn í tilefni afmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Safnaðarstarf innan kirkjunnar hefur alltaf verið öflugt, sem sýnir sig kannski helst í því að söfnuðinum sjálfum tókst að safna um 65 prósentum af byggingarkostnaðinum. „Hallgrímskirkja hefur fastan sess í borgarmyndinni. Hún minnir stöðugt á sig og séra Hallgrím,“ segir séra Jón, en hann telur að færri þekki innviði kirkjunnar jafn vel. „Hér fer fram safnaðarstarf á hverjum einasta degi vikunnar. Hér er starf með börnum frá ungbörnum og upp í unglinga. Drengjakór Reykjavíkur hefur hér aðsetur, foreldramorgnar eru á hverjum miðvikudagsmorgni og starf með öldruðum er tvisvar í viku,“ lýsir séra Jón. Hann minnist einnig á hið öfluga lista- og tónlistarstarf sem er í kirkjunni. Til dæmis hafi verið haldnir 39 tónleikar með um fjögur þúsund áheyrendum í sumar.

Vegna langs aðdraganda þótti vígsla kirkjunnar árið 1986 mikill áfangi og verður hennar minnst með ýmsum hætti; fyrst með Hallgrímsmessu á Hallgrímsdegi í kvöld og síðan með hátíðamessu á sunnudaginn klukkan 11 og enskri messu klukkan 14.

Á nýju ári er síðan ætlunin að gefa út bók um sögu Hallgrímskirkju eftir dr. Sigurð Pálsson, fyrrverandi sóknarprest við kirkjuna. **solveig@frettabladid.is**

---

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Kristín Guðbjörg Magnúsdóttir,**

áður til heimilis að Kambsvegi 22,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 21. október. Útförin verður auglýst síðar

| | |
|---|---|
| **Magni Guðmundsson** | **Halldóra Þorvaldsdóttir** |
| **Halla Soffía Guðmundsdóttir** | **Halldór K. Karlsson** |
| **Viðar Guðmundsson** | **Stella Berglind Hálfdánardóttir** |
| **Margrét Heiðdís Guðmundsdóttir** | **Jóhann G. Guðbjartsson** |
| **Oddný Guðfinna Guðmundsdóttir** | **Hörður Hallgrímsson** |
| **Sigurgeir Guðmundsson** | **Svava Þorsteinsdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristbjörg Hermannsdóttir**

Höfðagötu 17, Stykkishólmi,

lést laugardaginn 22. október á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Hún verður jarðsungin frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 29. október kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Hermann Guðmundsson** | **Sigurlína Sigurbjörnsdóttir** |
| **Bæring Jón Guðmundsson** | **Jóna Gréta Magnúsdóttir** |
| **Sigurþór Guðmundsson** | **Sigrún Hrönn Þorvarðardóttir** |
| **Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson** | **Elísabet Kristjánsdóttir** |
| **Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir** | **Jón H. Gunnarsson** |
| **Ágústína I. Guðmundsdóttir** | **Gunnar Gunnarsson** |

**og fjölskyldur**

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur stuðning, samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru, eiginkonu, dóttur, móður, ömmu, systur og tengdadóttur,*

**Hafdísar Jónsteinsdóttur,**

Daggarvöllum 11, Hafnarfirði,

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11 E LSH, Heimahjúkrun Karítas og öllu starfsfólki Líknardeildar LSH í Kópavogi.

| | |
|---|---|
| **Ólafur Örn Jónsson** | |
| **Jónsteinn Haraldsson** | **Halldóra Kristjánsdóttir** |
| **Halldóra Ólafsdóttir** | **Ísold Braga Halldórudóttir** |
| **Ólafur Örn Ólafsson** | **Ástrós Ósk Jónsdóttir** |
| **Borgar Jónsteinsson** | **Þórunn Inga Sigurðardóttir** |
| **Jón Gestur Jónsson** | **Rósa Arnórsdóttir** |

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa.*

**Björns Eiðssonar**

húsasmíðameistara
Sléttuvegi 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks B1 hjúkrunarheimilinu Eir fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Sigurrós Gísladóttir,**

| | |
|---|---|
| **Svava Björnsdóttir** | **Sigurbjörn Björnsson,** |
| **Eiður Björnsson** | **María M Guðmundsdóttir,** |
| **Gísli Björnsson** | **Anna Dóróthea Tryggvadóttir,** |
| **Anna Björnsdóttir,** | **Róbert B Agnarsson,** |
| **Sigurrós Birna Björnsdóttir** | **Guðmundur Hallgrímsson,** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Kínverski tískutvíæringurinn** stendur nú sem hæst í Beijing í Kína. Hátíðin samanstendur af 44 sýningum og sex keppnum sem yfir 200 hönnuðir taka þátt í. Þeirra á meðal er kínverska tískuveldið NE Tiger, sem sýndi þennan fallega og skrautlega kjól.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



**GRAMSI GRAMSI - TILBOÐ**



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

Vertu vinur

- ýmsar tegundir t.d. þessi
teg BETTY SUE - stakar stærðir kr. 4.990,-



Eirberg



**Rafknúnir hægindastólar**

- Bak og skemill með fjarstýringu
- Upplyfting fyrir þá sem það kjósa

**Fjölbreytt úrval – Aukin þægindi**

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is






hjá Hafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


Auður Karitas Ásgeirsdóttir hannar úr íslenskri ull.



# Flökraði við þæfðri ull

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auður Karitas Ásgeirsdóttir, fatahönnuður og stílisti hjá ljósmyndastúdíóinu Magg, var ekkert hrifin af ull sem hráefni þegar hún var við nám. Gömul Álafossflík breytti því þó og nú er hún höfundurinn á bak við ullarflíkurnar í Geysi á Skólavörðustíg.

„Ef ég heyrði „þæfð ull“ varð mér flökurt,“ segir hún og hlær. „Svo sá ég ótrúlega eitt prjónaflík á útsölurekka hjá Álafossi sem var svo falleg og þá kviknaði ljós í kollinum á mér að gera 2010-útgáfu af henni,“ segir Auður, sem lagðist í framhaldinu yfir íslenska menningararfinn í hugmyndavinnu.

„Ég skoðaði mikið gamlar ljósmyndabækur, gömul íslensk frímerki og vefnað og heimsótti líka byggðasöfn. Flíkurnar eru framleiddar hér á landi hjá Glófa og þar hafa menn mikla þolinmæði gagnvart mér þegar ég er að breyta munstrum og litum. Íslenska ullin er svolítið gróf en voðirnar eru meðhöndlaðar, ýfðar upp á báðum hliðum og mýktar,“ segir hún og virðist alveg hafa tekið ullina í sátt. Spurð hvort hún eigi sér uppáhaldsflík segir hún slána Auði í uppáhaldi.

„Það er fyrsta sláin sem ég gerði. Mér þykir alltaf vænt um hana en hún var upphafið að þessu spennandi verkefni.“

*heida@frettabladid.is*




**TILBOÐSDAGAR**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Vegna árshátíðar starfsmanna verður lokað í Reykjavík föstudag og laugardag 28.-29. október**



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

**VALHÖLL**, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

PROFLEX
2x90x200
Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Fyrirsæta** sýnir forkunnarfagran kjól og höfuðfat úr smiðju kólumbíska fatahönnuðarins Carlos Arturo Zapata. Sýning Zapata er liður í Cali Exposhow sem haldin er í Kólumbíu ár hvert.

Hugtakið emo náði fyrst yfir tiltekna pönktónlist á 9. áratug 20. aldar. Smám saman víkkaði merking orðsins út og nær nú líka yfir klæðnað sem einkennist af dökkum litum, röndum og hermannaklossum.

visindavefur.hi.is




Á myndinni til vinstri eru föt eftir Rain Dear og hundur eftir Hildi Yeoman. Til hægri er innsetning Steinunnar en bæði föt gínunnar og fötin á snúrunni eru eftir hana.

# Aðsóknarmet slegið í Seattle

**Sýningin Looking Back to Find our Future á Norræna sögusafninu í Seattle hefur slegið aðsóknarmet. Hrafnhildur Arnardóttir, Shoplifter, er sýningarstjóri. Sýningin hefur fengið mikla umfjöllun erlendis.**

„Aðsóknin og umfjöllunin um sýninguna er framar öllum okkar vonum. Við bjuggumst við að fá 5.000 gesti í heildina en sá fjöldi kom í fyrstu vikunni,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir hjá Norræna húsinu. Hún vísar þar til Norræna tískutvíæringsins sem haldinn er í Seattle og sýningarinnar Looking Back to Find our Future í Norræna sögusafninu í borginni. „Sýningin er að slá öll aðsóknarmet. Fyrstu vikuna borguðu 4.626 einstaklingar sig inn á sýninguna og er það 200 prósenta fjölgun á heimsóknum í safnið vegna sýninga,“ upplýsir Ilmur og bætir við að sýningin hafi einnig fengið gríðarlega mikla umfjöllun bæði í Seattle og á alþjóðlegum vefum sem fjalla um listir og hönnun.

Sýningin, sem fjallar um norræna fatahönnun, er sett upp líkt og listsýning. Henni er haganlega komið fyrir í annarri sýningu í safninu sem nefnist Dream of America og fjallar um líf norrænna landnema í Seattle við upphaf 19. aldar. Norræna sögusafnið er á þremur hæðum og breiddi sýningin úr sér á allar hæðir. Á fyrstu hæð var sambræðingur fortíðar og nútíðar þar sem nútíma hönnun var blandað inn í fasta sögusýningu. Á annarri hæð voru innsetningar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi og á þeirri þriðju voru Henrik Vibskov, Sandra Backlund, Ivana Helsinki, Moods of Norway og Steinunn Sigurðardóttir með innsetningar í sýningarrýmum sem eru tileinkuð Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Íslandi.



Fjöldi íslenskra hönnuða tók þátt í sýningunni. þar á meðal Kron by KronKron.

En hvernig stendur á þessum mikla áhuga á sýningunni? „Það er ekki gott að segja. Hún var vissulega vel kynnt og haldin var ráðstefna tengd sýningunni og tveir utandagskrárviðburðir í verslunarmiðstöð og listagalleríi þannig að við náðum til breiðs hóps. Samt hefur aðsóknin komið okkur mjög á óvart,“ segir Ilmur. Sýningin stendur til 14. nóvember en minni útgáfa af henni verður sett upp í Scandinavian House í New York í mars 2012. Hrafnhildur Arnardóttir mun einnig setja saman þá sýningu enda byggir hún á Seattle-sýningunni.

*solveig@frettabladid.is*



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

Jóla-útsaumur
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15
Amma mús handavinnuhús

HAUST Í SKARTHÚSINU
Ný sending af mjúku og hlýju hringtreflunum.
Verð frá kr. 2.990,-

Einnig mikið úrval af húfum, höttum, treflum, vettlingum, hnésokkum og legghlífum.
Úrval af skartgripum fyrir árshátíðirnar.
Erum á Facebook
SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS
395 KCAL

Fitness Burrito
Heilhveiti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. 1.190 kr
385 KCAL
Hot´nSweet salat m. kjúkling

Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +65 kcal) 1.350 kr
383 KCAL

Tacos m. nautahakki
3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi.
1.340 kr
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

NÝ SENDING!
SPARIFATNAÐUR

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

# Söðlaði um og fór að hanna ungbarnafatnað

**Ragnhildur Anna Jónsdóttir venti sínu kvæði í kross, hætti í vinnunni og hóf að hanna ungbarnafatnað úr lífrænni bómull undir merkinu Jónsdóttir & co. Varan er vottuð með Fair Trade-merkinu.**



Samfella úr óbleiktri bómull með áletruninni Ugla sat á kvisti.



„Þetta er búið að vera ótrúlega lærdómsríkt og skemmtilegt ferli," segir Ragnhildur Anna Jónsdóttir, sem nýverið hóf eigin hönnun undir merkinu Jónsdóttir & co. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef unnið við verslunarstörf nánast frá því ég man eftir mér en ákvað að söðla um og skapa eitthvað sjálf. Fyrsta verkefni mitt er ungbarnasamfellur og smekkir úr lífrænni bómull saumaðir og vottaðir með Fair Trade-merkinu," segir Ragnhildur Anna Jónsdóttir, sem hafið hefur hönnun á ungbarnafatnaði undir nafninu Jónsdóttir & co. „Mér fannst það mikilvægur punktur þegar ég ákvað að fara af stað með eitthvað sjálf að á endanum nytu allir góðs af," segir hún.

Ragnhildur segir þetta hafa verið ótrúlega lærdómsríkt og skemmtilegt ferli. „Að velta fyrir sér myndefni, litum, texta og síðast en ekki síst umbúðunum. Ég lagði heilmikið upp úr því að finna skemmtilegt efni til að nota í umbúðirnar og nokkrum samfellunum fylgir gjafapoki úr bleiugasi með sömu áletrun og er á samfellunni. Það er Vinnustofan Ás, sem er verndaður vinnustaður, sem saumar pokana og ég er ótrúlega ánægð með það samstarf."

Samfellurnar og smekkirnir eru ýmist úr bleiktri eða óbleiktri bómull og hægt er að velja um átta mismunandi mótíf. Heimasíðan jonsdott-ir.is er í vinnslu en þar verður hægt að gera sérpantanir auk þess að kaupa samfellur og smekki með þeim mótífum sem þegar eru komin í framleiðslu. „Ég er líka með Facebook-síðuna Jónsdóttir & co og þar getur fólk séð myndir af vörunni og fylgst með nýjungum," segir Ragnhildur.

*Samfellurnar og smekkirnir fást hjá Epal, Minju við Skólavörðustíg og í Safnabúðinni í Þjóðminjasafninu. fridrikab@frettabladid.is*





**20% afsláttur af GUERLAIN**
förðunarvörum á sérstökum förðunardögum Hygeu í Kringlunni og Smáralindinni dagana 27.-29. október.

Sérfræðingar frá GUERLAIN verða í Hygeu og veita faglega ráðgjöf um förðun og leyndardóminn við að líta alltaf vel út.

- Nýr kökufarði, Lingerie De Peau, gefur húðinni góðan raka og hefur sömu náttúrulegu áferð og húðin sjálf „Second Skin". Kremhyljari kemur með farðanum sem hylur dökka bletti, bauga og birtir upp augnsvæðið.
- Rouge Automatique, nýi varalitinn frá Guerlain. Það er tekið eftir konunni með Rouge Automatique varalitinn hún er sjálfsörugg og elskar lífið.
- Augnskugga pallettur í fallegum öskjum, má einnig nota sem „eyeliner". Augnskuggarnir frá Guerlain koma í fallegum litum svo hver kona finnur sinn lit.

Glæsilegir kaupaukar frá Guerlain með tveimur keyptum vörum í línunni þar af einn farði/Krem.

HYGEA
snyrtivöruverslun






Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



50% afsláttur
af völdum kjólum og kápum fimmtudag-laugardag



FLASH Laugaveg 54, sími: 552 5201 Við erum á Facebook

## Kello – Kringlunni



Nu úlpa
Græn/grá
Verð 35.990



Kello ullarúlpa
Svört/grá/beige
Verð: 29.990



Freequent úlpa
Svört/hvít/græn/beige
Verð 9.995



Kello dúnúlpa
Svört /beige
Verð 41.990

## Júník – Smáralind



Loðvesti
St. S-L
Verð 10.990



Kápa st. 36-42
Svört/Beige
Verð : 14.990

## Zara – Smáralind og Kringlunni



80% dúnn og 20% fjaðrir
Svört/kremuð
St. XS-XL
Verð: 24.995



70% dúnn 30% fjaðrir
Brún/svört/kremuð/dökkblá
St. XS-XXL
Verð: 18.995



70% dúnn og 30% fjaðrir
Svört/græn
St. XS-XXL
Verð: 16.995



50%dúnn og 50% fjaðrir
Kremuð/svört
St. XS-L
Verð: 18.995



# POPP

TÓNLISTARBLAÐ • 27. OKTÓBER

# HJÁLMAR

*Nýja platan er sú besta*

+

**Bó og Erpur taka rokkprófið**

**Dikta sendir frá sér Trust Me**

**Jóhanna Guðrún og bestu Led Zeppelin-lögin**

„LEÐURBUXURNAR GÓÐU FRÁ HLH-TÍMABILINU ERU Á SÍNUM STAÐ UNDIR GLERI.“
SÍÐA 6

## TÓNLEIKAR

**Í kvöld:** Hljómsveitin Vintage Caravan kemur fram á Gauki á Stöng ásamt sérstökum gestum. Fjörið hefst klukkan 21 og það kostar þúsundkall inn.
**Á morgun:** Breska hljómsveitin The Validators kemur fram á Faktorý. Fræbbblarnir, Fivebellies og Taugadeildin hita upp. Meira pönk! Meira helvíti!
**Ekki á morgun heldur hinn:** Hljómsveitirnar The Dandelion Seeds, Bárujárn, Gang Related og Súr koma fram á Gauki á Stöng.

**POPP** er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.
**Umsjón:** Atli Fannar Bjarkason
**Forsíðumynd:** Valli
**Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
*Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500*

# NÝ PLATA FRÁ DIKTU

*DIKTA SLÓ Í GEGN MEÐ PLÖTUNNI GET IT TOGETHER FYRIR TVEIM ÁRUM. NÝ PLATA ER VÆNTANLEG FRÁ HLJÓMSVEITINNI OG GLÆSILEGUR FÁLKI PRÝÐIR UMSLAGIÐ.*

„Þetta verður ellefu laga meistaraverk,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Diktu.

Dikta sendir frá sér fjórðu breiðskífuna sína um miðjan nóvember. Platan hefur fengið nafnið Trust Me, en von er á laginu What Are You Waiting For? í útvarpsspilun í þessari viku.

Umslag plötunnar er eftir myndlistarmanninn Heimi Björgúlfsson, sem býr í Los Angeles í Bandaríkjunum. „Við kynntumst verkum hans á netinu og svo hitti ég hann þegar ég var í LA í sumar,“ segir Haukur.

Dikta sló í gegn með síðustu plötu sinni, Get It Together, sem kom út árið 2009. Platan seldist í þúsundum eintaka og lögin Thank You, From Now On og Just Getting Started hafa notið gríðarlegra vinsælda og flakkað á milli flestra útvarpsstöðva landsins.



Umslag nýju plötunnar með Diktu er stórglæsilegt.



Strákarnir í Diktu snúa aftur um miðjan nóvember með nýja plötu.




# VILTU VINNA NÝJU HJÁLMAPLÖTUNA?

Hjálmar senda frá sér nýja plötu í næstu viku. Ef þú hefur áhuga á að eignast þessa plötu án þess að borga krónu fyrir er heppnin með þér. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook og „læka“ síðu Poppsins. Þegar platan kemur út verða nokkrir heppnir vinir Popps dregnir út.

Ef þú vinnur ekki þarftu ekki að örvænta, því Popp hyggst draga út aðrar plötur, miða á tónleika og fleiri tónlistartengda vinninga vikulega.



Órar, nýja Hjálmaplatan, lofar góðu.

## ÍSLENSK / ERLEND

### QUARASHI
*ANTHOLOGY* ★★★★



Þessi safnpakki frá Quarashi er stórglæsilegur. Á diski eitt má finna nokkur af bestu lögum hljómsveitarinnar; Catch 22, Mr. Jinx og Lone Rangers, og það er vel við hæfi að hún endar á lagastúfnum BLESS.
Diskur tvö inniheldur endurhljóðblandanir, B-hliðar og óútgefið efni. Nýja lagið Beat ‘Em er reyndar ekkert spes og það er raunar skiljanlegt að það hafi ekki ratað á plötu fyrr en nú. Skemmtilegra er að heyra hinar ýmsu endurhljóðblandanir (remix) sem Quarashi-liðarnir sendu frá sér. Þriðji diskurinn er DVD með myndböndum og tónleikaupptökum. Mikið var lagt í myndbönd Quarashi á sínum tíma, sem sést ennþá betur þegar horft er á þau öll í röð. Þá er stórskemmtilegt að sjá Quarashi á sviði í Tókýó flytja lögin Stick ‘Em Up og Mr. Jinx. Þeir voru stórir í Japan!

**Sem sagt:** Flottur pakki frá hljómsveit sem enn er sárt saknað. **- afb**

### COLDPLAY
*MYLO XYLOTO* ★★



Þessi fimmta plata Coldplay er uppfull af The Edge-legum gítarleik og „wo-o-o-ó-ó“-góli Chris Martin, sem er satt best að segja á mörkum þess að vera óþolandi. Lagið Every Teardrop Is a Waterfall skarar fram úr, einfaldlega mjög flott popplag, og önnur fín eru Hurts Like Heaven, kassagítarballaðan Up Against The World og Paradise, þrátt fyrir að vera ansi sykursætt á köflum. Hið U2-lega Major Minus er bærilegt en restin er rislítil, þar á meðal Princess of China með Rihönnu. Coldplay-liðar eru samir við sig á þessari plötu og halda sig við vinsældaformúlu sína án þess að brydda upp á neinum nýjungum. Kröfuharðir hlustendur hljóta að vilja eitthvað aðeins bitastæðara, enda fyrstu tvær plötur Coldplay hreint út sagt frábærar.

**Sem sagt:** Mylo Xyloto er ágæt plata en alls ekki samboðin yfirlýstum heimsyfirráðametnaði Martins. **- fb**

C.F. Martin & Co.
EST. 1833

# Láttu drauminn rætast.



Tónastöðin býður upp á mikið úrval hljóðfæra og nótnahefta fyrir allar tegundir tónlistar og leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.

HD-28VE



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 / Strandgata 25 • Akureyri • sími 456 1185 • www.tonastodin.is

vísir

POPP

SKÚRINN

HJÁLMAR

FLYTJA

VÍSU ÚR ÁLFTMÝRI

OG FLEIRI LÖG

Í POPPSKÚRNUM

Á VÍSI.IS

ARCTIC TRUCKS

JEPPADEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga

Dick CEPEK TIRES & WHEELS

Hjá Arctic Trucks færðu vönduðu heilsársdekkin frá Dick Cepek
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!



ÖLL ALMENN DEKKJAÞJÓNUSTA Á STAÐNUM!

Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu og útvegum dekk undir flestar gerðir jeppa og fólksbíla.
Hafðu samband við sölumann okkar í síma 540 4900 eða á info@arctictrucks.is

Skjót og góð þjónusta!

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



Allar plötur Hjálma eru komnar út á vínyl og það mun einnig eiga við um þá nýjustu.

# TILRAUNIR Á NÝRRI PLÖTU

*Hjálmar er ein af fáum reggíhljómsveitum á Íslandi, en jafnframt sú langbesta. Fimmta plata hljómsveitarinnar kemur út í byrjun nóvember og hljómurinn er ennþá að þróast. Nú fer meiri vinna í lögin og hljóðgervlar fá að njóta sín.*

„Þetta er langbesta platan,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, best þekktur sem Kiddi í Hjálmum, um nýja plötu hljómsveitarinnar sem átti að koma út í dag en tafðist í framleiðslu og kemur út 1. nóvember. Platan heitir Órar og er sú fimmta í röðinni, ef frá eru taldar safn- og tónleikaplötur.

Stíll Hjálma hefur verið í stöðugri þróun frá því að fyrsta platan kom út fyrir sjö árum. Kiddi telur að á Órum sé hljómsveitin þó að taka stærsta stökkið sem hún hefur tekið á milli platna. „Það er alltaf einhver þróun í gangi, en ég held að það hafi aldrei verið jafn mikil þróun á milli platna,“ segir hann. „Gömlu plöturnar eru teknar upp hráar. Bara bandið að spila. Þessi plata er meira unnin, búið að eiga við hljóminn og fikta í trommunum. Í rauninni búið að vinna meira í hverju lagi. Sumir koma til með að fíla það og aðrir ekki. Það eru líka lög á plötunni sem eru hefðbundnari. En við vorum að leika okkur og prófa.“

En af hverju að byrja á þessari tilraunamennsku núna?

„Við vorum náttúrulega að gera fimmtu plötuna,“ segir Kiddi og það má heyra á honum að það hafi einfaldlega verið tími til kominn.

„Það hafa verið mannabreytingar í bandinu og við það breytist hljómurinn. En núna erum við búnir að vera lengi saman, þessi hópur. Bandið er komið í jafnvægi. Það var orðið svo auðvelt að gera gamla Hjálmaplötu, eins og við höfðum gert þær. Við vildum gera eitthvað sem við kunnum ekki. Það er alltaf skemmtilegt.“

*ÞESSI PLATA ER MEIRA UNNIN, BÚIÐ AÐ EIGA VIÐ HLJÓMINN OG FIKTA Í TROMMUNUM. Í RAUNINNI BÚIÐ AÐ VINNA MEIRA Í HVERJU LAGI. SUMIR KOMA TIL MEÐ AÐ FÍLA ÞAÐ OG AÐRIR EKKI.*

Tilraunir Hjálma eru greinilegar í báðum lögunum af Órum sem hafa fengið að óma í útvarpi. Í gegnum móðuna kom út í sumar. Það byrjar sem rólegt reggí áður en það breytist í hálfgerðan teknóbræðing. „Þá var ýtt á stopp á upptökunni og ákveðið að setja trommuheila í gang,“ útskýrir Kiddi. „Við vorum ekki vissir um það, en við vorum búnir að prufa að taka lagið upp nokkrum sinnum og ákváðum að setja bara trommuheilann í gang.“ Í nýja laginu, hinu hressa Ég teikna stjörnu, leika Hjálmarnir sér með hljóðgervla á hátt sem hefur ekki heyrst frá þeim áður. Ástæðan fyrir því er einföld. Þeir voru vanir að kaupa jarðbundnari hljóðfæri að sögn Kidda en eru byrjaðir að safna hljóðgervlum og vildu einfaldlega prófa að nota þá. Útkoman er stórskemmtileg.

Kiddi er viss í sinni sök þegar hann segir nýju plötuna þá bestu. „Ég get viðurkennt að þegar síðasta plata kom út var ég ekki viss. Núna er ég viss. Ég fíla þetta og finnst þetta flott þróun. Svo er fyndið að platan Ferðasót, sem mér þykir einna vænst um, er minnsta partíplatan og fékk langverstu dómana. En ég held að hún lifi af alla dómana. Það eru mörg alveg ofboðslega sterk lög á henni. Það er svo fyndið að tíminn sér um að dæma þetta.“

Allar Hjálmaplöturnar eru komnar út á vínyl og það mun einnig eiga við um þá nýjustu. En hvernig stendur á því að meðlimir Hjálma eru með þetta vínylblæti?

„Hann lifir þetta af. Sérstaklega þegar við förum út að spila, þá selst hann alltaf fyrst. Hann er svolítið þyngri að ferðast með. Ég er mjög ánægður með að allar Hjálmaplöturnar séu komnar út á vínyl. Það er alltaf einhver sjarmi yfir fortíðinni. Ég fór á nýju myndina hans Woody Allen um daginn, þar tekur hann aðeins á þessu. Mjög skemmtilegt. Það hefði verið gaman að vera uppi á öðrum tíma.“

Hjálmar koma fram á Græna hattinum um helgina og halda síðan útgáfutónleika í Háskólabíói 26. nóvember.



Hjálmar stungu sjálfir upp á því að taka myndirnar í Lucky-plötubúðinni á Hverfisgötu.

**POPPSKÚRINN**
Horfðu á Hjálma flytja lög af nýju plötunni Poppskúrnum á *Vísi.is.*



Rut Arnardóttir, vörustjóri skódeildar Útilífs, segir starfsmenn Útilífs boðna og búna að aðstoða viðskiptavini við valið á íþróttaskóm. MYND/STEFÁN

# Skórnir í stöðugri þróun

**Hjá verslunum Útilífs er að finna mikið úrval af íþróttaskóm, allt frá hlaupaskóm til fótbolta- og körfuboltaskóa. Starfsmenn Útilífs eru einnig vel þjálfaðir í að hjálpa viðskiptavinum við valið á réttu skónum.**

Við erum með gífurlegt úrval af hlaupaskóm og fótboltaskóm. Þá hefur úrvalið í æfingaskónum aukist töluvert, svo og í götuskóm og körfuboltaskóm," segir Rut Arnardóttir, vörustjóri skódeildar Útilífs. Hún segir að sérstaklega hafi orðið mikil vakning í áhuga á körfuboltaskóm. „Það spilar sérstaklega inn í að körfuboltamenn á borð við Kobe Bryant og LeBron James hafa hannað sína eigin skó í samvinnu við hönnuði Nike," segir Rut, en skórnir eru sérstakir bæði hvað varðar eiginleika og útlit. „Þessir skór eru mjög vinsælir hjá íslenskum körfuboltamönnum en svo hefur einnig verið vinsælt að kaupa skó sem Derrick Rose hannaði fyrir Adidas," segir Rut.

Úrvalið af hlaupaskóm er mikið í Útilífi. Þar nefnir Rut merki á borð við Nike, Adidas, Asics og Reebok. „Það er alltaf mikil þróun í hlaupaskónum og menn eru að betrumbæta þá á hverju ári," upplýsir Rut. Skórnir eru ýmist með gelpúða, gúmmídempun eða lofti, allt eftir merkjum. „Þá eru Nike Free-skórnir mjög vinsælir hjá okkur núna. Þeir eru liprir og mjúkir og henta vel í styttir hlaup og æfingar."

Götuskórnir eru líka mjög vinsælir í Útilífi. Adidas og Nike eru þar efstir á blaði en að sögn Rutar hafa uppháir skór notið mestra vinsælda undanfarið og þá oft á tíðum í hinum ýmsu litum þótt svarti liturinn sé alltaf áberandi.

Verðið segir Rut vera á töluverði bili. „Við erum með skó frá 6.990 krónum upp í 20 þúsund krónur í götuskónum. Hlaupaskó er hægt að fá frá 11 þúsund krónum og upp í 34 þúsund krónur."

Rut segir starfsmenn Útilífs boðna og búna að aðstoða viðskiptavini við valið á íþróttaskóm. „Fólk þarf til dæmis mismunandi styrkingu á hlaupaskóm eftir hæð, þyngd og fótalagi. Starfsfólk okkar er fljótt að sjá hvort fólk þurfi styrkingu innanfótar, utanfótar eða hlutlausa," segir hún og bendir á að ekki henti allir íþróttaskór við mismunandi aðstæður. „Maður notar til dæmis ekki hlaupaskó í bootcamp, þeir eru ekki nægilega stöðugir," útskýrir hún og segir fólk velta fyrir sér valinu á réttu skónum. „Enda er mikilvægt að velja rétt til að koma í veg fyrir eymsli í fótum og baki," segir hún.

Á vefsíðunni www.utilif.is er að finna myndir og lýsingu á skóm og úrvali verslunarinnar. Útilíf er á fjórum stöðum, í Kringlunni, Smáralind, Glæsibæ og Holtagörðum.



## DERRICK ROSE, ADIZERO ROSE 2

**Derrick Rose** er með sprengikraft á við kraftmestu náttúruöfl og hann þarf skó sem halda í við hann án þess að halda aftur af honum. Sprintframe-grind styður við ökkla og hæl og Sprintweb efri hluti heldur miðjum fætinum öruggum. Ótrúlegur léttleiki og stöðugleiki fyrir þá allra hröðustu.



## KOBE BRYANT VI

**Kobe Bryant VI** eru með lágu sniði eins og fyrri týpurnar. „Zoom Air"-botninn veitir frábæra dempun. Slöngumynstrið á nýja skónum er innblásið af gælunafni Kobe – Black Mamba. Þriggja laga „flywire"-tæknin veitir aukastuðning/styrkingu og betri öndun án þess að þyngja skóinn.







Nike Backboard High, Stærðir: 36,5-42
Verð: 15,990.-



Adidas Dacade HI, Stærðir: 42-47
Verð: 24,990.-



Adidas RESP Cushion 20, Stærðir: 36,5-41
Verð: 23,990.-



Asics Gel-Nimbus 13, Stærðir: 42-47
Verð: 29,990.-



Nike Mercurial Victory II FG, Stærðir 39-43
Verð: 17,990.-



Adidas F30 TRX FG, Stærðir 39-45
Verð: 24,990.-

ÚTILÍF



Höggdemparar í skóm eru mikilvægir fyrir fólk sem stundar íþróttir en einnig eru höggdemparar góðir fyrir barnshafandi konur og fólk sem glímir við stoðkerfisvandamál.

# Vandaðir skór styðja og hjálpa

**Einfalt ráð til að koma í veg fyrir þreytu, fótaóeirð og harðsperrur og einfaldlega til að fyrirbyggja slys er að huga að góðum skóm. Góðir strigaskór eiga þar oftar en ekki við, því auðveldlega er hægt að leysa ýmis fóta- og stoðkerfisvandamál með góðum fótabúnaði. Þetta á ekki síst við á ferðalögum og við hvers kyns íþróttaiðkun.**

Þegar strigaskór eru valdir þarf að huga að ýmsu, til dæmis heilsufari einstaklingsins, hvort hann glími við einhver stoðkerfisvandamál og hvort hann hyggist nota þá til göngu eða hlaups. Einnig er gott að hafa í huga að skóbúnaður skiptir ekki síður máli þótt viðkomandi stundi litla hreyfingu og telji sig lítið vera á ferðinni, því þeir geta komið í veg fyrir slys.

**Á ferðalögum** skiptir skóbúnaður næstum jafn miklu máli og vegabréfið. Ef skórnir eru lélegir endast ferðalangar stutt í þá göngutúra sem óhjákvæmilega tilheyra ferðalögum. Vegalengdir eru miklu meiri í borgum erlendis og það sem getur virst stuttur göngutúr er oft á við það sem fólk er vant að ganga á einni viku heima fyrir. Í ferðalaginu koma svokallaðir loftpúðaskór sér til að mynda vel og betra er að hafa þá rúma, þar sem fætur geta bólgnað upp í hita og í löngum göngum. Þá þurfa þeir að styðja vel við fótinn.

**Mjög gott** er að prófa skó sem ætlunin er að nota í lengri ferðalög fyrst heima fyrir. Stundum getur það tekið daga að uppgötvast að skórnir nuddast óþægilega við hælinn eða aðra hluta fótarins. Því er eiginlega nauðsynlegt að hafa skópör til skiptanna ef það kemur á daginn að skórnir henta ekki ákveðnum aðstæðum. Þar sem miklir hitar eru er ekki verra að kaupa strigaskó sem hægt er að vera í án sokka.

**Konur sem ganga með barn** lenda margar hverjar í því að glíma við einhvers konar verki, svo sem í grindinni, og vel flestar þekkja fótaóeirð sem gerir einkum vart við sig á kvöldin. Eitt fyrsta ráð ljósmæðra er að leggja hælana og aðra vonda skó á hilluna og fá sér lágbotna, höggdempandi skó og þar eru góðir strigaskór mjög þægilegir. Ekki er verra ef ekki þarf að hnýta reimar á þá og fá sér til að mynda skó með teygjureimum. Skórnir mega einnig vera rúmir því yfirleitt bólgna fætur eitthvað á meðgöngu.

**Eigi fólk við vandamál** eða verki að etja sem tengjast tábergi, iljum, rist, hæl, ökkla, hné, mjöðmum og jafnvel hálsi og höfði er gott að huga fyrst að því hvernig skóm er gengið á. Strigaskór eru valdir eftir lengd fótar en líka þarf að hafa í huga að fætur fólks eru misjafnlega lagaðir. Þá þurfa börn að vera í skóm sem eru um 15 millimetrum rýmri en fæturnir.

**Áður var minnst** á mikilvægi þess að hafa nokkur skópör til skiptanna í ferðalögum en það er líka mikilvægt í daglega lífinu að skipta oft um skó. Auk þess sem skórnir endast þá betur koma skóskipti í veg fyrir að sveppagróður nái að myndast og minni líkur eru á að fólk fái hælsæri og líkþorn. Kosturinn við strigaskó er að þeir þorna hratt milli notkunar.

**Fólk sem glímir við** háls- og bakvandamál eða verki í mjöðmum þarf að vera mjög vakandi yfir fótabúnaði sínum, en oft má minnka verki og óþægindi verulega með því að velja rétta skó. Í slíkum tilfellum er nauðsynlegt að fá góða ráðgjöf hjá sölumönnum og bera saman það sem er í boði, því mjög misjafnt er hvað hentar hverjum og einum út frá mismunandi vandamálum.



Stórborgarrölt krefst nokkurra góðra skópara.



Hlaupaskór mega alls ekki vera of litlir og helst að hafa laust innlegg.

## SKÓR FYRIR BYRJENDUR

**Á vefsíðunni doktor.is** er að finna eftirfarandi leiðbeiningar fyrir val á hlaupaskóm fyrir byrjendur.

Skórinn verður að vera nógu langur, um það bil hálfu númeri stærri en venjulegir skór. Ágætt viðmið er að puttarnir komist fyrir aftan við hælinn ef tærnar eru komnar fram í yfirleðrið.

Skórnir verða að vera nógu breiðir yfir tábergið.

Konur eiga að kaupa sérstaka kvengerð, sem eru þrengri í hælinn eða víðari yfir tábergið, og karlar sérstaka karlagerð af skóm sem eru ekki eins þröngir í hælinn eða yfir tábergið.

Skórinn verður að hafa góðan veltisóla.

Skórinn verður að vera stöðugur, þú átt ekki að geta snúið upp á skóinn.

Skórinn verður að vera með öflugan hælkappa.

Skórinn verður að hafa laust innlegg, þannig að hægt sé að skipta um innlegg í skónum og auka þannig endinguna. Eins er hægt að setja sérsmíðað innlegg fyrir þá sem þess þurfa.

## HIPHOP-MENNING

Útbreiddar vinsældir íþróttaskófatnaðar meðal almennings má meðal annars rekja til hiphop-menningarinnar sem tröllreið öllu í New York-borg í Bandríkjunum á 8. áratug 20. aldar. Hipphopparar höfðu mikil áhrif á klæðaval ungs fólks þar sem allt gekk út að vera snyrtilegur til fara og fjölbreyttir litir og þægindi réðu meðal annars því að íþróttaskór urðu hluti af fatnaðinum.






# Nike T90 - sagan heldur áfram

**Nýr kafli T90-fótboltaskósins er hafinn. Eftirvæntingin hefur verið að aukast í þó nokkurn tíma, frá því að Wesley Sneijder sást í „dularfullum“ Nike-skóm fyrr í haust. Með tilkomu nýja T90-skósins er við hæfi að kíkja líka aðeins á eldri T90-módel og rekja sögu þeirra í stuttu máli.**

Nike er orðið stærsta fótboltamerki í heimi og býður upp á fjórar vörulínur af fótboltaskóm: Tiempo, Mercurial, CTR360 og T90. Innan hverrar vörulínu eru margar týpur sem eiga að vera sérsniðnar að þörfum allra fótboltamanna, hvort sem þeir eru lykilmenn í Barcelona, í yngri flokkum á Íslandi eða áhugamenn sem spila fótbolta einu sinni í viku með gömlu félögunum.

Þegar T90 Laser-skórinn var settur á markað árið 2007 varð stökkbreyting á markaðinum. Skórinn var hannaður með það fyrir augum að betrumbæta nákvæmnina í skotum leikmanna og snúningi bolta, ásamt því að stækka skotsvæðið. Tækninýjungarnar voru gríðarlegar í formi hringja sem veittu ristinni vörn og loftdempunar í hæl, ásamt því að veita fætinum meiri öndun en áður þekktist í yfirbyggingu. Skórinn kom fyrst á markað í gulu/svörtu en svo bættust sjö aðrir litir við á næstu tólf mánuðum. T90 Laser eignaðist marga aðdáendur, bæði meðal atvinnumanna og áhugamanna.

T90 Laser II kom á markað 2008. Leikmenn eins og Sneijder, Rooney og Torres voru stærstu nöfnin sem notuðu skóna og Torres skoraði sigurmark Spánverja í úrslitum EM 2008 í skónum, sem markaði upphaf yfirburða Spánverja í alþjóðlegum fótbolta. Laser II-skórinn kynnti til sögunnar einstakar tækninýjungar, svo sem nýtt reimakerfi sem gerði það að verkum að öll ristin nýttist til að stýra boltanum. T90 Laser II varð því fljótt eitt af helstu fótboltatáknum samtímans því leikmenn heilluðust af nákvæmninni og kraftinum sem skórinn innihélt.

Árið 2010 kom Laser III á markað og varð einn byltingarkenndasti Nike-fótboltaskórinn. Útlitið breyttist frá eldri módelum og hann var uppfullur af tækninýjungum. Útkoman var léttari skór, breytt reimakerfi, betri aðlögun að fætinum og nýtt yfirlag. T90 Laser III var á fæti Wayne Rooney allt tímabilið 2009/2010 og átti sinn þátt í því að hann skoraði 34 mörk það tímabil. Fimmtán mismunandi litir komu á markað, sumir flottir, sumir ögrandi og sumir klassískir.

Í haust kom T90 Laser IV á markaðinn. Búið er að betrumbæta alla tækni í skónum sem kemur að snúningi og nákvæmni skota. Síðast en ekki síst er skórinn heilum 20% léttari en skórinn á undan. Leikmenn úti um allan heim eru komnir með T90 Laser IV á fæturna, þar á meðal Wayne Rooney, Wesley Sneijder, Pato og Fernando Torres.

Átt þú þinn uppháhalds T90 skó? Skoraðir þú þitt besta mark í T90 skóm? Sagan heldur áfram og þú getur verið hluti af henni.

> **„Leikmenn úti um allan heim eru komnir með T90 Laser IV á fæturna, þar á meðal Wayne Rooney og Fernando Torres.“**




Nike-veggurinn í Jóa útherja í Ármúlanum er uppáhald fótboltamanna.



Wayne Rooney notar Nike og á ekki í vandræðum með hjólhestaspyrnurnar.



## TVÖ PÖR DRAGA ÚR MEIÐSLAHÆTTU

**Almennt er** talað um að hlaupaskór endist í um 600 til 800 kílómetra en eftir það fari dempunin að daprast. Á vefnum hlaup.is er mælt með því að hlauparar eigi tvö pör til skiptanna, en þannig má tryggja að ávallt sé hlaupið á góðum skóm, sem dregur úr meiðslahættu svo um munar.

Þeir sem hlaupa á eyddum og dempunarlausum skóm finna fljótt fyrir verkjum í leggjunum, hnjám og mjöðmum og eru þeir helsta ástæða meiðsla hjá hlaupurum.

Samkvæmt ráðleggingum á síðunni er best að byrja með tvö skópör sem búið er að hlaupa minna en 350 kílómetra á. Best er að skrá niður hversu marga kílómetra er hlaupið á hverju pari. Nýrra parið (sem búið er að hlaupa færri kílómetra á) skal nota í lengri hlaup og keppni. Eldra skóparið skal nota í styttri hlaup, í verri færð og utanvega. Nota skal eldra parið þar til búið er að hlaupa um 700 til 800 kílómetra. Þá skal kaupa nýja skó og nota þá eins og nýrra parið hér á undan en það verður um leið að því gamla. Svona getur þetta gengið koll af kolli og er fullyrt að með þessum hætti megi draga verulega úr þrálátum meiðslum. Með því að halda vel utan um kílómetrana má auk þess bæta nýtingu skónna og spara peninga.


Eyddir og dempunarlausir hlaupaskór eru ein helsta ástæða meiðsla hjá hlaupurum. Hlaupaskór endast í um 600 til 800 kílómetra. Best er að eiga tvö pör og hlaupa á þeim til skiptis.


Gúmmísólinn á rætur að rekja til ársins 1832.

### ÞRÓUN GÚMMÍSÓLANS

**Árið 1832** fann maður að nafni Wait Webster upp aðferð til að festa gúmmísóla á leðurskóna sem notaðir voru sem hlaupaskór á þeim tíma. Hann hélt áfram að þróa hugmynd sína og upp úr 1860 voru settir á markað krokkettskór úr striga með gúmmísóla. Erfitt var að heyra fótatak fólks í slíkum skóm og urðu þeir snemma vinsælir meðal innbrotsþjófa sem þurftu að læðast. Hlutu skórnir því gælunafnið „sneakers“. Frekari þróun strigaskónna leiddi til þess að um aldamótin 1900 voru strigaskór vinsælasti skófatnaður barna.

Hjólreiðabyltingin undir lok nítjándu aldar leiddi til þess að hafin var þróun og framleiðsla á hælalausum hjólaskóm sem voru úr þunnum striga og reimaðir. Engir skór voru meira auglýstir á síðasta áratug nítjándu aldar en hjólaskórnir, enda jukust vinsældir þeirra mjög hratt.

### VOND LYKT ÚR SKÓNUM

**Vond lykt** á það til að festast í íþróttaskóm vegna raka og baktería. Til ráða er að taka laus innlegg úr skónum eftir hverja notkun svo ekki safnist fyrir raki þar undir. Einnig má þvo íþróttaskó í þvottavél á stuttu kerfi og lágum hita. Þá má reyna að leggja þá í bleyti í bakteríudrepandi efni. Gott ráð til að þurrka skó eftir þvott er að troða í þá dagblöðum, þau draga hratt í sig rakann. Annað húsráð gegn vondri lykt úr skóm er að sáldra matarsóda í skóna, láta standa yfir nótt og ryksuga svo úr. Eins má reyna að setja skóna í poka og í frystinn yfir nótt. Hafa skal í huga að bakteríurnar fylgja fætinum sem notar skóna og því þarf einnig að passa vel upp á fæturna.


Raki og bakteríur eru oftast ástæða fyrir vondri lykt úr íþróttaskóm.

# NUTRILENK GOLD

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA







Skráðu þig á facebook síðuna NUTRILENK fyrir liðina – því getur fylgt heppni!

Sigurjón Sigurbjörnsson langhlaupari 56 ára

## Vissir þú að Sigurjón Sigurbjörnsson á besta tímann í heiminum í 100.km hlaupi í sínum aldursflokki árið 2011?

Sigurjón hóf keppni í langhlaupum árið 1998 og hefur síðan hlaupið maraþon oftar en 10 sinnum. Í júní 2009 tók Sigurjón þátt í 100 km ofurmaraþoni.„ Í september sama ár fór ég að verða aumur og stífur í ökklum, sem leiddi til eymsla í hásin og leist mér satt að segja ekki á ástandið. Ég sá NutriLenk Gold auglýsingu, sló til og prófaði, því fyrir mér er það mikið kappsmál að geta hreyft mig án vandræða og allt til vinnandi að viðhalda þeim lífsgæðum.“

### Fékk nánast strax mikla bót

„Eftir smá tíma á NutriLenk Gold hætti ég að finna til í ökklunum og er nú alveg laus við verki og stífleika í hásin. Ég hef notað NutriLenk Gold reglulega í um 2 ár og ætla mér að halda því áfram.“

### Keppir meira en áður og er margfaldur Íslandsmethafi

„Síðan þá hef ég æft og keppt meira en nokkru sinni áður og verið að ná mjög góðum árangri í keppni. Til dæmis varð ég annar Íslendinga í heilmaraþoni í Reykjavíkurmaraþoninu 2010. Ég hef sett Íslandsmet í mínum aldursflokki í maraþoni, hálfu maraþoni og 10 km hlaupi á braut og hef verið framarlega í flest öllum hlaupum sem ég hef tekið þátt í. Í ár tók ég aftur þátt í 100.km hlaupi og náði þar besta tíma í mínum aldursflokki árið 2011 í heiminum (7:59:01 klst)

Ég hlakka til að endurtaka þennan frábæra árangur með hjálp NutriLenk Gold.“„Það er frábært að til sé náttúrulegt efni sem getur bætt liðheilsuna. Ég þreytist seint á því að benda hlaupafélögum mínum á NutriLenk, sér í lagi þeim sem eru á mínum aldri og farnir að kvarta yfir eymslum“ segir Sigurjón ánægður að lokum.



**NUTRILENK Gold er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**

## Nokkrar góðar ástæður til að velja NUTRILENK GOLD

**NUTRILENK Gold** er góð forvörn, ákjósanleg fyrir fólk sem stundar álagsvinnu, álagsíþróttir og þar sem slitgigt er talin ættgeng.

**NUTRILENK Gold** er framleitt á einstakan hátt svo að líkaminn þinn nýti betur virku efnin í NUTRILENK svo bestur árangur verði.

**NUTRILENK Gold** viðheldur heilbrigði liða og beina, svo þú getur lifað heilbrigðari lífi án verkja og eymsla.

**NUTRILENK Gold** inniheldur vatnsmeðhöndlað brjósk úr fiskbeinum sem er öflugt byggingarefni fyrir liði og bein.

---

**Hver er munurinn á NUTRILENK Active og NUTRILENK Gold?**

**NUTRILENK Active** er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.

**NUTRILENK Gold** er hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið.

**Get ég tekið inn hvorutveggja?**
- Já það getur unnið mjög vel saman.




Innflutningsaðili: Gengur vel ehf

# 100% NÁTTÚRULEG
## - engin aukaefni!

**Dolmio pastasósan er 100% náttúruleg. Hver krukka inniheldur 10 safaríka tómata og ítölsk krydd. Í Dolmio pastasósum eru engin aukaefni.**




PIPAR\TBWA • SÍA • 112877

**Hvenær er þinn DOLMIO dagur?**

DOLMIO®






FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


# ROKKPRÓFIÐ




***01.*** *HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI?* ***02.*** *HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ?* ***03.*** *HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKINN?* ***04.*** *ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI?* ***05.*** *ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ÁSTKONU/ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG?* ***06.*** *ALLIR EIGA LEÐURJAKKA, EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR?* ***07.*** *ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM?* ***08.*** *MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATO GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU?* ***09.*** *Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ?* ***10.*** *BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?*

### BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

*SÖNGVARI*

**1.** Það hefur einu sinni komið fyrir á ferlinum. Þá var ég svo veikur og með svo mikinn hita að ég gat ekki staðið upp. Ég hef oftar en einu sinni þurft að koma fram þegjandi hás eða fárveikur. Það þýðir ekkert að barma sér í þessum bransa. „The show must go on!“ **1**
**2.** Opna húddið og síðan iPaddið og tékka á staðsetningu næstu verkstæða sem og skemmtilegustu stöðunum í grenndinni. Síðan myndum við slá upp tónleikum við vegakantinn, við erum jú allir vegasöngvarar. **1**
**3.** Lenti í löggunni fyrir 40 árum í Vestmannaeyjum með hópi af fólki sem var að fikta við skrýtnar sígarettur. **1**
**4.** Ég á engin óskilgetin. Svo ég viti. **1**
**5.** Auðvitað og á besta stað. **1**
**6.** Leðurbuxurnar góðu frá HLH-tímabilinu eru á sínum stað undir gleri. Takmarkið er að komast í þær eftir 1 ár. **1**
**7.** Auðvitað. Bæði! **1**
**8.** Never say never. **0**
**9.** Það færi eftir handritinu en Martin Scorsese eða Woody Allen myndu koma sterkir inn. **1**
**10.** Macallan single malt, helst 25 ára. **1**

### ERPUR EYVINDARSON

*RAPPARI*

**1.** Aldrei. Hef aldrei á tólf ára fagmannlegum ferli mínum sem rokkstjarna Íslands. Ég hef hins vegar alveg misst röddina á mikilvægum stundum og farið upp á spítala út af því, en þrátt fyrir það aldrei hætt við eitt einasta gigg. **1**
**2.** Þá hringi ég bara í umboðsmanninn og spyr hvað djöfulinn erum við að gera á einhverri hljómsveitarrútu, hvaða sveitaballakjaftæði er þetta? Segðu Skímó að sækja þetta drasl. **1**
**3.** Var seinast tekinn fyrir ölvun og óspektir á almannafæri í miðbænum. Auðvitað var ég eini gæinn í miðbænum sem var búinn að fá sér klukkan fimm um nótt. **1**
**4.** Meira svona eins og í fimm heimsálfum. **1**
**5.** Já, ég er með þetta í stafrófsröð hérna á kálfanum. **1**
**6.** Nei, ég sé enga ástæðu til þess að ganga um í svínaskinns leggings. **0**
**7.** Já, já, við erum báðir háttsettir í vestfirsku mafíunni og erum þess vegna með hvor annan á „speed dial“. **1**
**8.** Ég myndi aldrei gera það. Þótt ég væri buxnalaus og tannlaus aftast í súpuröðinni hjá Mæðrastyrksnefnd, þá myndi ég ekki svo mikið sem depla augunum fyrir það drasl. **1**
**9.** Ég myndi fá Eisenstein, Kubrick, Tornatore, Bunuel og Aronofsky. Menn halda að sumir þessara séu dánir en ég veit alveg í hvaða eftirpartíi þeir halda sig. **1**
**10.** Ég fæ mér nítjánfaldan Michel Camus blandaðan í Tab sem ég helli á gólfið meðan ég held utan um punginn á mér með annarri og öskra: „Hvað er að frétta!“. **1**

# Q-VERÐLAUNIN AFHENT

*BRESKA TÓNLISTARTÍMARITIÐ Q STENDUR FYRIR VERÐLAUNAHÁTÍÐ Á HVERJU ÁRI. HÁTÍÐIN FÓR FRAM Á DÖGUNUM OG POPP LÉT SIG AÐ SJÁLFSÖGÐU EKKI VANTA.*



Noel Gallagher var heiðraður af Q sem goðsögn í lifanda lífi.



Strákarnir í Biffy Clyro voru valdir besta tónleikasveitin og þykja vel að heiðrinum komnir.



Coldplay er besta hljómsveit heims að mati Q og fékk verðlaun fyrir það.


STEINI / PÉSI
& GAUR Á TROMMU
Miðvikudagur 26.10.11 21:00 Forsýning
Fimmtudagur 27.10.11 21:00 Frumsýning
Laugardagur 05.11.11 22:30 2. sýning
Fimmtudagur 10.11.11 22:30 3. sýning
Föstudagur 11.11.11 22:30 4. sýning
Laugardagur 19.11.11 22:30 5. sýning
Fimmtudagur 24.11.11 22:30 6. sýning
Föstudagur 25.11.11 22:30 7. sýning
Laugardagur 03.12.11 22:30 8. sýning
Fimmtudagur 08.12.11 22:30 9. sýning
Föstudagur 09.12.11 22:30 10. sýning
Miðasala á gamlabio.is og midi.is / Sími miðasölu Gamla bíós 563 4000
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

# FIMM BESTU

*LED ZEPPELIN LÖGIN*



**JÓHANNA GUÐRÚN**

*SÖNGKONA*

### BABE, I'M GONNA LEAVE YOU

1 Þetta var fyrsta uppáhalds Zeppelin-lagið mitt. Ég sat oft lengi inni í herberginu mínu og hlustaði á það aftur og aftur. Lagið er þó nokkuð kaflaskipt, sem er reyndar algengt í lögum sveitarinnar. Mér líður stundum eins og þeir hafi samið mörg lög og skeytt þeim saman í eitt, það kemur vel út og er mjög einkennandi fyrir þá.

### SINCE I´VE BEEN LOVING YOU

2 Jimmy Page er alveg magnaður. Hann og Brian May, úr Queen, voru mínir fyrstu uppáhaldsgítarleikarar. Jimmy Page gerir svo miklu meira en að spila flottar melódíur og sóló á gítarinn, þú finnur greinilega fyrir tilfinningunni sem hann setur í allt sem hann gerir. Ég get til dæmis oft ekki annað en grátið þegar ég hlusta á Since I've Been Loving You. Gítarleikur hans hittir mann beint í hjartastað.



### WHOLE LOTTA LOVE

3 Það er ekki annað hægt en að dilla sér við þetta lag! Þar að auki er þetta eitt svalasta lag sem ég hef heyrt. Uppáhalds gítarsólóið mitt er í þessu lagi og stend ég mig oft að því að spóla inn í lagið, setja allt í botn og hlusta á sólóið. Ekki má gleyma mögnuðum söng hjá Robert Plant, hann nær fram fílíng sem grípur mann, oft finnst mér eins og hann sé að herma eftir einhverjum. Janis Joplin var ein af hans uppáhaldssöngkonum og það heyrist oft.

### DAZED AND CONFUSED

4 Flottasti trommuleikur allra tíma að mínu mati. Trommuslátturinn er hrikalega villtur og gefur laginu mikla orku. Ekki má samt gleyma Robert Plant, sem setur svalleikann í lagið. Hann er með svo mikinn karakter í röddinni sinni, nær að syngja upp í hæstu hæðir en á sama tíma er hann með hása og rifna rödd sem fangar athygli manns frá fyrsta orði. Útkoman er drungaleg, en það er eitt af því sem ég kann að meta við þetta lag.

### RAMBLE ON

5 Þetta lag er mun glaðlegra en mörg önnur frá þeim og kemur manni í gott skap. Robert Plant var mikill aðdáandi Lord of The Rings eftir J.R.R. Tolkien og það er vitnað í þær sögur í þessu lagi sem og í nokkrum öðrum, sem mér þykir mjög skemmtilegt.

# ÞRÓA STÍLINN Á NÝRRI PLÖTU

„Það var margt sem bjátaði á við gerð plötunnar," segir Halldór Eldjárn úr hljómsveitinni Sykri.

Sykur hefur sent frá sér plötuna Mesópótamía, sem fylgir eftir frumburði sveitarinnar, Frábært eða frábært, sem kom út árið 2009.

Plata númer tvö, var hún erfið?

„Við tókum okkur allavega tíma í þetta. Það voru tímabil þar sem við þurftum að spila mikið og þá fór allt forgörðum. Útkoman var allt öðruvísi en við lögðum upp með í byrjun vegna þess að við vorum að læra svo mikið og þróa stílinn í leiðinni."

Var freistandi að fá Erp í annað lag og endurtaka Viltu dick-ævintýrið?

„Hvenær hefur það virkað? Erpstímabilið var mjög fínt, það er gaman að vinna með honum. En við myndum ekki gera þetta aftur. Þá væri alveg eins hægt að setja okkur í Góða hirðinn, en við viljum stöðugt vera að finna upp á einhverju nýju."

Söngkonan Agnes Björt Andradóttir hefur gengið til liðs við Sykur. „Ég uppgvötaði hana fyrir þremur árum. Fattaði að hún býr við hliðina á mér, þannig að það er stutt fyrir hana á æfingar," segir Halldór. „Hún kemur inn í þetta verkefni á eigin forsendum og býr til glænýjan hljóm með okkur."

Sykur fagnar útgáfu plötunnar á Faktorý í kvöld. Hlýtt verður á plötuna í heild og að því loknu verður samfélagslegt gildi hennar rætt.



Söngkonan Agnes Björt hefur gengið til liðs við Sykur.





**Allt fyrir Hrekkjavökuna í Partýbúðinni:**
Tvær hæðir stútfullar af flottum vörum, yfir 400 nýjir vöruliðir. Fullorðinsbúningar, Barnabúningar, Hárkollur, Andlitslitir, Fylgihlutir, Vopn, Grímur, Vampírutennur, Nornahattar, Nornakústar, Borðbúnaður, Köngulóarvefur, Loft-, vegg- og borðskraut, Gasblöðrur, Þurrís, o.fl., o.fl. Opið til kl 11-18 þri og mið, en 11-20 fim, fös og laugardag. Verið velkomin, Partýbúðin, Faxafeni 11 (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Hrekkjavakan 2011**
Ertu klár? Hjá okkur færðu allt sem þarf: Búninga, farða, vampírutennur, litalinsur, skraut ofl. Úrvalið er á hokuspokus.is. Velkomin í Hókus Pókus Laugavegi 69. S-551-7955.







**20-35% afsláttur**
af völdum vörum til októberloka. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 S.517-8060. ditto.is

**Ódýrt blek og tóner**
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
**Prentvörur**
Sími 553 4000

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir overlock iðnaðarvél m. coverstitch og flatlock-saum. Sími 862 3782.

## Verslun

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
**BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ**
**S. 568 9120**



Kápur og jakkar á 30%afslætti.
Full búð af nýjum vörum.
Verslunin Emilía
Bláu húsin Faxafeni. s: 588-9925
emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Snyrting

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA 01. nóvember. Jógastöðin www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrílitir. S. 896 9478 Gunnar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Herbergi til leigu fyrir kvk með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt hlemmi. Sími 661 5219.

ROOM f/ RENTw/FURNITURE IN 108 / KRINGLA ACCESS TO KITCHEN AND BATHROM 893 7211.

Til leigu í vesturbæ Rvk. 8 herb. íbúð + bílskúr í tvíbýli. Laus 1. des. 2011. Langtímaleiga. Uppl. í s. 865 9611.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi í 101. Til leigu fullbúið herbergi með smeiginl. elhúsi, baði og þvottahúsi. Laust strax. Sími: 661 7015/898 8685.

## Húsnæði óskast

Rólegur og reglusamur maður um 70 aldur óskar eftir stúdíóíbúð. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 662 1573 eða 771 7339.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.**
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

## Gisting



**Dekurhelgi í Stykkishólmi!**
Lúxusgisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is

Costa Brava, Playa de aro, laust í vetur, 100.000 mánuðurinn. www.starplus.is & www.starplus.info

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Jói Fel**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar / Garðabæ**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í fullt starf í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Garðabæ. Vinnutími önnur vika fyrir hádegi og hin eftir hádegi og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**

**Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

**Cafe Bleu**

**Þjónn óskast!**

**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.**

**Upplýsingar í S. 899 1965**

Starfsmaður óskast á sendibíl og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Uppl. í s. 770 1516.

Óska eftir rafvirkja. Næg vinna í boði. Einnig vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið í Nóv-Jan. Uppl. í s. 821 0881.

## Atvinna óskast

Tek allskonar verk, mála, laga, þvo glugga en hvað sem er! S. 865 5165, ÓDÝRT!

## Viðskiptatækifæri

**Aukavinna - Viðskipti ?**
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www.lw-global.com/is eða 564 5959.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

Unga fallega konu langar ad hitta mann. S.8665039

## Bíl stolið




**Þann 13. október sl. var 2006 módel af gráum VW Golf Station með skr.nr. TK564, stolið fyrir utan Eskihlíð 20a.**
Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir bifreiðarinnar mega hafa samband við Árna Frey Gestsson í síma 560-5222 eða lögregluna í síma 444-1000.



BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** starfa, **6.** mannþvaga, **8.** mánuður, **9.** blástur, **11.** tveir eins, **12.** brellur, **14.** bæ, **16.** í röð, **17.** gagn, **18.** til viðbótar, **20.** ekki heldur, **21.** ríki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** ryk, **4.** þarfsemd, **5.** spil, **7.** biðja innilega, **10.** sauðaþari, **13.** litningar, **15.** bakhluti, **16.** hugur, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vinn, **6.** ös, **8.** maí, **9.** más, **11.** uu, **12.** brögð, **14.** bless, **16.** þæ, **17.** nýt, **18.** enn, **20.** né, **21.** land.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** im, **4.** nauðsyn, **5.** níu, **7.** sárbæna, **10.** söl, **13.** gen, **15.** stél, **16.** þel, **19.** nn.




# Apple-guðfræðin

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Steve Jobs, hugmaðurinn á bak við Apple, er nýlátinn. Hann var snjall og þorði að hugsa. Hann kom tækjum í hendur á fólki, sem hafa gagnast vel og eigendurnir telja þau falleg líka. Á heimilum margra okkur eru einhver I-tæki frá Apple. Þessir bakþankar eru skrifaðir á Apple-tölvu og kannski lestu þá á I-pöddu.

**EINHVER** nartaði í Apple-lógið. Eplið minnir okkur á Edensöguna. Mannfólkið vill vita meira og nýta möguleika. Þekkingarsókn er stórkostleg, skikkan skaparans, sem við þurfum að fara vel með og með ábyrgð til að hún verði til góðs. Þegar við skiljum mikið vitum við, að ávextir lífs eru hverfulir. Það lærði Steve Jobs líka og varð fyrir áföllum. Hann hraktist frá fyrirtækinu, sem hann stofnaði. Hann veiktist og bjó sig undir dauðann á miðjum aldri. Í ræðu, sem Steve Jobs flutti í Stanford-háskóla sagði hann, að það sem virtist ógn væri kannski fremur tækifæri. Hann dró ályktanir af eigin reynslu og ráðlagði:

**„TÍMINN** er takmarkaður og sóaðu honum ekki í að reyna að lifa lífi annarra. Láttu ekki hugmyndir annarra fjötra þig … Hið mikilvæga er að vera svo hugrakkur að hlusta og hlýða sinni eigin, innri rödd.“

**JOBS** skildi baráttuna milli innri manns og ytri ávirkni, milli þrár og eyðingar, milli lífs og dauða. Hann hafði ekki aðeins auga fyrir ávaxtakörfunni í sýndarheimum. Hann skildi, að menn lifa á mærum vona og hverfulleika. „Enginn vill deyja … enginn hefur þó sloppið. Þannig á það að vera því dauðinn er kannski besta uppgötvun lífsins – breytihvati þess. Ryður hinu gamla burt og innleiðir hið nýja.“ Vegna þessa hvatti Steve Jobs fólk til að virða eigið líf, heiðra innri mann. Hann var kannski enginn engill, en hvatti til að menn lifðu vel og virtu takmarkanir sínar til góðs. Bitinn af eplinu verður þeim til visku, sem staldra við og gera upp.

**APPLE-JÖFURINN** sagði eitt sinn, að þegar hann var sautján ára hefði hann lært þá visku að líta á hvern nýjan dag sem hinn síðasta. Hvað hentar best til lífshamingju? Er kannski fleira í boði en epli, jafnvel heil ávaxtaparadís? Að lifa vel er að virða gerð okkar og tengjast hinu himneska neti. Lífið fær samband – ekki við sýndarveruleika, heldur raunveruleikann. Hvernig förum við best með ávexti lífstrésins? Standa eplabitarnir í okkur?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





USB GLINGUR
SATZUMA USB GLINGUR Í MIKLU ÚRVALI
4.990
4.990
satzuma
2.990
2.990
3.990
990
4GB USB MINNISLYKLAR FRÁ SATZUMA
BLING HÁLSMEN 3.990
BLING HJARTA 3.990
ARMBAND 2.990
FLOTTUR SANDALI 2.990
PANDABJÖRN 2.990
UPPTAKARI 2.990
HAUSKÚPA 2.990
GULLSTÖNG 2.990
VÉLMENNI 2.990
ALGJÖRT KRÚTT 2.990
ÞUMALL 2.990
LJÓSAPERA 2.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
SONY
TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

**HJÁLMAR R. BÁRÐARSON Í SVARTHVÍTU** Laugardaginn 29. október verður opnuð sýning á svarthvítum ljósmyndum Hjálmars R. Bárðarsonar, fyrrverandi siglingamálastjóra, áhugaljósmyndara og bókaútgefanda í Þjóðminjasafni Íslands. Samnefnd sýningarbók er einnig gefin út í tilefni sýningarinnar.

## Vinir villtu kýrinnar

Í Gerðubergi stendur nú yfir samsýning tólf listamanna sem tilheyra hópi sem kallar sig Vini villtu kýrinnar.

Myndlistarmennirnir sem koma að sýningunni eiga það sameiginlegt að hafa fengið leiðsögn hjá villtu kúnni, Dóru Á. Rögnvaldsdóttur. „Hugmyndin að baki þessari sýningu var að gefa fólki kost á að upplifa helstu atriði sem koma að myndlist, þar á meðal að sýna verkin,“ segir Dóra. „Við höfum öll þörf fyrir að skapa, eins og sést á því að öll börn teikna. Það er fullorðnum jafn mikilvægt og börnum að túlka umhverfi sitt. Myndlist gefur fólki gott tækifæri til þess.“ Sýningin stendur til 27. nóvember. - hhs


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

19.10.11 - 25.10.11




**1** Gamlinginn sem skreið út... kilja - Jonas Jonasson




**2** Hjarta mannsins
Jón Kalman Stefánsson




**3** Holl ráð Hugos
Hugo Þórisson




**4** Húshjálpin - kilja
Kathryn Stockett




**5** Hausaveiðararnir
Jo Nesbø




**6** Hvernig ég kynntist fiskunum - Ota Pavel




**7** Myrknætti
Ragnar Jónasson




**8** Ripleys - Ótrúlegt en satt 2012
Robert Ripley




**9** Órólegi maðurinn - kilja
Henning Mankell




**10** Ekki líta undan - Saga Guðrúnar Ebbu - Elín Hirst

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Viðtökurnar komu á óvart

**Nær uppselt er á þriðju tónleika Þuríðar Sigurðardóttur í Salnum í Kópavogi í kvöld, sem hún nefnir Minningar. Þuríður er himinlifandi með viðtökurnar, sem komu henni á óvart.**

„Þegar ég ákvað að fara af stað með þessa tónleika var sjálfstraustið ekkert rosalega mikið, svo viðtökurnar hafa komið mér verulega á óvart, þær eru hreint ótrúlegar,“ segir söngkonan Þuríður Sigurðardóttir. Í kvöld fara fram þriðju tónleikar hennar í Salnum í Kópavogi, sem hún nefnir Minningar.

Þuríður gerði garðinn frægan með Lúdó sextett á 7. áratugnum og síðar með Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar, þar sem hún söng meðal annars með þeim Vilhjálmi Vilhjálmssyni og Pálma Gunnarssyni. Þá vann hún töluvert með Ragnari Bjarnasyni.

Á tónleikunum Minningar syngur Þuríður lög sem hún hefur sérstakt dálæti á, sum úr fortíðinni og önnur nýrri. „Ég tek til dæmis fyrsta lagið sem ég söng inn á plötu, Elskaðu mig. Þá var ég sextán ára og komin á fullt í bransann. Ég byrjaði samt ekki fyrr en 17 ára sem atvinnumanneskja, orðin rígfullorðin manneskja,“ segir Þuríður og hlær dátt.

Tilefni tónleikanna nú er að 46 eru liðin frá því að Þuríður hóf söngferil sinn. „Ég ætlaði reyndar að gera þetta á 45 ára söngafmælinu mínu, en ég steingleymdi því í fyrra að ég ætti söngafmæli,“ segir Þuríður glaðbeitt. Hún hefur líka lítið haft hugann við sönginn á undanförnum árum, enda hefur myndlistin átt hug hennar allan undanfarinn áratug.

Með Þuríði koma fram þeir Gunnar Gunnarsson, organisti og píanóleikari, og Grímur Sigurðsson, sem spilar á gítar, Birgir Ingimarsson á trommur og Magnús Guðbrandsson á bassa.

Sonur Þuríðar, Sigurður Helgi Pálmason, syngur á tónleikunum og jafnframt Jóhann Vilhjálmsson, sonur Vilhjálms Vilhjálmssonar heitins. Þuríður kom einmitt oft fram með Vilhjálmi á sínum tíma. Nafnið á tónleikunum, Minningar, er einmitt vísun í samstarf hennar og Vilhjálms, en saman sungu þau lagið Minningar í sjónvarpsþætti árið 1976. Þuríður syngur einmitt það lag með Jóhanni á tónleikunum. Þá taka þeir Sigurður og Jóhann, eða Kornabörnin eins og þeir kalla sig, saman lagið Hudson Bay sem feður þeirra, Vilhjálmur og Pálmi Gunnarsson, sungu saman á sínum tíma. „Það er voðalega gaman að heyra þá syngja þetta saman. Það gerði hjá feðrum þeirra á sínum tíma,“ segir Þuríður.

Aðeins fáir miðar voru eftir á þessa þriðju Minningatónleika í gær og því örugglega auðvelt mál að fylla þá fjórðu. Er von á þeim? „Ætli það, er ekki allt þegar þrennt er? En þetta er búið að vera alveg ofboðslega gaman og ég er svo þakklát fyrir þennan mikla áhuga. Nú fer ég hvað á hverju að vinna í sólódiskinum mínum, sem ég ætla að gefa út eftir áramót. Ég ætlaði að gera það þegar ég var um fertugt, en þá var mér sagt að það þýddi ekkert, það væru allir búnir að gleyma mér. En nú hef ég sannreynt að það er ekki rétt!“

holmfridur@frettabladid.is



**JÓHANN OG ÞURÍÐUR** Á tónleikum Þuríðar Sigurðardóttur, Minningar, sem fram fara í Salnum í Kópavogi í kvöld, koma ýmsir gestir við sögu. Þar á meðal Jóhann Vilhjálmsson, sonur Vilhjálms Vilhjálmssonar. MYND/BRYNJAR ÝMIR

# Alltaf eitthvað að gerast

Tónleikar ★★★★

**Tríó Nordica**

Tónleikar Kammermúsíkklúbbsins 23. október.

**Flutt voru verk eftir Babadjanian, Sjostakóvitsj og Brahms**

Arno Babadjanian (1921-1983) er ekki kunnuglegt nafn í tónlistarlífinu hér, og svo sem ekki á netinu heldur. Það er væntanlega ástæða fyrir því. Píanótríóið hans í fís-moll, sem var flutt á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins á sunnudaginn, var í tónleikaskránni sagt vera snilldarverk, en er það ekki. Jú, það er vissulega áheyrilegt, en áhrifin skapast fyrst og fremst af effektum (svo ég leyfi mér að sletta), ekki raunverulegri snilld. Grunnhugmyndirnar sem tónlistin byggist á eru undarlega óinnblásnar. Tónskáldinu tekst þó að breiða yfir andlegu fátæktina með þykkum og munúðarfullum hljómum. Svo er stíllinn framandi og djúsí, að einhverju leyti armenskur, enda tónskáldið ættað þaðan. Það dugir bara ekki til að gera tónlistina áhugaverða.

Auðvitað er ekki hægt að dæma æviverk tónskálds út frá einni tónsmíð, en hún gefur manni samt einhverjar hugmyndir um hvernig allt hitt hljómar. Og burtséð frá gæðum tónlistarinnar var hún a.m.k. fallega leikin. Það var Tríó Nordica sem flutti, en það samanstendur af Auði Hafsteinsdóttur á fiðlu, Bryndísi Höllu Gylfadóttur á selló og Monu Kontra á píanó. Samspilið var ákaflega vandað, raddir hljóðfæranna tærar og vel mótaðar.

Babadjanian var sístur á efnisskránni, hinar tvær tónsmíðarnar voru óumdeild snilldarverk. Hið fyrra var tríó op. 8 eftir Sjostakovitsj. Það er í rómantískum stíl og talsvert frábrugðið hinum hrikalegu sinfóníum sem íslenskir tónleikagestir þekkja svo vel. Tríóið er samt skemmtilega skrifað, það er alltaf eitthvað að gerast í músíkinni. Framvindan er spennandi og kemur sífellt á óvart. Samt er hún eðlileg og rökrétt, eins undarlega og það hljómar. Og flutningurinn var frábær, smæstu smáatriði sérlega vandvirknisleg og allar meginlínur skýrt settar fram.

Síðara snilldarverkið á dagskránni bar líka ópusnúmerið 8, en tónskáldið var Brahms. Rétt eins og svo margt annað eftir hann einkennist tónlistin af einhvers konar nostalgískri náttúrustemningu. Það er dýpt í músíkinni sem er sjaldheyrð. Hægur þriðji kaflinn er svo stílhreinn og fallegur að ef vel er spilað þá gleymir maður stund og stað. Sem kom einmitt fyrir mig á þessum tónleikum! Andrúmsloftið var einfaldlega rafmagnað.

Þetta var glæsilegur flutningur í alla staði. Tríó Nordica hlýtur að vera einn af elstu samfellt starfandi kammerhópum landsins, og það heyrist. Flestir kammertónleikar hér á landi eru afrakstur lítils undirbúningstíma; þótt valinn maður sé í hverju horni vantar reynsluna af að spila með hver öðrum. Sú reynsla kemur bara eftir langan tíma. Þær stöllur í Tríói Nordica spila eins og ein kona. Og þannig á það einmitt að vera.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Misgóð tónlist sem var samt alltaf meistaralega flutt af Tríói Nordica.

# Á MÖRKUM MENNSKUNNAR

## HROLLVEKJANDI SAGA UM GRIMMD ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU – EÐA OKKAR SJÁLFRA?

Kynngimagnað og grípandi skáldverk eftir Steinar Braga, höfund metsölubókarinnar KONUR

*„Mjög flott bók, feikivel skrifuð, þétt og mögnuð og mjög pólitísk."*

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR PRÓFESSOR




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



STEINAR BRAGI

*„Steinar Bragi hefur skrifað ógnvænlegan þriller og svimandi um afmennskun heimsins og tómarúm listarinnar ..."*

LA REVUE DES RESSOURCES UM *KONUR*

*„Hann skapar í fáum dráttum þessa myrku stemningu sem er hvort tveggja í senn ónotaleg og grípandi, og tónninn í frásögninni rennur hnökralaust úr hversdagslegri depurð yfir í óhugnað."*

BJÖRN UNNAR VALSSON / BOKMENNTIR.IS
UM *HIMININN YFIR ÞINGVÖLLUM*






**LÖNG TÖF Á ENDA** Náttfari gefur út fyrstu plötu sína á morgun, ellefu árum eftir að sveitin var stofnuð. Frá vinstri eru Nói, Ólafur, Andri og Haraldur.

# Fersk hljómsveit eftir átta ára hvíld

**Fyrsta plata hljómsveitarinnar Náttfara kemur út á morgun, en sveitin var endurvakin í fyrra eftir átta ára pásu. Trommari Náttfara segir að frelsun hafi verið fólgin í því að taka upp gömlu lögin á ný.**

„Það var búið að vera í deiglunni í nokkur ár að klára þetta. Þegar menn fóru svo að spila saman aftur fékk maður áhugann á þessu aftur. Þó að lögin séu í sumum tilvikum 8-9 ára gömul finnst mér þau nokkuð fersk," segir Nói Steinn Einarsson, trommari Náttfara. Fyrsta plata hljómsveitarinnar, Töf, kemur út á morgun og liðsmenn sveitarinnar fagna útgáfunni með teiti á Dillon í kvöld.

Náttfari leit dagsins ljós árið 2000 og sveitin var áberandi í tónleikahaldi næstu misserin á eftir. Hún lagðist svo í dvala árið 2003. „Það var engin gífurleg dramatík í þessu, menn sneru sér bara að öðru. Við Andri fórum í Leaves og Halli fór í nám," segir Nói. Náttfari tók aftur upp þráðinn í fyrra við tónleikahald og upptökur en afrakstur þeirra lítur nú dagsins ljós. Auk Nóa skipa sveitina Andri Ásgrímsson, Haraldur Þorsteinsson og Ólafur Josephson.

Nói segir að það hafi verið góð tilfinning að ljúka loks upptökum á gömlu lögunum. „Við þrír upprunalegu meðlimirnir erum búnir að vera góðir vinir í mörg ár og þetta hefur legið svolítið á okkur. Nú erum við búnir að hreinsa þetta út af borðinu og það er ákveðin frelsun að hafa gert það. Það er góð stemning í bandinu og við getum farið að vinna í nýju efni."

Náttfari var hluti af mikilli síðrokksbylgju sem gekk yfir í byrjun aldarinnar. Nói er spurður að því hvort það sé ekki svolítil tímaskekkja að spila og gefa út síðrokk í dag.

„Ég veit það ekki, kannski erum við bara alveg út úr kú," segir hann og hlær. „Ég held að áhrif frá síðrokki séu enn til staðar þó að þessi bylgja sé ekki eins stór og hún var. Sigur Rós er í grunninn síðrokksband og ef maður lítur á sumar af þessum ungu sveitum í dag, Míri, Sudden Weather Change, Nolo og fleiri, þá lifir þetta enn að einhverju leyti í þeim."

Nói og félagar halda útgáfuhóf á Dillon á Laugavegi í kvöld þar sem platan verður til sölu. Hófið hefst klukkan 19 og stendur til 22. „Platan verður á fóninum og svo ætlum við að spila nokkur lög," segir Nói að endingu. Fram undan eru síðan tónleikar á Faktorý 3. nóvember ásamt Feldberg, auk þess sem sveitin hefur bókað sig á Bakkus og Gauk á Stöng í nóvember. Þá er ráðgert að halda útgáfutónleika þegar líður að jólum. **hdm@frettabladid.is**




# Joey Barton vill endurlífga Smiths

Joey Barton, leikmaður Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni, vill endurvekja hljómsveitina The Smiths.

Barton er mikill aðdáandi The Smiths og segist vilja hjálpa Morrissey og Johnny Marr að grafa stríðsöxina og sameinast á ný. Barton segir í viðtali við dagblaðið The Sun að ef honum tækist ætlunarverk sitt yrði það stórfenglegra en nokkuð sem hann gæti framkvæmt á fótboltavellinum.

Barton segir að Johnny Marr sé heitari fyrir hugmyndum sínum en söngvarinn Morrissey, sem hefur oft lýst því yfir að Smiths komi aldrei saman aftur.



**AÐDÁANDI** Fótboltakappinn **Joey Barton** elskar The Smiths og vill að þeir komi saman, en **Morrissey** hefur oft lýst því yfir að The Smiths komi aldrei saman aftur.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 27. október 2011**

### ➜ Tónleikar

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur fram í fyrsta sinn í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 3.900.

**20.00** Þuríður Sigurðardóttir heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Sérstakir gestir verða söngvararnir Jóhann Vilhjálmsson og Sigurður Helgi Pálmason. Miðaverð er kr. 3.900.

**21.00** Hljómsveitin Vintage Caravan spilar á Gauki á Stöng. Murrk hitar upp mannskapinn. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Hljómsveitin Sykur fagnar útgáfu annarrar breiðskífu sinnar Mesópótamíu á Faktorý. Allir velkomnir.



**21.00** **Sigríður Thorlacius**, Guðmundur Óskar, Ómar Guðjónsson og Jóel Pálsson halda tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500. Enginn posi á staðnum.

**21.00** Röskva heldur tónleika á Faktorý með hljómsveitinni 1860. Miðaverð er kr. 1.000.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Obladí Oblada. Meðal gesta eru Andrea Gylfadóttir, Helga Völundar og Ingvar Úlfur. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Opnanir

**17.00** Bókverkafélagið Arkirnar opnar sýningu á bókverkum í sýningarsal Íslenskrar grafíkur á Tryggvagötu 17.

### ➜ Eldri borgarar

**10.00** Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir keilu í Keiluhöllinni við Öskjuhlíð kl. 10. Tréútskurður og postulínsmálun á Korpúlfsstöðum kl. 13.

### ➜ Félagsvist

**20.00** Félagsvist Skaftfellinga og Rangæinga verður spiluð í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir.

### ➜ Sýningar

**20.00** Völuspá - A Nordic Food Expedition er samstarfsverkefni leikhússins Republique í Kaupmannahöfn, Norræna hússins og veitingastaðarins Dill. Matarleikhúsið svokallaða byggir á textum Völuspár og norrænni matarmenningu. Sýningin fer fram í Norræna húsinu og er miðaverð kr. 19.000.



### ➜ Heimildamyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Í viðjum regnskógarins í Odda 101 í Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

### ➜ Útgáfuhóf

**17.00** Í tilefni af útgáfu bókarinnar Veiðisögur eftir **Bubba Morthens** verður haldin útgáfugleði í Rafveituheimilinu, Elliðaárdal milli kl. 17 til 19.

### ➜ Tónlist

**22.00** HúsDJús þeytir skífum ásamt Gísla Galdri á Kaffibarnum.

**22.00** Dj Housekell stjórnar tónlistinni á neðri hæðinni á Faktorý.

### ➜ Fyrirlestrar

**16.00** Vincent Debaene flytur fyrirlestur um Claude Lévi-Strauss og Regnskógabeltið raunamædda í HT 103 á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

### ➜ Listamannaspjall



**20.00** Listamannsspjall með **Þórarni Blöndal**, myndlistarmanni, um sýningu hans, Guli skúr 8, fer fram í Flóru, Listagili á Akureyri.

### ➜ Styrktarsamkomur

**18.00** Styrktarsamkoma til að styrktar handágræðslu fyrir **Guðmund Felix Grétarsson** fer fram í Veisluturninum við Smáratorg. Veislustjóri er Freyr Eyjólfsson. Jón Jónsson og Bríet Sunna taka lagið. Kræsingar frá kokkum Veisluturnsins. Miðaverð er kr. 6.000.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**SENDIR FRÁ SÉR BÓK** Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, hefur skrifað bók um uppeldismál sem kemur út 10. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margrét Pála gefur út bók

**Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi og höfundur Hjallastefnunnar, sendir frá sér bók um uppeldi barna í næsta mánuði. Bókin kallast Uppeldi er ævintýri og kemur út 10. nóvember hjá Bókafélaginu.**

Í bókinni fer Margrét Pála yfir hin ýmsu viðfangsefni sem upp koma í lífi og samskiptum barna og foreldra, kennara og annarra sem annast og umgangast börn. Hún reifar meðal annars hugmyndir sínar um aga og réttlátar reglur, reksturinn á Fjölskyldunni ehf. og tölvu- og netnotkun barna.

Margrét Pála hefur verið áberandi í umræðunni um uppeldismál síðustu árin, en hún á að baki yfir 30 ára starf með börnum í leik- og grunnskólum landsins. Hún hefur ákveðnar skoðanir, eins og mátt hefur heyra í pistlum hennar á Rás 2 síðasta árið. Bókin gæti því orðið forvitnileg lesning fyrir fjölskyldufólk og fleiri. - hdm





FLORENCE & THE MACHINE



SYKUR

## > Í SPILARANUM

Florence & The Machine - Ceremonials
Helgi Júlíus - Haustlauf
Justice - Audio, Video, Disco
Metallica & Lou Reed - Lulu
Sykur - Mesópótamía

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Metallica í hljóðveri

Meðlimir Metallica eru þegar farnir að vinna að næstu plötu sveitarinnar. Bassaleikarinn Rob Trujillo greindi frá þessu í viðtali og sagði drengina hafa verið „upptekna við að semja og taka upp“.

Eins og tónlistaráhugafólk veit er Metallica um þessar mundir að kynna nýja plötu sem sveitin gerði með Lou Reed, Lulu. Platan hefur fengið afar misjafnar viðtökur og kunna einhverjir að spyrja sig hvort Metallica-menn ætli að sökkva sér í vinnu til að gleyma vonbrigðunum.

„Við erum með tvö ný lög sem við höfum verið að vinna að síðustu tvær vikurnar og erum byrjaðir að semja fyrir næstu Metallica-plötu. Við erum búnir að vera í hljóðverinu með Rick Rubin og verðum við upptökur bróðurpart næsta árs.“

Trujillo sagði jafnframt að rokkaranna biði mikil vinna. „En það frábæra er að við erum þegar komnir af stökkpallinum og erum farnir að synda. Þetta er að gerast.“



**Í HLJÓÐVERI** Rob Trujillo, bassaleikari Metallica, segir að sveitin sé þegar farin að vinna að næstu plötu. NORDICPHOTOS/GETTY





## > PLATA VIKUNNAR

Orphic Oxtra - Kebab diskó
★★★

„Balkansveitin Orphic Oxtra rúllar plötu númer tvö upp með stæl.“ - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Ska og pönk á Faktorý*

Það er góður tími fyrir gamla pönkara þessa dagana. Um síðustu helgi fór fram sannkölluð maraþonpönkhátíð í Kópavoginum með sérstakri blessun bæjaryfirvalda og annað kvöld verða tónleikar á Faktorý þar sem bæði pönk og ska-tónlist verða í fyrirrúmi.

Aðalnúmer kvöldsins verður breska hljómsveitin The Validators, sem spilar pönk, reggí og ska. Hún var stofnuð í fyrra en var reist á rústum annarrar hljómsveitar, The Infidels, sem hafði verið starfandi lengi og spilað víða.

The Validators er tíu manna hljómsveit og hefur innanborðs söngvara, tvo gítarleikara, bassaleikara, hljómborðsleikara og trommuleikara auk tveggja blásara og tveggja slagverksleikara. Sveitin þykir öflug á tónleikum og spilaði meðal annars á mörgum tónlistarhátíðum síðasta sumar. Reyndasti meðlimur hennar er sennilega slagverksleikarinn Pablo Cook, sem var meðlimur í hljómsveit Joe Strummer, the Mescaleros, og hefur líka spilað með fólki á borð við Lily Allen, Moby og Pulp.



**SKA Í REYKJAVÍK** Breska hljómsveitin The Validators spilar á Faktorý á föstudagskvöldið.

Validators spilar ýmis afbrigði af ska og pönki en á meðal augljósra áhrifavalda eru breskar ska-sveitir á borð við Madness og Specials, en líka Joe Strummer og hljómsveitin The Clash.

Auk Validators spila á Faktorý á föstudagskvöldið íslenska hljómsveitirnar Fræbbblarnir, Five Bellies og Taugadeildin. Fræbbblana þarf vart að kynna, en Taugadeildin, sem margir telja eina af bestu hljómsveitum íslensku pönkbylgjunnar, sýndi það í Molanum síðasta laugardag að hún er þéttari en nokkru sinni fyrr. Five Bellies er síðan nýleg hljómsveit meðal annars skipuð bræðrunum Árna og Tóta úr Vonbrigðum og Júlíusi Ólafssyni söngvara úr Silfurtónum.

# Ljúfur og trylltur Tom Waits

**Síðasta mánudag sendi Tom Waits frá sér plötuna Bad as Me, en hún er hans fyrsta plata með nýju efni síðan meistaraverkið Real Gone kom út fyrir sjö árum. Trausti Júlíusson skoðaði þennan umdeilda listamann.**

Bandaríski tónlistarmaðurinn Tom Waits kallar fram óvenjusterk viðbrögð hjá fólki. Margir dýrka hann og líta á hann sem meistara sem eigi sér engan sinn líka, en svo eru þeir til sem þola hann ekki og fá ógleði af því einu að heyra hrjúfa röddina. Og það virðist ekki vera mikið þarna á milli. Annað hvort elska menn Tom Waits eða þeir hata hann.

Ég hef lengi tilheyrt fyrrnefnda hópnum og þess vegna var ég fljótur að stökkva til þegar ég heyrði af Bad as Me, nýju Tom Waits-plötunni sem kom út á mánudaginn og er hans fyrsta plata með nýju efni í sjö ár.



**UMDEILDUR** Annaðhvort elska menn Tom Waits eða hata hann. Gagnrýnendur elska nýju plötuna hans, Bad as Me, sem var að koma út.

### Gerir það sem honum sýnist

Tom Waits hefur gert nákvæmlega það sem honum sýnist síðustu ár. Hann gefur út þegar hann vill og það sem hann vill. Eftir að samningur hans við Island-fyrirtækið kláraðist samdi hann við Anti-útgáfuna og árið 1999 kom út fyrsta plata þess samstarfs, Mule Variations, sem náði miklum vinsældum. Síðan komu tvær sama daginn, Alice og Blood Money (2002), og svo Real Gone (2004). Auk þess sendi hann frá sér þreföldu safnplötuna Orphans árið 2006, en á henni var áður óútgefið eða illfáanlegt efni, og tónleikaplötuna Glitter and Doom fyrir tveimur árum.

Tónlistarlega eru þessar plötur nokkuð fjölbreyttar. Það má segja að allan ferilinn hafi Tom Waits flakkað á milli rólegrar og ljúfrar tónlistar og ýktrar og æstrar. Stundum blandast þetta fullkomlega á sömu plötunni, til dæmis á Mule Variations, en svo eru líka ljúfar plötur (Closing Time, Blue Valentine) og trylltar (Real Gone). Á nýju plötunni Bad as Me eru lög úr báðum þessum deildum. Platan byrjar með látum með laginu Chicago og lögin Bad as Me, Raised Right Men, Satisfied og Hell Broke Luce eru sömuleiðis æst og kraftmikil, en svo eru róleg lög inni á milli, þar á meðal Face to the Highway og Back in the Crowd.

### Keith Richards meðal gesta

Tom Waits var tekinn í Frægðarhöll rokksins fyrr á árinu. Þegar hann tók við þessari eftirsóttu heiðursnafnbót sagði hann m.a. og beindi orðum sínum til bransamannanna í salnum: „Menn segja að ég eigi engin metsölulög og að ég sé erfiður í samstarfi. Og þeir segja það eins og það sé eitthvað slæmt!“ Waits á samt ekki í vandræðum með að fá tónlistarmenn til að vinna með sér. Á meðal þeirra sem spila á Bad as Me má nefna sjálfan Keith Richards, David Hidalgo úr Los Lobos og gítarleikarann og hljómsveitarstjórann Marc Ribot, sem hefur mikið unnið með Waits.

Eins og áður segir eru skoðanir mjög skiptar á Tom Waits. Gagnrýnendur hafa samt nánast undantekningarlaust tekið nýju plötunni vel. Þegar þetta er skrifað er hún með 9/10 á Metacritic-vefsíðunni, en það er meðaleinkunn 27 gagnrýnenda. Bresku blöðin Independent, Telegraph og Clash eru á meðal þeirra miðla sem gefa henni hæstu einkunn.

Bad as Me er fín plata. Þeir sem kunna að meta Tom Waits verða örugglega ekki fyrir vonbrigðum. Það er samt ólíklegt að hún snúi þeim sem þola hann ekki…

## LAGALISTINN

Vikuna 20. - 26. október 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Of Monsters and Men | King and Lionheart |
| ▶ 2 | Adam Levine/Christina Aguilera | Moves Like Jagger |
| ▲ 3 | Hjálmar | Ég teikna stjörnu |
| ▼ 4 | Of Monsters and Men | Little Talks |
| ▼ 5 | Elín Ey/Pétur Ben | Þjóðvegurinn |
| ▲ 6 | Coldplay | Paradise |
| ▼ 7 | Mugison | Stingum af |
| ▼ 8 | Jón Jónsson | Wanna Get It |
| ▲ 9 | Lady Gaga | You and I |
| ✱ 10 | Mugison | Kletturinn |

## TÓNLISTINN

Vikuna 20. - 26. október 2011

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Mugison | Haglél |
| ▶ 2 | Of Monsters and Men | My Head is an Animal |
| ▶ 3 | Björk | Biophilia |
| ▶ 4 | Lay Low | Brostinn strengur |
| ✱ 5 | Quarashi | Anthology |
| ▲ 6 | HAM | Svik, harmur og dauði |
| ▼ 7 | Jón Jónsson | Wait for Fate |
| ▼ 8 | Helgi Björns. & reiðm. vindanna | Ég vil fara uppí sveit |
| ▶ 9 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▼ 10 | Sóley | We Sink |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Hildur Björk Yeoman, fatahönnuður, hefur vakið athygli með litríkri og sérstæðri hönnun sinni.





FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

# FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

## 50% ráðlagður dagsskammtur af ACE-vítamínum í 330ml

Nýtt!

Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.

- **A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- **C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- **E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.






FITON / SIA

Floridana

LIFÐU VEL!

> FÉKK LEYFI

Tom Cruise leitaði eftir leyfi hjá höfundi Fimbulkulda, Lee Child, áður en hann tók að sér hlutverk aðalpersónu bókarinnar, Jack Reacher. Cruise hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að leika Reacher þar sem hann þykir of lágvaxinn. En Child gaf honum blessun sína og það nægði Cruise.



# bíó

bio@frettabladid.is

## Stallone sakaður um stuld

Handritshöfundurinn Marcus Webb hefur stefnt hasarhetjunni Sylvester Stallone fyrir hugverkaþjófnað fyrir héraðsdómi New York-borgar á Manhattan. Webb sakar Stallone um að hafa stolið frá sér hugmyndinni að The Expendables og hefur lagt fram handrit að kvikmyndinni The Cordoba Caper máli sínu til stuðnings.

Stallone var meðhöfundur handritsins að The Expendables, sem var frumsýnd 2010 og skartaði mörgum af helstu hasarhetjum nútímans. Að sjálfsögðu var farið af stað með framhald myndarinnar og þar munu stjörnur þeirra Arnolds Schwarzenegger og Bruce Willis skína enn skærar. Stallone verður að sjálfsögðu á sínum stað ásamt Jason Statham og fleiri harðjöxlum.

Hins vegar hefur Webb farið fram á að lögbann verði sett á framleiðslu framhaldsmyndarinnar. Í kröfunni kemur fram að fyrsta myndin sé ótrúlega lík The Cordoba Caper og sums staðar nánast alveg eins. Samkvæmt frétt Reuters krefur Webb Stallone um svimandi háar skaðabætur og hluta af gróða fyrstu myndarinnar.



**STEFNT Í NEW YORK** Sylvester Stallone hefur verið stefnt fyrir dómstóla í New York fyrir handritsþjófnað vegna kvikmyndarinnar The Expendables.

## Fatalína Salander

Sænski fatarisinn H&M hefur náð samningum við búningahönnuð kvikmyndarinnar Karlar sem hata konur um að setja á markað föt sem verða innblásin af fatastíl Lisbeth Salander í myndinni.




Trish Summerville, sem hannaði alla búninga Lisbeth í myndinni, segir að fötin verði vissulega löguð að hinni venjulegu götutísku en sérkenni tölvuhakkarans verði þó fyrir hendi. Anna Norling hjá H&M bætir við að fötin verði aðeins kvenlegri, en þau séu sátt við útkomuna. Fötin verða frumsýnd hinn 28.nóvember í Parísarbúðinni Colette.







**JARÐBUNDINN KÓNGUR**

**Steven Spielberg** er hinn eini sanni gullkálfur Hollywood-borgar, en nýjasta kvikmynd hans, Ævintýri Tinna, verður frumsýnd um helgina. Kvikmyndir leikstjórans hafa malað gull fyrir kvikmyndaver og hann sjálfan enda eru auðæfi Spielbergs metin á þrjá milljarða dollara.

mini pítur

Nýr og skemmtilegur valkostur

Nú bjóðum við okkar frábæru pítur sem smárétti fyrir öll stór og smá tilefni. Mini píturnar eru afgreiddar á hentugum bökkum í þremur útfærslum*

- Klassík: Buff, kjúklingabringa, grænmeti, lamb og beikon
- Exótík: Sjávarréttir, lax, kalkún-beikon og kebab
- Mix: Roastbeef, buff, skinka og kjúklingalundir

*Pantanir þurfa að berast fyrir 15:00 daginn áður

pítan

Skipholti 50 C
Pöntunarsími: 562 9090
www.pitan.is




# Kóngurinn í kvikmyndum

**Ef sá dagur rynni upp að kvikmyndaleikstjóri í Hollywood yrði gripinn mikilmennskubrjálæði (sem reyndar gerist örugglega á hverjum degi) og vildi krýna sjálfan sig konung borgarinnar myndu fæstir hreyfa við andmælum ef sá maður væri Steven Spielberg.**

Nýjasta kvikmynd Stevens Spielberg, Ævintýri Tinna, verður frumsýnd um helgina. Aðdáendur blaðamannsins snjalla sem listamaðurinn Hergé gerði ódauðlegan í bókum sínum hafa beðið spenntir eftir að sjá hvernig Spielberg tekst upp. Og það skemmir eflaust ekki fyrir að Peter Jackson, maðurinn á bak við Hringadróttinsþríleikinn, situr í aðalframleiðandastólnum. Söguþráður myndarinnar er mjög einfaldur; Tinni og Kolbeinn kafteinn halda af stað í fjársjóðsleit þegar þeir reyna að finna sjóræningjaskip sem forfaðir Kolbeins stýrði.

Ævintýri Tinna er fyrsta kvikmynd Spielbergs í þrjú ár, frá því að hann leikstýrði upprisu Indiana Jones. Þetta er jafnframt fyrsta teiknimynd Spielbergs en myndin er gerð með svokallaðri „motion capture“-tækni sem byggist á því að alvöruleikarar búa til hreyfingarnar, sem síðan eru færðar inn í tölvu og „kvikaðar“. Fáum kemur það á óvart að Andy Serkis skuli leika í myndinni – hann er Kolbeinn kafteinn – því sá ágæti maður er fyrsta og eina stjarna þessarar tækni; hann var Gollum í Hringadróttinssögu og King Kong í samnefndri kvikmynd Jacksons. Jamie Bell fer hins vegar með hlutverk Tinna.

Ferill Spielbergs er einstakur í Hollywood, hægt væri að telja feilsporin á fingrum annarrar handar en smellirnir eru nánast endalausir. Enda auðæfi leikstjórans metin á þrjá milljarða Bandaríkjadollara, síðustu þrjú ár hefur hann haft yfir hundrað milljónir dollara í árslaun samkvæmt Forbes. Þrátt fyrir velgengnina hefur leikstjóranum tekist að halda persónu sinni fjarri kastljósi fjölmiðla að mestu; hann er tvígiftur og á sjö börn, þar af tvö ættleidd.

Ferill Spielbergs hófst fyrir alvöru með kvikmyndinni The Sugarland Express árið 1974 en í kjölfarið komu kvikmyndir á borð við Jaws, Close Encounters of the Third Kind, Raiders of the Lost Ark og E.T.; listinn er nánast ótæmandi. Spielberg notaði sín fyrstu skref til að gera tilkomumiklar ævintýramyndir en hann getur vel gert dramatíkinni góð skil, eins og kvikmyndirnar The Color Purple, Empire of the Sun og Schindler‘s List sýna vel. Spielberg er hins vegar á heimavelli þegar ævintýri eru annars vegar, þar er hann fremstur meðal jafningja í þeim hring.

Það lá alltaf fyrir að Spielberg myndi gera kvikmynd eftir Tinnabókunum. Eftir að einn gagnrýnandi hafði lýst því yfir að fyrsta Indiana Jones-myndin væri eins og Tinnabók pantaði Spielberg allar bækurnar á frummálinu og þrátt fyrir að hafa ekki skilið neitt varð hann umsvifalaust ástfanginn af myndlist þeirra. Hergé lýsti því síðan sjálfur yfir að Spielberg væri eini leikstjórinn sem gæti komið Tinna á hvíta tjaldið.

freyrgigja@frettabladid.is

# Óskarsilmur af Húshjálpinni

Kvikmyndin The Help, eða Húshjálpin, verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina, en myndin hefur fengið lofsamlega dóma og mikla aðsókn í Bandaríkjunum. Myndin er byggð á samnefndri bók Kathryn Stockett sem kom út fyrir skemmstu á vegum Forlagsins í íslenskri þýðingu Ólafar Eldjárn. Bókin er fyrsta skáldsaga Stockett, en hún vakti strax athygli þegar hún kom út 2009 og sat í margar vikur á metsölulista New York Times.

Myndin segir frá Eugenia „Skeeter“ Phelan, sem ákveður að skrifa bók um það hvaða augum svartar húshjálp líti hvíta húsbændur sína og það harðræði sem þær þurfi að þola á hverjum degi. Myndin gerist á sjöunda áratug síðustu aldar þegar réttindabarátta svartra var um það bil að ná hámarki og henni þykir hafa tekist vel upp að fanga það rafmagnaða andrúmsloft sem ríkti í Bandaríkjunum um það leyti.

Leikstjóri myndarinnar er Tate Taylor, en hann reyndi fyrst fyrir sér sem leikari með misgóðum árangri. The Help er önnur mynd hans í fullri lengd en hann hafði áður gert Pretty Ugly People. Með hlutverk Skeeter fer hins vegar vonarstjarnan Emma Stone, sem hefur slegið rækilega í gegn í kvikmyndunum Superbad og Zombieland og leikur Gwen Stacy í nýjustu myndinni um Köngulóarmanninn.

- fgg



**FRÁBÆRIR DÓMAR** Kvikmyndin The Help hefur fengið frábæra dóma í Bandaríkjunum og prýðilega aðsókn.

# HJÓNABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

*eftir Michele Riml*




Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Lau 29. okt Örfá sæti laus
Sun 30. okt
Fim 3. nóv Örfá sæti laus
Fös 4 nóv Örfá sæti laus
Lau 12. nóv Örfá sæti laus
Sun 13. nóv

**Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)**

# Fólk

folk@frettabladid.is



**2 TÖNNUM FÁTÆKARI** er söngvarinn Steven Tyler eftir að hann datt á hótelherbergi sínu í Paragvæ. Tyler veiktist af heiftarlegri matareitrun og datt í sturtu að sögn starfsmanns hótelsins. Tyler var staddur í Paragvæ ásamt sveit sinni Aerosmith.

# UNGAR STÚLKUR HERJA Á HOLLYWOOD

**Ungar leikkonur herja nú á rauðu dreglana í Hollywood og vekja verðskuldaða athygli fyrir fágaðan fatastíl. Tískuritin skiptast á að hampa þeim Elizabeth Olsen, Elle Fanning og Chloë Moretz, sem einnig fá góða dóma fyrir frammistöðu sína á hvíta tjaldinu. Þrátt fyrir ungan aldur, en Elle Fanning er einungis 13 ára gömul, eru þær í náðinni hjá mörgum af fremstu hönnuðum heims sem keppast um að fá að klæða þær við hin ýmsu tilefni. Það er greinilegt að nýjar stjörnur eru að fæðast í Hollywood.**





**ELLE FANNING** Þessi 13 ára leikkona er yngri systir leikkonunnar Dakota Fanning. Hún kom fyrst fram á sjónarsviðið aðeins tveggja ára gömul þegar hún lék í myndinni I Am Sam en síðan þá hefur hún meðal annars leikið í mynd Sofiu Coppola, Somewhere. Næst verður hægt að sjá Elle Fanning í kvikmynd Camerons Crowe, We Bought a Zoo, sem verður frumsýnd síðar á þessu ári.

NORDICPHOTOS/GETTY





**ELIZABETH OLSEN** Þessi 22 ára gamla leikkona hefur ekki langt að sækja tískuvitið en hún er yngri systir tvíburana Ashley og Mary-Kate Olsen, sem meðal annars nefndu fatamerkið sitt, Elizabeth and James, eftir henni og yngri bróður þeirra. Elizabeth Olsen klæðist gjarna nýjustu tísku en hún ber yfirleitt kjóla frá öðru merki systra sinna, The Row.





**CHLOË MORETZ** Moretz er 14 ára gömul og þegar farin að setja sitt mark á tískuheiminn. Hún skaust fram á sjónarsviðið er hún lék í ofurhetjumyndinni Kick Ass í fyrra. Síðan þá hefur Moretz vakið athygli fyrir fullorðinslegan klæðaburð á rauða dreglinum en hún klæðist gjarna merkjum eins og Chanel, Miu Miu og Dolce & Gabbana.



# Brynjar Már verður að vakna sjálfur

„Það er komin pressa á mann að vakna snemma og alveg bannað að sofa yfir sig,“ segir Erna Hrönn Ólafsdóttir, einn þriggja umsjónarmanna á nýja morgunþættinum Magasín á FM957. Þátturinn hóf göngu sína í morgun en ásamt Ernu Hrönn situr Brynjar Már Valdimarsson einnig við hljóðnemann, sem og að grínistinn Þórhallur Þórhallsson verður með regluleg innslög í þættinum.

Erna Hrönn einbeitir sér að því að fara snemma að sofa næstu daga, en þættirnir fara í loftið klukkan sjö á hverjum morgni, sem þýðir að mæting í vinnuna er rúmlega sex. „Brynjar Már grínast með það að ég eigi eftir að þurfa að draga hann á lappir á morgnana en hann verður nú bara að sjá um sig sjálfur enda fullorðinn maður,“ segir Erna Hrönn hlæjandi, en hún og Brynjar Már hafa hingað til stjórnað þættinum Fjögur sex á FM957 og ætla að halda sömu stemningunni fyrir morgunhressa hlustendur.

„Við verðum með sömu föstu liðina, eins og Tímasprengjuna og Heilahristinginn, sem eru þrautir sem hafa vakið lukku. Þórhallur kemur inn í þetta og það er skemmtilegt,“ segir Erna Hrönn spennt og lofar að ekkert verði um þung málefni í þættinum eins og stjórnmál og kreppu. „Við ætlum að létta lundina á hlustendum á morgnana.“

Erna Hrönn og Brynjar Már ætla að byrja með trompi, en þau halda til Stokkhólms á mánudaginn á tónleika með Rihönnu ásamt hópi af hlustendum. „Við ætlum að taka púlsinn á Stokkhólmi á þriðjudag og miðvikudag og hver veit nema við fáum að heyra í stjörnunni sjálfri Rihönnu.“ **- áp**



**MAGASÍN Á MORGNANA** Þau Erna Hrönn, Brynjar Már og Þórhallur eru nýir morgunhanar á FM957.



**BARN Á LEIÐINNI** Bruce Willis og eignkona hans, Emma Heming, eiga von á barni saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eiga von á barni saman

**Bruce Willis og eiginkona hans, Emma Heming, eiga von á barni saman. Willis er þekktastur fyrir leik sinn í Die Hard-kvikmyndunum og á fyrir þrjár dætur með leikkonunni Demi Moore.**

**Tímaritið Life & Style hefur eftir heimildarmanni að parið sé himinlifandi með fréttirnar. „Það er farið að sjást á Emmu. Þau gætu ekki verið hamingjusamari,“ sagði heimildarmaðurinn. Heming er ættuð frá Möltu og starfar sem fyrirsæta. Hún og Willis gengu í hið heilaga í mars árið 2009.**

# J.Lo brast í grát

**Jennifer Lopez brotnaði saman á tónleikum í Connecticut á laugadaginn er hún söng lög sem hún hefur samið um fyrrverandi elskhuga sína. Dansararnir á sviðinu líktust þeim P Diddy, Chris Judd og Marc Anthony, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa verið í sambandi með Lopez. Söngkonan þerraði tárin að loknum flutningi á lögunum „If You Had My Love“ og „Until It Beats No More“ og sagði við áhorfendur að hún hefði verið að rifja upp sárar minningar.**



**EIGA VON Á BARNI** Jessica Simpson og Eric Johnson eiga von á barni á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Staðfestir óléttuna

**„Já, ég er ólétt“ er fyrirsögnin á forsíðuviðtali nýjasta tölublaðs OK Magazine, en þar staðfestir söngkonan Jessica Simpson að hún beri barn undir belti. Kjaftasögur þess efnis hafa verið ansi háværar undanfarið og er talið að OK Magazine hafi borgað rúmar 57 milljónir íslenskra króna fyrir að fá að segja fréttirnar. Simpson er hæstánægð með óléttuna og kveðst glöð að geta loksins borðað allt sem hún vill. Barnsfaðir hennar er NFL-leikmaðurinn Eric Johnson, en þau trúlofuðu sig fyrir ári.**






# Ríghaldið í pilsfaldinn

Bíó ★★

**The Thing**

Leikstjórn: Matthijs van Heijningen Jr.

**Aðalhlutverk:** Mary Elizabeth Winstead, Joel Edgerton, Ulrich Thomsen, Adewale Akinnuoye-Agbaje, Eric Christian Olsen

The Thing er sett fram sem eins konar formáli hinnar klassísku myndar The Thing, sem leikstjórinn John Carpenter gerði árið 1982. Hugmyndaauðgin er ekki meiri en þetta í Hollywood. Báðar myndir bera nákvæmlega sama nafn. Fljótlega rennur þó upp fyrir manni hvers vegna myndirnar heita það sama, því að þótt myndin sé markaðssett sem formáli er hún ekkert annað en endurgerð.

Í stuttu máli fylgjumst við með norskum og bandarískum vísindamönnum á Suðurskautslandinu sem finna óvæntan glaðning í ísnum, illskeytta veru úr geimnum sem getur breytt sér í aðrar verur, þar á meðal fólk, og þannig náð að útrýma gervöllu mannkyni, nái hún að dreifa sér óhindrað.

Til að byrja með er takturinn hægur og stígandi og andrúmsloftið ógnvekjandi en um miðbik fer myndin út af sporinu og hin dulda ógn afhjúpar sig algjörlega sem sá tölvuteiknaði kjánaskapur sem hún er. Stemningin er afrituð beint eftir mynd Carpenters, sem var vissulega ekki fullkomin, en hún hafði mikla sál og hana vantar hér.

Enn og aftur spyr maður sig um tilgang kvikmyndagerðar af þessu tagi. Í stað þess að gera flotta forsögu á eigin forsendum ríghelldur kvikmyndagerðarfólkið í pilsfald móður sinnar, gamallar B-hrollvekju sem kostaði mun minna en var þeim mun betri. **Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** **Enn ein tilgangslausa endurgerðin. Leigið frekar myndirnar frá 1951 og 1982.**








**DRAKK OF MIKIÐ** Vodka varð Amy Winehouse að falli.

# Áfengi drap Winehouse

**Amy Winehouse lést eftir óhóflega áfengisneyslu, en ekki eftir áfengisfráhvörf eins og var haldið fram í fyrstu.**

**Breska ríkisútvarpið BBC greindi frá þessu í gær. Þrjár tómar vodkaflöskur fundust í íbúð Winehouse eftir að hún lést, 27 ára gömul. Samkvæmt krufningu fundust um 416 mg af áfengi í hverjum desilítra af blóði hennar.**

**Ekki er talið að um sjálfsvíg hafi verið að ræða.**



**SKEMMTIR SÉR** Cameron Diaz lætur sér ekki leiðast eftir sambandsslitin við Alex Rodriguez. NORDICPHOTOS/GETTY

# Djammar með Diddy

**Leikkonan Cameron Diaz virðist ekki gráta sambandsslit sín og hafnaboltamannsins Alex Rodriguez. Hún sást nýlega skemmta sér með fyrrverandi kærasta sínum, rapparanum Sean „Diddy“ Combs, og öðrum.**

**Samkvæmt sjónarvottum stóðu lífverðir vörð um borðið þar sem Diaz og Combs sátu. „Það komst enginn að borðinu þeirra. Þau virtust skemmta sér vel enda eru þau gamlir vinir,“ var haft eftir sjónarvotti. Fleiri skemmtu sér með þeim Diaz og Combs og má þar helst nefna rapparann Nas, Cuba Gooding Jr. og NBA-stjörnuna David Lee.**

# Saturdays-stúlka fékk lungnabólgu á Íslandi

Söngferill Frankie Sandford, sem er einn meðlima stúlknasveitarinnar The Saturdays, gæti verið í hættu vegna lungnabólgu sem hefur haldið henni frá störfum að undanförnu.

Breskir fjölmiðlar gera því skóna að Sandford hafi nælt sér í lungnabólguna hér á Íslandi, en eins og Fréttablaðið greindi frá kom sveitin hingað fyrir skömmu og tók upp myndband við Kleifarvatn. Aftakaveður lék hins vegar stúlkurnar grátt og neyddust þær til að vera ansi fáklæddar í köldum haustlægðum sem þá gengu yfir suðvesturhorn landsins. Myndbandið við My Heart Takes Over hefur notið ágætra vinsælda á YouTube og hafa tæplega 800 þúsund séð það. Áhugasamir geta þar séð hversu kuldalegt var um að litast.

Samkvæmt breska tímaritinu Heat er Sandford sögð hafa verið með kvef þegar hún kom til landsins en ástand hennar versnaði til muna eftir ferðalagið hingað. Sandford var lögð inn á sjúkrahús skömmu eftir heimkomuna og óttast það mjög að ferill hennar sé í hættu. „Hún er svo hrædd því hún hefur aldrei verið svona veik áður. Hún grætur undan verkjum og óttast að ævintýrið sé úti.“ Þessar fréttir fengust hins vegar ekki staðfestar af talsmanni sveitarinnar né fjölmiðlafulltrúa Sandford en kærasti hennar, knattspyrnukappinn Wayne Bridge, hefur verið duglegur að hjúkra henni. **- fgg**



**HRÆDD** Frankie Sandford úr The Saturdays nældi sér í lungnabólgu á Íslandi og er ákaflega hrædd um feril sinn. Wayne Bridge hefur hins vegar verið duglegur að hjúkra henni.



**HARMAR BRJÓSTAAÐGERÐ** Leikkonan Denise Richards sér eftir því að hafa gengist undir hnífinn á sínum yngri árum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sér eftir lýtaaðgerð

**Denise Richards harmar það að hafa gengist undir brjóstastækkun þegar hún var ung. Leikkonan segist full af sjálfstrausti í dag en var það ekki á sínum yngri árum.**

**„Ég gekkst fyrst undir hnífinn þegar ég var nítján ára gömul. Í dag óska ég þess að ég hefði verið nógu örugg með sjálfa mig og sleppt aðgerðinni. Ég vona að ég nái að ala dætur mínar þannig upp að þær verði ánægðar með sig og líkama sinn. Það að vera ánægður með sjálfan sig og vaxtarlag sitt er mikill kostur,“ sagði leikkonan í nýlegu viðtali.**



**HEFUR ÁHUGA Á TÍSKU** Leighton Meester hefur mikinn áhuga á tísku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fær aðstoð frá stílista

**Leikkonan Leighton Meester er ávallt smekkleg og fallega klædd og þakkar hún stílista sínum fyrir það. Leikkonan fylgist líka með nýjustu tísku sjálf og er tíður gestur á fremsta bekk tískusýninga.**

**„Ég er með stílista, sem er mjög þægilegt. En ég fylgist líka með sjálf og þá sérstaklega í gegnum netið. Mér finnst alltaf jafn gaman þegar mér gefst tækifæri á að klæðast fallegum kjólum,“ sagði Meester.**

**Leikkonan segist ekki munu verða uppiskroppa með verkefni þegar Gossip Girl hættir göngu sinni og segist bæði vilja halda áfram tónsmíðum og fara aftur í skóla. „Ég mundi vilja ferðast meira, fara í skóla og gera allt það sem ég hef ekki haft tíma fyrir hingað til.“**



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!



| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D FORSÝNING KL. 8 | | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| HEADHUNTERS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE THING | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.20 | 12 |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| HEADHUNTERS | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 10.20 | 14 |
| MIDNIHGT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D FORSÝNING | KL. 8 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 10 | 16 |
| THE THING | KL. 10 | 16 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |
| BORGRÍKI | KL. 6 - 8 | 14 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



15.000 MANNS Á AÐEINS 11 DÖGUM

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE THING | 8 og 10.10 |
| BORGRÍKI | 6, 8 og 10.10 |
| ÞÓR - 3D | 6 - ISL TAL |
| KILLER ELITE | 8 og 10.20 |
| JOHNNY ENGLISH | 6 |

SAMBÍÓIN




FORSÝND Í KVÖLD




Myndin sem allir eru að tala um sem óvæntasta smell ársins
Byggð á metsölubókinni Húshjálpin eftir Kathryn Stockett

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| TINTIN Forsýning M/ Ensku Tali | kl. 10:20 | 3D | 7 |
| THE HELP Forsýning | kl. 8 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 | 2D | 10 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 5:30 | 2D | 12 |
| CONTAGION | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 5:50 | 2D | VIP |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 10:50 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 10:20 | 2D | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TINTIN | kl. 10:20 | 3D | 7 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 | 3D | 12 |
| BORGRÍKI m/ísl.tali | kl. 10:20 | 2D | 14 |
| KILLER ELITE | kl. 8 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | L |
| HELP FORSÝNING | kl. 8 | 2D | 7 |
| BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| THE HELP Forsýning | kl. 9 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 6 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 5:40 | 2D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HELP | kl. 8 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:50 | 3D | 12 |
| REAL STEAL | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |




> Ég hitti einmitt GusGus-liða á leiðinni út og fékk leiðbeiningar hjá þeim hvernig væri hægt að lifa svona túr af.
>
> HALLGRÍMUR HELGASON RITHÖFUNDUR

**HÁLFGERT TÓNLEIKAFERÐALAG** Hallgrímur Helgason fékk góð ráð hjá GusGus-liðum á leiðinni til Þýskalands. Þeir ráðlögðu honum að drekka mikið vatn, það væri lykillinn að því að halda út svona langt ferðalag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Las í 20 borgum á 21 degi

**Hallgrímur Helgason er kominn heim eftir að hafa þvælst um allt Þýskaland með nýjasta skáldverk sitt, Konan við 1000°. Bókin kom fyrst út þar vegna bókamessunnar í Frankfurt og hefur fengið afbragðs dóma en hún er innblásin af sögu barnabarns Sveins Björnssonar, fyrrum forseta Íslands.**

„Þetta voru 20 borgir á 21 degi,“ segir Hallgrímur Helgason rithöfundur, nýkominn heim til Íslands. Varla hefur það farið framhjá neinum að Ísland var heiðursgesturinn á bókamessunni í Frankfurt og Hallgrímur nýtti það dauðafæri vel; nýjasta skáldverk hans, Konan við 1000°, kom fyrst út í þýskri þýðingu og rithöfundurinn lagði á sig mikið ferðalag um Þýskaland til að lesa upp úr henni.

„Ég las á hverju kvöldi og fór svo til nýrrar borgar. Ég hitti einmitt GusGus-liða á leiðinni út og fékk leiðbeiningar hjá þeim hvernig væri hægt að lifa svona túr af, sem minnir auðvitað meira á tónleikaferðalag en upplestrarferð. Lykillinn að því er að drekka nóg af vatni þótt annar vökvi hafi auðvitað líka komið við sögu,“ segir Hallgrímur, sem var jafnframt boðið út að borða á hverju kvöldi og viðurkennir skáldið að það þori varla að stíga á vogina eftir heimkomuna.

Margir eiga eflaust eftir að hnjóta um ættarnafnið Björnsson sem aðalpersóna bókarinnar, Herbjörg María Björnsson, ber, en afkomendur Sveins Björnssonar, fyrrum forseta íslenska lýðveldisins, hafa borið það. Hallgrímur staðfestir að saga eins af barnabörnum Sveins, Brynhildar Georgíu Björnsson-Borger, hafi orðið honum innblástur að bókinni.

„Það er eiginlega mjög skondin saga á bak við þetta. Ég var að hjálpa konunni minni fyrrverandi í kosningabaráttu fyrir Samfylkinguna og var látinn hafa lista af símanúmerum til að hringja í. Númer fimm á þeim lista var kona sem bjó í bílskúr og ætlaði sko alls ekki að kjósa þessa kommúnista. En við áttum ágætt spjall og hún útskýrði fyrir mér lífið sitt í bílskúrnum og muninn á leitarvélunum Yahoo og Google, og mér fannst hún alveg þrælmerkileg og geta orðið upphaf að næstu sögu. Ég ákvað að þegar ég væri búinn að koma Tíu ráðum burt frá mér myndi ég heimsækja hana en komst þá að því að hún hafði dáið. Ég komst hins vegar líka að því að hún hefði gefið út ævisögu, að pabbi hennar hefði verið með nasistum og að afi hennar væri Sveinn Björnsson forseti,“ segir Hallgrímur, sem tekur hins vegar skýrt fram að hann hafi breytt miklu, bæði nafni aðalpersónunnar og öðrum staðreyndum. „Þetta er skáldsaga, fyrst og fremst, og ég bið fólk að lesa hana sem slíka.“

Seinni heimsstyrjöldin hefur alla tíð verið hálfgert tabú í Þýskalandi en umræðan um þetta tímabil virðist vera að opnast þótt málefnið sé vissulega enn eldfimt. Hallgrímur segist hafa verið spenntur að heyra hvernig Þjóðverjar tækju bókinni, hann gangi mjög langt í gríninu á kostnað nasistanna. „Aðaláhættan var auðvitað sú að maður væri að gera eitthvað sem hefði verið gert áður. Og svo að maður færi yfir strikið en ég var með góðan yfirlesara og ég held að mestallt hafi fengið að halda sér í bókinni.“ Hins vegar hafi ríkt sérstaklega mikil eftirvænting hjá honum að heyra hvernig þeir tækju kaflanum um hálfbróður Hitlers, sem er fótalaus gyðingur, en sá kafli gengur víst mjög langt í háðinu á Þriðja ríkinu. „Honum var vel tekið, ég var alveg sérstaklega ánægður með það.“

freyrgigja@frettabladid.is


LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is



+20% afsláttur
D-3 vítamín er nauðsynlegt fyrir alla
– börn, konur og karla.
Gildir til 31. október 2011.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56824 10/11

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 20:00, 22:00 (ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR) ■ Á ANNAN VEG 18:00, 22:00 (SÍÐUSTU SÝN.) ■ GE9N 22:00 (SÍÐUSTU SÝN.)
ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# Sálarlaus gereyðing

Tölvuleikur ★★★

**Ratchet & Clank: All 4 One**

Insomniac Games

Ratchet & Clank er leikjasería sem á sér marga aðdáendur. Sumir elska leikina fyrir nánast „Pixar-legt“ útlitið, aðrir fyrir skemmtilegasta úrval vopna sem fyrirfinnst í tölvuleik og enn aðrir fyrir skemmtilega spilun sem höfðar jafnt til barna og fullorðna.

Í Ratchet & Clank: All 4 One eru a.m.k. tvö af fyrrnefndum atriðum enn til staðar. Leikurinn er gullfallegur í þeim skrautlega teiknimyndastíl sem einkennir Ratchet & Clank-leikina. Vopnin eru skemmtilega furðuleg og standa vel undir þeim væntingum sem þriðja heims einræðisherra gæti haft til gereyðingarvopna.

All 4 One er allt öðruvísi en fyrri leikir í seríunni og það er ekki víst að þær breytingar sem gerðar voru á leiknum séu af hinu góða. Nú er allt kapp lagt á fjölspilun, en allt að fjórir geta spilað saman í gegnum leikinn, annað hvort á sömu tölvunni eða í gegnum netið. Menn keppast við að ná sem flestum peningum og safna saman exótískum dýrum á meðan barist er við ógrynni óvina. Þetta er allt gott og blessað en þetta fyrirkomulag hefur á einhvern hátt rifið sálina úr leiknum. Sem dæmi má nefna að í fyrri leikjum snerist allt um að nota vopn á sem frumlegastan máta til að drepa óvinina. Nú er þess nánast krafist af leiknum að allir leikmenn séu að nota sama vopn til að geta afgreitt óvinina á sómasamlegan máta. Þetta gerir það að verkum að leikurinn verður nánast vélrænn og því miður svolítið einhæfur.



**BREYTINGAR** Nýi leikurinn í Ratchet & Clank-seríunni er ekki eins góður og fyrri leikirnir.

Þegar síðasti Ratchet & Clank-leikur kom út sagði undirritaður að serían væri farin að staðna aðeins og kannski væri tími til að breyta aðeins formúlunni. Það er líklega of seint að taka þau orð til baka. Ratchet & Clank: All 4 One er alls ekki slæmur leikur, það er hægt að skemmta sér ágætlega í fjölspilun en takmörkuð gervigreind tölvustýrðra samherja gerir það að verkum að einstaklingsspilun er pirrandi á köflum.

Viggó Ingimar Jónasson

**Niðurstaða:** Fínn leikur en samanborið við fyrri leiki seríunnar er hann afskaplega takmarkaður.



**ÓVÆNTIR TÓNLEIKAR** Johnny Depp hélt óvænta tónleika á bar í Texas við mikinn fögnuð áhorfenda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Depp tróð upp í Texas

**Leikarinn Johnny Depp kemur sífellt á óvart, en á dögunum sló hann upp óvæntum tónleikum á bar í Texas. Depp er staddur vestanhafs til að kynna mynd sína The Rum Diary og ákvað að hitta félaga sinn Bill Carter og spila með honum í 90 mínútur fyrir bargesti. Barinn fylltist á örskotsstundu þegar fréttist af tónleikum Depps, sem er liðtækur gítarleikari.**



**SKILIN** Tara Reid er skilin eftir aðeins tveggja mánaða hjónaband. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skilin eftir tvo mánuði

**Tara Reid tilkynnti nýverið að hún og eiginmaður hennar til tveggja mánaða væru skilin. Reid sló í gegn á tíunda áratugnum fyrir leik sinn í gamanmyndunum American Pie.**

**Reid giftist kaupsýslumanninum Zack Kehayov í Grikklandi í ágúst og í kjölfarið birti tímaritið Life & Style myndir af brúðhjónunum skælbrosandi í sólinni á Grikklandi. En nú hafa þau ákveðið að fara hvort í sína áttina og viðurkenndi Reid að hjónabandið hefði í raun aldrei verið löglegt, í það minnsta ekki í heimalandinu.**















**ARI FREYR SKÚLASON** er hugsanlega á förum frá sænska liðinu GIF Sundsvall. Samningur Ara við félagið rennur út í desember og fjöldi liða í Skandinavíu hefur sýnt honum áhuga.

# Hjartað fékk að ráða för

**Guðmundur Steinarsson verður áfram í Keflavík og hefur skrifað undir nýjan eins árs samning. Liðið verður líklega ekki styrkt frekar nema með erlendum leikmönnum þegar líður að Íslandsmótinu. Guðmundur ræddi við önnur félög.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar fengu góðar fréttir í gær þegar Guðmundur Steinarsson ákvað að framlengja samning sinn við Keflavík í eitt ár til viðbótar. Guðmundur hafði verið sterklega orðaður við önnur lið, svo sem Val og Breiðablik, en hann ákvað á endanum að halda sig við heimahagana.

„Það má segja að það hafi tvennt ráðið úrslitum. Bæði var samningurinn góður og hjartað fékk að ráða för,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að Keflvíkingar, hvort sem þeir voru tengdir félaginu eða honum persónulega, hefðu sett pressu á hann. „Maður fann fyrir því eftir því sem leið á dagana að það var mikill vilji til að halda mér í Keflavík. Ég komst svo að góðu samkomulagi við stjórn knattspyrnudeildarinnar og því var þetta niðurstaðan.“

### Margir spennandi kostir á Íslandi

Guðmundur segir þó að vissulega hafi það freistað að leita nýrra áskorana. „Þetta voru vissulega ákveðin innri átök en nú verður tíminn að leiða í ljós hvort þetta hafi verið skynsamleg ákvörðun eða ekki. Ég skoðaði aðra kosti og voru þeir margir mjög spennandi enda mörg áhugaverð félög á Íslandi í dag. Ég ræddi við Valsmenn enda þekki ég þjálfarann Kristján Guðmundsson vel og veit að það er gott að vinna með honum. En heimaklúbburinn er manni alltaf kærastur.“

Talsverðar breytingar hafa legið í loftinu hjá Keflavík að undanförnu, en liðið var í fallhættu allt þar til í lokaumferð Pepsi-deildar karla í sumar. Ákveðið var að endurnýja ekki samning Willums Þórs Þórssonar þjálfara, sem er nú farinn í Leikni. Andri Steinn Birgisson fylgdi honum þangað og þá fór fyrirliðinn Haraldur Freyr Guðmundsson í atvinnumennskuna í Noregi í sumar.

„Þessir tveir leikmenn eru farnir, sem og Svíinn Adam Larsson sem við vorum með í láni í sumar,“ sagði Guðmundur en bætti við að þrátt fyrir það yrði ekki farið að eltast við íslenska leikmenn á næstu vikum og mánuðum.

„Fyrst og fremst verður lögð áhersla á að halda þeim leikmönnum sem eru fyrir hjá félaginu og sjá svo hverju það skilar. Ég tel síðan líklegt að það verði reynt að styrkja liðið með erlendum leikmönnum þegar nær dregur upphafi Íslandsmótsins,“ bætti Guðmundur við. Meðal þeirra leikmanna sem eru samningslausir er varnarmaðurinn Guðjón Árni Antoníusson, en hann er nú að íhuga að flytja sig um set til Reykjavíkur, þar sem hann ætlar sækja nám.

„Ég á von á því að fram að vetri verðum við Jóhann Birnir [Guðmundsson] langelstu mennirnir í hópnum. Það er auðvitað alltaf mikið happadrætti að ætla að styrkja liðið með útlendingum skömmu fyrir mót en ég vona að menn hafi lært af reynslunni og finni nokkra öfluga stráka.“

Zoran Daníel Ljubicic er nýr þjálfari Keflavíkur og honum til aðstoðar verður Gunnar Oddsson.

„Það var reynt að fá heimamenn til að taka þetta að sér og það var afar jákvætt að það tókst. Það eru vonandi spennandi tímar fram undan.“ eirikur@frettabladid.is



**VERÐUR ÁFRAM** Keflvíkingar fagna því væntanlega mjög að halda sóknarmanninum Guðmundi Steinarssyni í sínum röðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjórða umferðin í Iceland Express-deild karla í körfubolta hefst í kvöld:

# Breiddin mikil hjá toppliðunum

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan og Grindavík hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína í Iceland Express-deild karla og líta bæði vel út í upphafi mótsins. Það er einkum breiddin í stigaskori leikmanna beggja liða sem hefur vakið athygli. Sex Grindvíkingar hafa skorað tíu stig eða meira að meðaltali í þessum þremur umferðum og fimm Stjörnumenn eru að skora 13 stig eða meira í leik.

Það kemur því kannski ekki á óvart að bæði liðin hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína örugglega. Fyrsta alvöru prófið á Stjörnumenn er reyndar í kvöld þegar þeir fá Íslandsmeistara KR-inga í heimsókn. Fram að þessu hefur liðið mætt Tindastóli, Haukum og Val, sem eiga það öll sameiginlegt að sitja án sigurs á botni deildarinnar.

Stjarnan tekur á móti KR í Garðabænum klukkan 19.15 í uppgjöri liðanna sem léku til úrslita í fyrra en á sama tíma mætast Njarðvík og Þór Þorlákshöfn í Ljónagryfjunni í Njarðvík og ÍR og Snæfell í Seljaskóla.

Grindvíkingar spila sinn fjórða leik á morgun á móti Tindastóli á heimavelli en það eru ekki bara sex Grindvíkingar hafa skorað tíu stig eða meira í leik því tveir öflugir sóknarmenn til viðbótar eru rétt undir tíu stiga múrnum. Þetta eru Jóhann Árni Ólafsson (9,0) og Ólafur Ólafsson (8,7) sem eru báðir með yfir tíu framlagsstig í leik.

Helgi Jónas Guðfinnsson er því með átta leikmenn innanborðs sem eru að skora 8,7 stig eða meira, sem er lúxus sem fáir þjálfarar búa yfir. Stigahæsti maður Grindavíkurliðsins er Giordan Watson með „bara“ 14,3 stig og það er því ekki hægt að einblína á neinn einn leikmann þegar menn ætla að stoppa Grindvíkinga í vetur.

Menn skera sig meira út í Stjörnuliðinu. Stjörnumaðurinn Justin Shouse hefur staðið sig afar vel í fyrstu þremur leikjunum sem Íslendingur, en hann er efstur í Stjörnuliðinu í stigum (21,3), stoðsendingum (6,3) og framlagi (24,7), auk þess sem Stjörnuliðið hefur unnið þá 101 mínútu sem hann hefur spilað til þessa með 66 stigum. Justin er líka efstur í plús og mínus í deildinni rétt á undan Keith Cothran, félaga sínum í Garðabænum. - óój



**JUSTIN SHOUSE** Nýjasti Íslendingurinn í Stjörnuliðinu fer fyrir sínum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Grindvíkingar yfir 10 stig**

| | |
|---|---|
| Giordan Watson | 14,0 |
| Sigurður Gunnar Þorsteinsson | 12,7 |
| J'Nathan Bullock | 12,5 |
| Ómar Örn Sævarsson | 10,3 |
| Páll Axel Vilbergsson | 10,3 |
| Þorleifur Ólafsson | 10,0 |

**Stjörnumenn yfir 13 stig**

| | |
|---|---|
| Justin Shouse | 21,3 |
| Keith Cothran | 19,7 |
| Marvin Valdimarsson | 17,0 |
| Jovan Zdravevski | 14,5 |
| Fannar Freyr Helgason | 13,0 |

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 69,9% | 57,7% | Fréttablaðið | 73,1% | 60,1% |
| Morgunblaðið | 26,3% | 24,4% | Morgunblaðið | 33,4% | 31,5% |
| DV | 9,5% | 9,4% | DV | 11,4% | 10,9% |
| Fréttatíminn | 44,4% | 32,3% | Fréttatíminn | 50,7% | 36,9% |
| Finnur.is | 25,3% | 19,6% | Finnur.is | 33,8% | 26,1% |
| Monitor | 24,5% | 22,4% | Monitor | 24,4% | 23,5% |
| Viðskiptablaðið | 7,1% | 6,8% | Viðskiptablaðið | 9,8% | 8,7% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM:

**Norður-Írland - Ísland** **0-2**
0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (39.), 0-2 Dagný Brynjarsdóttir (41.)
**Belgía-Noregur** **0-1**
**Staðan:** Ísland 13, Noregur 6, Belgía 4, Norður-Írland 3, Búlgaría 0, Ungverjaland 0.

### Enski deildarbikarinn:

**Stoke City-Liverpool** **2-1**
1-0 Kenwyne Jones (44.), 1-1 Luis Suarez (54.), 1-2 Luis Suarez (85.).
**Wolves-Man. City** **2-5**
1-0 Nenad Milijas (17.), 1-1 Adam Johnson (37.), 1-2 Samir Nasri (39.), 1-3 Edin Dzeko (40), 1-4 Dorus de Vries, sjm (49.), 1-5 Edin Dzeo (64.), 2-5 Jamie O´Hara (65.)
**Blackburn-Newcastle** **4-3**
1-0 Ruben Rochina (5.), 2-0 Yakubu Aiyegbeni, víti (63.)., 2-1 Danny Guthire (90.+3), 2-2 Yohan Cabaye (90.+6), 3-2 Morten Gamst Pedersen (98.), 3-3 Peter Lovenkrands, víti (105.), 4-3 Gael Givet (120.).
**Everton-Chelsea** **1-2**
0-1 Salomon Kalou (37.), 1-1 Louis Saha (82.), 1-2 Daniel Sturridge (115.)

### IE-deild kvenna:

**Haukar-Fjölnir** **81-84**
Haukar: Hope Elam 18/18 fráköst, Jence Ann Rhoads 18, Íris Sverrisdóttir 18, Margrét Rósa Hálfdánardótir 17, Guðrún Ósk Ámundardóttir 7/11 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 3.
Fjölnir: Brittney Jones 34, Katina Mandylaris 20/14 fráköst, Birna Eiríksdóttir 18, Erla Sif Kristinsdóttir 8, Eva María Emilsdóttir 3.
**Hamar-Njarðvík** **72-91**
**Valur-Keflavík** **70-84**
Valur: Kristrún Sigurjónsdóttir 23 María Ben Erlingsdóttir 12, Berglind Karen Ingvarsdóttir 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 7, Melissa Leichlitner 5, Unnur Ásgeirsdóttir 5, Margrét Ósk Einarsdóttir 3, Þórunn Bjarnadóttir 3, Hallveig Jónsdóttir 3
Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 27/5 fráköst/6 stolnir, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 16/5 fráköst, Jaleesa Butler 15/15 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Sara Rún Hinriksdóttir 13/5 fráköst, Helga Hallgrímsdóttir 4/10 fráköst, Hrund Jóhannsdóttir 4, Lovísa Falsdóttir 3, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2

### Eimskipsbikar karla:

**Fjölnir-HK** **13-36**
Mörk Fjölnis: Aron Guðmundsson 3, Einar Örn Hilmarsson 3, Hálfdán Daníelsson 3, Jón Björnsson 2, Grétar Eiríksson 1, Heimir Stefánsson 1.
Mörk HK: Bjarki Már Elísson 11, Hörður Másson 5, Atli Ævar Ingólfsson 5, Björn Björnsson 4, Birkir Arnarsson 3, Bjarki Már Gunnarsson 2, Ólafur Bjarki Ragnarsson 1, Kristján Víðisson 1, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1.
**Víkingur-ÍBV** **28-29**
Mörk Víkings: Arnar Theodórsson 8, Gestur Jónsson 5, Kristinn Guðmundsson 4, Sigurður Karlsson 4, Lárus Kristjánsson 3, Egill Björgvinsson 2,, Óttar Pétursson 1, Gunnar Arason 1.
Mörk ÍBV: Pétur Pálsson 9, Vignir Stefánsson 5, Andri Friðriksson 5, Magnús Stefánsson 4, Theodór Sigurbjörnsson 3, Grétar Eyþórsson 1, Leifur Jóhannesson 1.

### Þýski bikarinn:

Düsseldorf-TuS N Lubbecke 32-34
Ernir Hrafn Arnarson skoraði 6 mörk fyrir Düsseld.
Friesenheim-Bergischer 33-27
Rúnar Kárason skoraði 4 mörk fyrir Bergischer.




# BESTA ÁR LANDSLIÐSINS

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir að árinu sem sé að ljúka sé einstakt í sögu íslenskrar kvennaknattspyrnu. Stelpurnar okkar spiluðu sinn síðasta leik á árinu í Belfast í gær þar sem þær unnu afar sannfærandi 0-2 sigur á Norður-Írum.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var frekar öruggt. Við spiluðum frábæran leik fyrir utan fyrstu tíu mínútur leiksins. Spiluðum vel, sköpuðum fullt af færum og allt eins og það á að vera," sagði hamingjusamur þjálfari kvennalandsliðsins, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, eftir 0-2 sigur á Norður-Írum í Belfast í gær.

Stelpurnar okkar ljúka því góðu ári með sigri og eru á toppi síns riðils í undankeppni EM. Þó svo að íslenska liðið hafi ráðið lögum og lofum á vellinum í gær tók það 39 mínútur að brjóta heimamenn niður.

„Þær voru virkilega baráttuglaðar og múruðu upp fyrir utan markið hjá sér. Það er erfitt að brjóta slíkt lið niður. Færin komu samt og mörkin voru fín. Þið skiluðu allar sínu í þessum leik og það er ekki oft þannig að allir leikmenn eru góðir. Ég tók engan leikmann af velli af því að hann var slakur. Eingöngu til að gefa öðrum tækifæri," sagði Sigurður sem hefði viljað fá fleiri mörk.

„Sigurinn var síst of stór miðað við færin sem við fengum í leiknum. Ég var samt ánægður að fá mark úr föstu leikatriði því við höfum saknað Eddu svolítið þar. Þetta var virkilega góður sigur og Þóra þurfti aðeins að verja einu sinni í leiknum. Það segir sína sögu um ógnina frá þeim. Við áttum allan leikinn og þetta var aldrei í neinni hættu. Það var samt gott að fá mörkin fyrir hlé og það létti á okkur. Eftir það fórum við að spila enn betur."

Sigurður Ragnar segir þetta vera viðeigandi endi á ári sem sé einstakt í sögu íslenskrar kvennaknattspyrnu.

„Það er frábært að toppa með þessum sigri. Við erum búnar að vinna fjórar þjóðir á þessu ári sem eru hærra skrifaðar en við og eina tapið er gegn besta liði heims. Við erum í fínni stöðu í riðlinum og þetta er líklega besta ár kvennalandsliðsins frá upphafi. Það er ekki yfir neinu að kvarta í þessum efnum nema leiknum gegn Belgíu. Við erum engu að síður á toppnum og ráðum okkar örlögum.

Ég er virkilega ánægður með stelpurnar og gaman að sjá hvað við eigum orðið marga frábæra einstaklinga líka. Við eigum marga leikmenn í fremstu röð og aðrar eru að stíga enn betur upp."

henry@frettabladid.is



**MAGNAÐAR** Stelpurnar okkar lentu ekki í neinum vandræðum með Norður-Íra í Belfast í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Í STUÐI** Pálína Gunnlaugsdóttir átti mjög góðan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keflavík vann öruggan sigur á Valsstúlkum:

# Keflavík komið í gang

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Keflavíkur eru komnar í gang í kvennakörfunni eftir að hafa gengið í gegnum þriggja leikja taphrinu í upphafi tímabils. Keflavík vann öruggan 14 stiga sigur á Val, 84-70, í Vodafone-höllinni í gær.

Pálína Gunnlaugsdóttur skaut svæðisvörn Vals í kaf í gær og hefur skorað 59 stig í síðustu tveimur leikjum, sem Keflavíkurliðið hefur unnið báða af öryggi.

„Loksins er ég komin í gang, ég var í það minnsta ekki með á undirbúningstímabilinu. Hugarfarið breyttist hjá mér. Ég var kannski aðeins afslappaðri og fór að einbeita mér að því að láta leikinn koma til mín," sagði Pálína í leikslok og bætti við: „Ég þakka Valsstelpunum kærlega fyrir að bjóða mér upp á þriggja stiga skotið uppi á toppnum sem og liðsfélögunum fyrir að finna mig. Þetta var algjör veisla fyrir mig í dag og sem betur fer setti ég þetta niður," sagði Pálína.

Keflavík lagði grunninn að sigrinum með góðum þriðja leikhluta þar sem Pálína raðaði niður þristunum og Keflavík var í framhaldinu með 15 stiga forskot fyrir lokaleikhlutann. Valsliðið vaknaði ekki fyrr en það var komið 24 stigum undir í fjórða leikhlutanum en það var alltof seint.

„Þetta gekk alveg afleitlega hjá okkur. Það vantaði allan kraft í liðið sem er rosalega skrýtið því það var rosalega mikill kraftur í liðinu í síðasta leik. Liðið var mjög svipað og á móti Snæfelli í fyrstu umferðinni og byrjaði ekki að spila þennan leik fyrr en þrjár mínútur voru eftir," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals, en fyrirliðinn Signý Hermannsdóttir hefur ekki áhyggjur.

„Þegar við smellum saman þá verðum við rosalega góðar. Við erum ennþá bara að finna liðið og að vinna í ýmsum málum. Við þurfum bara að halda áfram og finna jafnvægið og svo toppum við bara á réttum tíma. Við erum bara í október," sagði Signý. - óój

Dramatík í deildarbikarnum:

# Suarez hetja Liverpool

**FÓTBOLTI** Luis Suarez kom Liverpool til bjargar í gær er liðið lagði Stoke City á Britannia-vellinum. Suarez skoraði tvö frábær mörk eftir að Liverpool hafði lent undir í leiknum.

„Ég held að hann eigi aldrei eftir að skora auðvelt framherjamark þar sem hann ýtir boltanum yfir línuna," sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, um hetjuna sína frá Úrúgvæ en mörkin voru afar smekkleg og þá sérstaklega fyrra markið. Þá klobbaði Suarez varnarmann og lagði boltann afar fallega í fjærhornið.

„Það var ótrúlega vel gert hjá honum. Við vitum vel hvað þessi strákur getur og það kemur okkur ekki á óvart hjá honum. Þess utan gladdi viðhorf og barátta leikmanna liðsins mig mikið. Ef menn eru ekki klárir í harðan slag á þessum velli þá munu þeir tapa."

Chelsea komst í hann krappan gegn Everton en marði sigur. Man. City valtaði yfir Úlfana en Blackburn vann síðan ævintýralegan sigur á Newcastle. - hbg



**FAÐMAR HETJUNA** Dalglish var í skýjunum með frammistöðu Suarez í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


María Ólafsdóttir
Starf: Gullsmiður
Áhugamál: Veggtennis
Egils
V
SPORT
MEÐ LIME- OG SÍTRÓNUBRAGÐI
B-VÍTAMÍN
STEINEFNI
AÐEINS 2 KKAL Í 100 ML
SVARAÐU ÞORSTANUM
V SPORT er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnauður íþróttadrykkur. Hann inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni og bætir upp vökva- og steinefnatap eftir áreynslu.
Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú varst að brenna?
Fáðu þér svalandi V SPORT og náðu enn betri árangri
Innihald í 500 ml
Níasín 12 mg 75%
Fólasín 150 µg 75%
Kalk 120 mg 15%
Magnesium 55 mg 15%
Bíótín 37,5 µg 75%
B5 4,5 mg 75%
B6 1,05 mg 75%
B12 1,90 µg 75%
Hlutfall af ráðlögðum dagskammti
FITON / SÍA

## > Stöð 2 kl. 22.25 Breaking Bad



***Önnur þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White, sem ákvað að nýta efnafræðiþekkingu sína til að framleiða dóp eftir að hann komst að því að hann væri dauðvona. Í fyrsta þættinum reyna Walt og félagi hans, Jesse, að hætta í viðskiptum við Tuco en það gæti reynst erfitt.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR ÆTLAR AÐ HLUSTA

# Var draumur að vera með dáta?

Síðari hluti útvarpsleikritsins Ástand verður fluttur á sunnudaginn kemur og ég ætla ekki að missa af honum. Til að koma mér betur inn í ástandið ætla ég fyrst að hlusta á útvarpsþátt Erlu Tryggvadóttur, Það er draumur að vera með dáta, sem er á dagskrá Rásar 1 á laugardaginn.

Fyrsti hluti útvarpsleikritsins var fluttur síðastliðinn sunnudag. Sögusviðið er Reykjavík árið 1941. Sögð er saga unglingsstúlkunnar Guðrúnar og ástarsambands hennar við breska hermanninn Bob, um það leyti sem íslensk yfirvöld banna samskipti ungmenna og setuliðsins og settur er á laggirnar ungmennadómstóll. Þar með verður samband þeirra að glæpamáli og örlagarík atburðarás fer af stað.

Þó að persónan Guðrún sé skálduð eru aðstæður hennar það ekki. Þess vegna var ekki erfitt að lifa sig inn í söguna og finna til leiða og reiði yfir örlögum hennar. Það var kannski enginn draumur að vera með dáta, eftir allt saman. Margar stúlkur voru handteknar, settar í læknisskoðun og fluttar nauðugar af heimilum sínum á heimili fyrir vandræðastúlkur.

„Reykjavík má heita ein uppeldisstöð fyrir skækjur“, sagði landlæknirinn í leikritinu. „Skækjurnar“ voru konur á öllum aldri sem áttu í samskiptum við hermennina. Var þá enginn greinarmunur gerður á því að verða ástfangin, að slá sér upp eða að selja líkama sinn. Ég er ánægð með þessar ástandsáherslur hjá RÚV. Við eigum ekki að gleyma, heldur einmitt að horfast í augu við þau mannréttindabrot sem framin voru á konum á öllum aldri í þessum tíma.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Kristur, óratoría eftir Franz Liszt **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Hundrað klukkur og allar vitlausar **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 Smábjóðaleikar** (2:2) (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (16:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (17:52)
**17.36 Mókó** (4:52)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (9:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (8:13) (Nigella: Kitchen)
**20.35 Hljómskálinn** (1:5) Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason. Farið er um víðan völl íslensku tónlistarsenunnar og þekktir tónlistarmenn fengnir til að vinna nýtt efni fyrir þættina.
**21.10 Scott og Bailey** (4:6) (Scott and Bailey) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (100:114) (Criminal Minds V)
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The House Bunny**
**10.00 Trading Places**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 The House Bunny**
**16.00 Trading Places**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Bride Wars**
**22.00 The Boat That Rocked**
**00.10 The Chumscrubber**
**02.00 Getting Played**
**04.00 The Boat That Rocked**
**06.10 A Dog Year**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Kalli kanína og félagar**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (7:175)
**10.15 The Mentalist** (19:23)
**11.00 The Whole Truth** (4:13)
**11.50 Gilmore Girls** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Doubting Thomas: Lies and Spies**
**14.30 E.R.** (3:22)
**15.15 Friends** (5:24)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (4:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (8:21)
**20.10 Hell's Kitchen** (2:15)
**20.55 The Closer** (14:15)
**21.40 The Good Guys** (14:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan.
**22.25 Breaking Bad** (1:13) Önnur þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem komst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð. Þá ákveður hann að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum. Þar með sogast hann inni í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
**23.15 Heimsendir** (3:9)
**00.25 The Killing** (5:13)
**01.10 Game of Thrones** (10:10)
**02.05 The Rookie**
**04.05 Turistas**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Enski deildarbikarinn: Stoke - Liverpool**
**18.15 Enski deildarbikarinn: Stoke - Liverpool**
**20.00 EAS þrekmótaröðin**
**20.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Villarreal**
**22.15 Miðfjarðará** Að þessu sinni er veitt í hinni gjöfulu og skemmtilegu Miðfjarðará.
**22.45 Enski deildarbikarinn: Wolves - Man. City**

## SPORT 2 enski boltinn

**16.20 Man. Utd. - Man. City**
**18.10 Newcastle - Wigan**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 2003/2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Football League Show**
**22.50 Arsenal - Stoke**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** (143:175)
**20.35 In Treatment** (53:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (2:24) Önnur gamanþáttaröðin í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem er líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**22.15 Cougar Town** (15:22)
**22.40 Grey's Anatomy** (4:22)
**23.25 Medium** (2:13)
**00.10 Satisfaction** (7:10)
**01.00 Dagvaktin**
**01.25 The New Adventures of Old Christine** (8:21)
**01.50 Týnda kynslóðin** (10:40)
**02.20 In Treatment** (53:78)
**02.45 The Doctors** (143:175)
**03.30 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (7:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (7:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 Life Unexpected** (8:13) (e)
**15.55 Friday Night Lights** (10:13) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Real Housewives of Orange County** (17:17)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (7:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (10:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegt skrifstofulið sem gefur lífinu lit.
**20.35 30 Rock** (9:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
**21.00 Hæ Gosi** (5:8) Sprenghlægilegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Börk og Víði og fólkið í lífi þeirra. Víðir gómar dóttur sína við vafasama iðju hjá enn vafasamari manni. Berki er lofað öllu fögru en verður fyrir miklum vonbrigðum.
**21.30 House** (8:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.20 Falling Skies** (2:10)
**23.10 Jimmy Kimmel**
**23.55 CSI: Miami** (4:22) (e)
**00.45 Smash Cuts** (42:52) (e)
**01.05 Falling Skies** (2:10) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Children's Miracle Classic (3:4) **09.00** CIMB Asia (1:4) **12.00** Golfing World **12.50** Golfing World **13.40** CIMB Asia (1:4) **16.25** PGA Tour - Highlights (38:45) **17.20** Ryder Cup Official Film 2008 **18.35** Inside the PGA Tour (43:45) **19.00** CIMB Asia (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.15** Að norðan

## BBC entertainment

**08.00** The Weakest Link **08.45** New Tricks **09.35** New Tricks **10.30** EastEnders **11.00** Keeping Up Appearances **11.30** Fawlty Towers **12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **12.50** New Tricks **13.45** New Tricks **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Keeping Up Appearances **15.35** ,Allo ,Allo! **16.00** ,Allo ,Allo! **16.25** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.30** Jonathan Creek **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Office **21.45** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** Top Gear

## DR 1

**11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Kasper & Lise **14.15** Hubert **14.30** Fandango med Louise **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.01** Gintberg på kanten **18.30** Et liv uden stoffer **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.30** Familien Hughes **21.20** Veninderne **22.10** TV!TV!TV! **22.40** Jagten på lykken **04.00** Molly Monster

## NRK 1

**12.05** Norge rundt **12.30** Valpekullet **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Snakkis **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Sigrid søker selskap **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.50** Fabelaktige Fiff og Fam

## svt1

**11.35** Robinson **12.05** Niklas Mat **12.35** Minnenas television **13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **20.00** Debatt **20.45** Livet som hund **21.30** En komikers arbetslivserfarenhet **22.00** Anno 1790 **23.00** Rapport **23.05** Barn till varje pris?

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


LYFJA
– Lifið heil

Senn fer að kólna - vertu viðbúin.




+15% afsláttur af Vectavir og Otrivin

Gildir til 13. nóvember

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56628 10/11


www.husa.is
Allt fínt fyrir jólin
Baðherbergið
fínt fyrir jólin!
BLÖNDUNAR
TÆKI
25%
afsláttur*
um land allt
10.346
13.795
VIÐ
MÆLUM
MEÐ
damixa
Eldhústæki Space
Damixa, hægt að snúa 120°.
8000850
INNI
MÁLNING
25%
afsláttur*
um land allt
í október
JOTUN
LADY
PURE COLOR
6.187
8.249
EMMEVI
Handlaugartæki Winny
Emmevi, með lyftitappa.
7900012
10.046
13.595
EMMEVI
Handlaugartæki Eden
Emmevi, með lyftitappa.
7900020
11.921
15.895
damixa
Handlaugartæki Space
Damixa, með lyftitappa.
8000800
BAÐ
LJÓS
20%
afsláttur*
um land allt
4.990
6.649
Baðljós Skoghall
Silfur.
6000761
3.990
4.990
Baðljós Finesse
Burstað stál, pera G9/25W.
6002138
38.995
LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR
Innbyggður salerniskassi
Sanit, með öllum fylgihlutum.
8078415
ALLAR
FLÍSAR
20%
afsláttur*
um land allt
Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald
KAUPLÁN
Nánar á husa.is
0%
VAXTALAUST LÁN
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana
HÚSASMIÐJAN

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þessa dagana erum við hjá Sævari að hlusta á Biophilia með Björk og erum óskaplega spennt að sjá hana í næstu viku. Einnig erum við með Cowboy in Sweden með Lee Hazlewood á repeat enda frábær tónlistarmaður.“*

Stefán Svan Aðalheiðarson, innkaupastjóri herradeildar í versluninni Sævari Karli.

# Tinni fyrsta hlutverk Þorsteins

Kvikmynd Stevens Spielberg, Ævintýri Tinna, verður frumsýnd um helgina. Einn Íslendingur þekkir sennilega hlutverk hins bráðsnjalla Tinna best en það er Þorsteinn Bachmann leikari.

Þorsteinn talaði inn á allar 39 teiknimyndirnar sem gerðar voru eftir sögum Hergé og voru fyrst sýndar fyrir tuttugu árum. Með Þorsteini í liði var Felix Bergsson en Þorsteinn var hins vegar lykilmaður, var bæði Tinni og Kolbeinn kafteinn. „Upprunalega stóð til að ég myndi gera þetta einn en ég fékk Felix í lið með mér og við skiptum meðal annars Sköftunum á milli okkar.“

Þorsteinn rifjar upp að sennilega hafi Tinni verið fyrsta stóra hlutverkið sitt sem atvinnuleikari, hann var nýútskrifaður úr Leiklistarskólanum þegar yfirþýðandi á Sjónvarpinu hafði samband og spurði hvort hann væri ekki tilkippilegur í þetta. „Tinni er slíkur helgidómur í mínu barnshjarta að maður vildi gera vel og þetta varð því mjög vönduð talsetning. Við Felix rifumst mjög oft við tæknimanninn, vildum fá að gera hlutina aftur og gáfum okkur góðan tíma í þetta.“

Þorsteinn er sjálfur mikill Tinnamaður og beið eftir bókunum um blaðamanninn snjalla á sínum yngri árum. „Ég spurði mömmu einu sinni hvað myndi gerast ef Tinni myndi taka upp á því að deyja, hann gat alltaf bjargað öllu,“ segir Þorsteinn, sem reiknar fastlega með því að fara að sjá nýju Tinnamyndina þegar tækifærið gefst. „Ég kemst ekki á föstudaginn, er að fara að sýna Hreinsun, en ég ætla að fara.“ **- fgg**




**EINLÆGUR TINNAMAÐUR** Þorsteinn Bachmann var rödd Tinna í þeim 39 teiknimyndum sem gerðar voru eftir bókum Hergé. Hann ætlar að sjá nýju Spielberg-myndina um blaðamanninn snjalla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Listaverkið** (Stóra sviðið)
Lau 29.10. Kl. 16:00 15. sýn. U | Sun 30.10. Kl. 19:30 17. sýn. Ö | Fim 3.11. Kl. 19:30 5. au.
Lau 29.10. Kl. 19:30 16. sýn. U | Mið 2.11. Kl. 19:30 4. au.

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)
Fim 27.10. Kl. 19:30 4. au. U | Lau 5.11. Kl. 19:30 6. au. | Fim 24.11. Kl. 19:30 24. sýn.
Fös 28.10. Kl. 19:30 16. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 19. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 25. sýn.
Lau 29.10. Kl. 19:30 17. sýn. Ö | Lau 12.11. Kl. 19:30 20. sýn. | Sun 27.11. Kl. 19:30 26. sýn.
Mið 2.11. Kl. 19:30 1. sér. | Sun 13.11. Kl. 19:30 21. sýn. | Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sýn.
Fim 3.11. Kl. 19:30 18. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 22. sýn. | Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sýn. Ö
Fös 4.11. Kl. 19:30 5. au. | Sun 20.11. Kl. 19:30 23. sýn.

**Hreinsun** (Stóra sviðið)
Mið 26.10. Kl. 19:30 Fors. | Lau 12.11. Kl. 19:30 Ö5. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. Ö
Fim 27.10. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 13.11. Kl. 19:30 Ö 6. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn.
Fös 28.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 Ö 7. sýn. Ö | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn.
Fös 4.11. Kl. 19:30 3. sýn. U | Sun 20.11. Kl. 19:30 Ö 8. sýn. Ö | Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sýn.
Lau 5.11. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 U 9. sýn. U | Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sýn.

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)
Lau 29.10. Kl. 22:00 | Fös 2.12. Kl. 22:00
Fös 25.11. Kl. 22:00 | Lau 10.12. Kl. 22:00

**Hlini kóngsson** (Kúlan )
Sun 30.10. Kl. 15:00

**Hvílíkt snilldarverk er maðurinn** (Þjóðleikhúskjallarinn)
Lau 29.10. Kl. 16:00 Aukas.

**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)
Sun 30.10. Kl. 22:00 4. sýn. Ö | Sun 6.11. Kl. 22:00 6. sýn. | Sun 20.11. Kl. 22:00 8. sýn.
Lau 5.11. Kl. 22:00 5. sýn. | Lau 12.11. Kl. 22:00 7. sýn.

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)
Lau 29.10. Kl. 22:00 | Fös 2.12. Kl. 22:00
Fös 25.11. Kl. 22:00 | Lau 10.12. Kl. 22:00

**Kjartan eða Bolli?** (Kúlan)
Lau 29.10. Kl. 17:00 Frums. | Lau 5.11. Kl. 17:00

**Uppistand - Mið-Ísland** (Þjóðleikhúskjallarinn)
Mið 2.11. Kl. 20:00 | Fim 3.11. Kl. 20:00

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30
Sími í miðasölu 5511200







## EMIL HELGI LÁRUSSON: HEFUR VERIÐ LENGI Í MAGANUM Á OKKUR

# Serranos-tvíeykið snýr sér að sterkum asískum mat

„Við horfum til mánaðamótanna nóvember/desember. Okkar hugmyndafræði gengur út á að gera hlutina vel og ef staðurinn er ekki tilbúinn færum við bara dagsetninguna,“ segir Emil Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri íslensku skyndibitakeðjunnar Serrano.

Fyrirtækið hyggst opna nýjan veitingastað á Bíldshöfða sem hefur verið gefið nafnið Nam. Emil segir þá ætla að sjá hvernig viðtökurnar verði við fyrsta staðnum, fari allt á besta veg verði fleiri Nam-staðir opnaðir á næstu sex til tólf mánuðum.

Að sögn Emils Helga verður staðurinn byggður upp á svipaðan hátt og Serrano nema að asísk matargerð verður í fyrirrúmi. „Það verða ákveðnir kjarnaréttir og svo velurðu fyrir sjálfan þig úr borðinu,“ útskýrir Emil, en matseðill staðarins er ekki fullmótaður.

Matargerð frá Asíu hefur notið talsverða vinsælda hér á landi og Emil segist vita vel af því framboði sem í boði er. „Margir af þeim horfa hins vegar til Taílands en við ætlum okkur enn austar, til Kína, Laos og Víetnam. Sá matur er aðeins sterkari og bragðmeiri.“

Emil segir að hann og Einar Örn Einarsson, sem er hinn eigandi Serrano, hafi gengið með þennan veitingastað lengi í maganum. „Við ferðumst báðir mjög mikið og erum mikið að spá í matarmenningu og veitingastaði og þessi matarmenning hefur einfaldlega heillað okkur upp úr skónum,“ útskýrir Emil, en Einar Örn stýrir útrás Serrano í Svíþjóð þar sem staðirnir fjórir hafa notið mikilla vinsælda.

Velgengni Serrano hefur verið með miklum ólíkindum frá því að Emil og Einar Örn opnuðu fyrsta staðinn fyrir níu árum. Serrano-staðirnir eru nú orðnir sex hér á landi og fjórir í Svíþjóð. Stefnt er að því að opna fjórða staði til viðbótar hér á landi á næstu tólf mánuðum. „Við erum hins vegar ekkert orðnir ógeðslega ríkir á þessu. Þegar hrunið varð vorum við bara það heppnir að við skulduðum nánast ekki neitt og okkar mottó hefur alltaf verið að eiga fyrir því sem við gerum,“ segir Emil. „Þetta er bæði vinnan okkar og áhugamál og við höfum ótrúlega gaman af þessu, sem er bara frábært.“ **freyrgigja@frettabladid.is**




**FÆRA ÚT KVÍARNAR**
Emil Helgi Lárusson og **Einar Örn Einarsson**, eigendur Serrano, ætla að opna nýjan stað, Nam, um mánaðamótin nóvember/desember. Staðurinn verður byggður upp á svipaðan hátt og Serrano nema að asísk matargerð verður í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sigríður gerist hrekkjusvín

„Ég er svo mikill adrenalínfíkill að þetta leggst bara vel í mig,“ segir leikkonan Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, sem þessa dagana situr með nefið ofan í handriti leikritsins Hrekkjusvínanna.

Sigríður hleypur í skarðið fyrir Tinnu Hrafnsdóttur í leikritinu og tekur við strax eftir tvær vikur. Tinna er ólétt af tvíburum og er kúlan því farin að setja sitt mark á sýninguna. „Þetta er að gerast aðeins hraðar en ég hélt enda tvö börn og það er ekki hægt að leika sex ára barn með stækkandi kúlu lengi,“ segir Tinna, sem ætlar að leika í næstu tveimur sýningum en síðan tekur Sigríður við.

Sigríður fór á sínum tíma í prufur fyrir hlutverk í leikritinu og var því mjög glöð þegar María Reyndal leikstjóri hafði samband við hana í síðustu viku. „Ég fór á frumsýninguna og skemmti mér mjög vel. Stóð meira segja upp í lokin og klappaði,“ segir Sigríður sem fékk síðan að sitja rennsli um helgina og hlakkar mikið til að vera hluti af leikhópnum. Sigríður sýnir þessa dagana Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum og ætlar að púsla þessu tvennu saman í vetur.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi voru ákveðnir hnökrar í frumsýningunni í kjölfarið á rafmagnsleysi af völdum eldingar. „Við sluppum sem betur fer við frekari hrekki af himnum ofan um helgina og erum búin að stytta og þétta sýninguna síðan þá. Hljóðið er núna í fullkomnu lagi,“ segir Tinna, sem á von á sér í lok febrúar. **- áp**



**HLEYPUR Í SKARÐIÐ FYRIR TINNU**
Leikkonan Sigríður Eyrún Friðriksdóttir kemur í staðinn fyrir Tinnu Hrafnsdóttur í leikritinu Hrekkjusvínum, en Tinna verður að draga sig í hlé vegna óléttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

*Opið til 19:00 mánudag-laugardags*



**Sokkabuxur**
á krakka stærðir 1 árs til 7 ára
margir litir
Verð 699,-

## klink-kaup! Ódýrt og gott í Gula Húsinu



**Þægilegustu vettlingar í heimi**
Verð 299,-



**Kósí sokkar**
Verð 699,-



**Barnahúfur**
Verð 799,-



**Dömusokkar**
10 í pakka
Verð 1.899,-



**Þægilegustu vettlingar í heimi á börn**
Verð 299,-



**Hárspennur**
12 í pakka
Verð 199,-




**Hárspennur**
Verð 199,-



**Hárspennur**
Verð 199,-



**Flísfóðruð ullarhúfa og vettlingar saman**
Verð 999,-



**Boxer nærbuxur**
stærðir Small-X-Large
Verð 1.999,-



**Herðatré**
3 í pakka
Verð 299,-



**Klinkbuddur**
Verð 199,-




**Þvottaklemmur**
24 í pakka
Verð 199,-



**Límband**
og 2 auka rúllur
Verð 199,-



**Fatarúlla**
ásamt tveim auka rúllum
Verð 199,-



**Filttappar**
48 stk
Verð 199,-



**Regnbogakerti**
Verð 300,-



**Microfiber klútar**
**5 í pakka**
Verð 499,-



**Rykkústur**
Verð 299,-



**Kústur og fægiskófla**
Verð 199,-

**Sími 534 4451**
**Finndu okkur á facebook.**

**Opið frá kl. 11–19 frá mánudag-laugardags**
**Opið frá kl. 12–17 sunnudag**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

# FRÉTTIR AF FÓLKI

## Frægir flykkjast á Björk

Björk Guðmundsdóttir sér um að fylla Hörpu kvöld eftir kvöld þessa dagana þegar hún flytur nýjustu afurð sína, Biophilia, við mikinn fögnuð. Þó að stór hluti áhorfenda sé erlendir aðdáendur söngkonunnar mátti greina nokkur fræg íslensk andlit meðal þeirra á þriðjudagskvöldið. Tónlistarmenn á borð við Friðrik Ómar söngvara, Orra Pál Dýrason, trommara í Sigur Rós, og **Eyþór Arnalds,** fyrrum meðlim Todmobile, voru í salnum. Einnig mátti sjá fulltrúa úr leikarastéttinni, en Alexander Briem var mættur ásamt móður sinni, rithöfundinum og þáttagerðarkonunni á RÚV, Sigríði Pétursdóttur. Einnig var Heiða í Nikita mætt ásamt starfsmönnum fyrirtækisins, sem gerðu sér glaðan dag.



**- áp**

## Helgi æfir sig á flautu

Sjónvarpsstjarnan **Helgi Seljan** bregður sér í nýtt hlutverk á laugardagskvöld, þegar hann tekur að sér að vera kynnir í fullorðinssirkus Sirkuss Íslands á skemmtistaðnum Bakkusi, eins konar kabarettsirkus með léttklæddum þátttakendum. Helgi ku ætla að bregða talsvert á leik á viðburðinum. Hann hefur meðal annars orðið sér úti um forláta sleðaflautu og æft sig stíft í flautuleiknum á vinnustað sínum í Efstaleiti. Þá mun hann ætla að sýna á sér nýja hlið í flóknu fimleikaatriði. **- sh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Viðbúnaðarstig á Reykjavíkurflugvelli
2. Maður festir snjallsíma í gervilim
3. Fylgdarþjónusta notar myndir af Ásdísi Rán
4. Andy Rooney á spítala
5. Nokia kynnir Lumia 800

BOOO!
Hrekkjavaka nálgast!
Hræðilegt úrval af hryllilegum vörum
Komdu ef þú þorir!
Opið til kl 20.00
PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534
www.partybudin.is




ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari

